

**SKOÐUN** Stjórnvöld eru helsta ógn Vinnslustöðvarinnar, skrifar Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson **16**



**MENNING** Simon Cramer Larsen krýnir arftaka sinn í Draggkeppni Íslands í kvöld. **34**



**SPORT** Alfreð Finnbogason byrjaði leiktíðina á draumaleik og segir að slúður um stærri félög kitli egóið. **30**


**Takk fyrir meiriháttar WOW moment!**

Þú getur ennþá **sent inn** þín **moment** og unnið flugmiða með **WOW**.

WOW MOMENT



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
**7. ágúst 2013**
183. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Lagasmiður smíðar hús

Tónlistarmaðurinn Einar Tönsberg, betur þekktur sem Eberg, kunni varla að beita hamri og sög þegar hann ákvað að reisa sér og fjölskyldu sinni heimili í Hvalfirði **8**

**Slys án mengunar** Bátur í eigu útgerðarfélagsins Lotnu sökk í Flateyrarhöfn á laugardag. **2**

**Afgreiðslufólk lækkar** Afgreiðslufólk er eina starfsstéttin í verslun á Íslandi sem lækkar í launum á milli ára. **2**

**Óttast fleiri réttarhöld** Mikhaíl Kodorkovskí óttast að rússnesk stjórnvöld muni standa fyrir fleiri pólitískum réttarhöldum. **6**




**16**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | | S | 8 |
| Akureyri | 16° | | S | 4 |
| Egilsstaðir | 16° | | SV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | SA | 4 |
| Reykjavík | 13° | | SA | 8 |

**VAXANDI SA-ÁTT** og fer að rigna um S- og V-vert landið en hægari suðlæg átt og léttir til NA-lands. Hiti 10-17 stig, mildast NA-til. **4**

**2 SÉRBLÖÐ**

**Minningarblað um Jóhannes | Fólk**




# Kríuvarp aldrei verra og ungar deyja úr hor

Kríuvarp hefur nær alveg misfarist á Suður- og Vesturlandi í ár. Tíðindin af varpi í Flatey eru með þeim svörtustu síðan rannsóknir hófust fyrir fjörutíu árum.

Kríuvarp hefur aldrei verið verra á Íslandi. Það hefur nær algjörlega misfarist á Suður- og Vesturlandi í sumar og svartari tíðindi hafa ekki borist af varpinu í Flatey frá því að rannsóknir hófust.

Ævar Petersen fuglafræðingur er nýkominn úr sinni árvissu rannsókn í Flatey. „Það virðist bara ekki vera nóg æti til að gefa ungunum,“ segir hann.

Þórir Níels Kjartansson, sem fylgst hefur með kríuvarpi við Vík í áratugi, sóttast að saga varpsins þar sé á enda komin. Þar sé lítið æti að hafa og við bætist aukin ásókn eggja- og ungaræningja, svo sem sílamáfs, hettumáfs og tófu.

Við Þorlákshöfn virðist krían hafa gefist upp á varpi þriðja árið í röð og horfið á braut.

**- jse /** **sjá síðu 4**

> **Krían hefur verið að færa þeim hrognkelsaseiði í örvæntingu sinni en ungarnir koma því náttúrulega ekki niður.**
>
> *Ævar Petersen fuglafræðingur*



Mikil mildi að ekki fór verr:

## Flugmaðurinn slapp óbrotinn

**SLYS** Flugmaðurinn sem lifði af flugslysið á Akureyri í fyrradag er óbrotinn og slapp við innvortis blæðingar. Hann verður að öllum líkindum útskrifaður af Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri í dag.

Rauði krossinn hefur staðið fyrir áfallahjálp síðan slysið varð. „Það var mikil óvissa þessar mínútur eftir slysið, þetta er lítið samfélag þar sem allir þekkja til og tengjast á einhvern hátt,“ sagði Guðný Björnsdóttir, verkefnastýra Rauða krossins á Norðurlandi.

„Þegar ljóst var hvernig farið hefði tók svo við annað ferli. Þetta var hræðilegt slys en það er mikil mildi að ekki fór verr.“

**- þþo /** **sjá síðu 2**



**FJÖR Í BÚÐUNUM** „Hér gerum við allt sem er skemmtilegt og látum ekkert stöðva okkur,“ segir María Lind Sigurðardóttir, starfsmaður Reykjadals, sumarbúða Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Í gær fleygði hún sér í laugina ásamt nöfnu sinni, Maríu Sverrisdóttur, 15 ára, í tilefni af síðasta degi sumarstarfsins. „Mesta sportið er að fá að stríða fóstrunum, henda þeim út í laug og þess háttar,“ segir María Lind og hlær. „Maríu fannst þetta rosalega gaman. Hún vildi hoppa aftur og aftur.“ **-nej**


**Suðrænir sagnatöfrar**




www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu


Tveir Íslendingar dæmdir í tíu ára fangelsi fyrir fíkniefnasmygl til Danmerkur:

# Annað og meira en burðardýr

**DÓMSMÁL** Tveir Íslendingar, Heimir Sigurðsson og Sturla Þórhallsson, voru í gær dæmdir í tíu ára fangelsi fyrir þátttöku sína í stóra amfetamínmálinu í Danmörku sem upp komst í fyrra.

Tiltók dómarinn við dómsúrskurðinn að ljóst mætti þykja að þeir stæðu höfuðpaurnum í málinu, Guðmundi Inga Þóroddssyni, nær en venjuleg burðardýr. Mennirnir játuðu báðir fyrir dómi.

Málið varðar innflutning á um 70 kílóum af amfetamíni til Danmerkur frá Hollandi. Annar mannanna, Heimir, sagði fyrir dómi að Guðmundur hefði boðið sér fé fyrir að fara í eina smyglferð og keyra á undan bílnum með amfetamínið til að sannreyna hvort tollgæsla væri við landamærin. Hinn maðurinn, Sturla, sagðist aðeins hafa fengið fyrirmæli um að keyra til Hollands og þar myndi hann fá tösku.

**- fg /** **sjá síðu 10**

> **Hann [Guðmundur Þóroddsson] sagði bara að ég ætti að keyra til Hollands, ég myndi fá tösku.**
>
> *Sturla Þórhallsson, dæmdur fíkniefnasmyglari*


OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla



Iceland

**60 ný kort** í mælikvarðanum **1: 300 000**

**2013** 14. útgáfa




www.forlagid.is

## SPURNING DAGSINS



Eva, eru fordómar ekki bara öfugmælavísur?

**„Jú, og það mætti alveg hýrna yfir þeim fordómafullu.“**

Eva María Þórarinsdóttir Lange er formaður Hinsegin daga í Reykjavík sem hófust í vikunni og ná hámarki með Gay pride-göngunni á laugardag.

Afgreiðslufólk á kassa lækkaði um 2,34 prósent í launum milli ára á meðan laun annarra hækkuðu:

# Aðeins afgreiðslufólk lækkar í launum

**KJARAMÁL** Lægst launaða starfstétt verslunar er afgreiðslufólk á kassa, samkvæmt launakönnun Verslunarmannafélags Reykjavíkur (VR) fyrir árið 2012. Afgreiðslufólk á kassa er einnig eina stéttin sem lækkað hefur í launum að raunvirði á milli ára. Vakin er athygli á þessari launaþróun í Árbók verslunarinnar 2013 en þar er farið yfir laun verslunarfólks.

Heildarlaun starfsfólks á kassa í verslun á mánuði voru að meðaltali um 260 þúsund krónur árið 2011. Launin voru hins vegar 4.000 krónum lægri árið á eftir, eða um 254 þúsund krónur. Á sama tíma hafa allar aðrar starfstéttir verslunar hækkað í launum.

Elías Magnússon, vaktstjóri kjaramála hjá VR, segir að tölurnar gefi ekki vísbendingu um brot á kjarasamningum. „Það eru mun færri starfsmenn í verslunum sem vinna meira en 170 tíma á mánuði og yfirvinna hefur verið að minnka,“ segir Elías.

Elías telur að helstu ástæður fyrir þessari launalækkun séu fyrst og fremst að vinnutíminn hafi verið að styttast og að starfsfólk á kassa sé að yngjast. „Það er auðveldara að skipta út fólki sem vinnur á kassa til þess að minnka yfirvinnu og erfiðara að skipta fólki út sem er í sérhæfðum verslunarstörfum,“ bætir Elías við. - le



**KASSAFÓLK SKILIÐ EFTIR** Afgreiðslufólk á kassa er eina stétt verslunar sem lækkað hefur í launum frá árinu 2011 til 2012.



**HEILLAÓSKIR** Helgi Sveinsson spjótkastari ásamt Jóni Gnarr borgarstjóra við móttökuna í Höfða í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Efnt var til móttöku í gær í Höfða í tilefni af góðum árangri:

## Helga færðar hamingjuóskir

**ÍÞRÓTTIR Reykjavíkurborg efndi í gær til heiðursmóttöku fyrir Helga Sveinsson, nýkrýndan heimsmeistara í spjótkasti. Hann hlaut titilinn á heimsmeistaramóti fatlaðra sem fór fram í Lyon í Frakklandi dagana 19. til 28. júlí síðastliðinn. Sló Helgi með 50,98 kasti sínu bæði Íslandsmetið og 15 ára gamalt heimsmeistaramótsmet. Voru Helga og þjálfurum hans færðar hamingjuóskir og blómvendir vegna þess glæsilega árangurs sem heimsmeistarinn náði.** -nej

# Er óbrotinn og slapp við innvortis meiðsli

Flugmaðurinn sem komst lífs af úr flugslysinu á Akureyri verður líklega útskrifaður af spítala í dag. Hann ræddi við samstarfsmenn sína hjá Mýflugi í gær. Rannsókn á vettvangi slyssins við Hlíðarfjall lauk í gær. Enginn svartur kassi var í flugvélinni.

**SLYS** Flugmaðurinn sem lifði af flugslysið á Akureyri í fyrradag er óbrotinn og slapp við innvortis blæðingar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er líðan hans stöðug og líklegt er að hann verði útskrifaður af Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri í dag.

Starfsmenn Mýflugs hittu í gær samstarfsmenn sína hjá Slökkviliði Akureyrar, auk þess sem þeir ræddu við manninn sem lifði brotlendinguna af.

Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, segir að rannsókn slyssins sé enn á frumstigi en að vettvangsrannsókn hafi lokið í gær. „Núna vinnum við að því að fara í gegnum þau gögn sem við höfum ásamt því að halda áfram að safna öllum mögulegum upplýsingum um flugið, bæði frá þeim sem að því koma og sjónarvottum,“ segir Daníel og bætir því við slík rannsókn sé margra mánaða ferli.

Í flugvélinni var ekki svokallaður svartur kassi, en slíkur búnaður getur auðveldað rannsóknir flugslysa til muna. Ekki er skylda að hafa svarta kassa í vél af þessari stærð.

Rauði krossinn opnaði fjöldahjálparstöð í Glerárkirkju skömmu eftir slysið þar sem hátt í 70 manns leituðu sér aðstoðar. Í gær var sama þjónusta í boði fram á kvöld í húsnæði deildarinnar á Akureyri. Þangað kom enginn til að leita sér áfallahjálpar í gær en nokkrir höfðu samband símleiðis.

Guðný Björnsdóttir, verkefnastýra hjá Rauða krossinum, segir aðgerðina þá stærstu í fjölda ára og að þjónustan verði í boði eins lengi og þarf. „Það var mikil óvissa þessar mínútur eftir slysið, þetta er lítið samfélag þar sem allir þekkja til og tengjast á einhvern hátt. Þegar ljóst var hvernig farið hefði tók svo við annað ferli. Þetta var hræðilegt slys en það er mikil mildi að ekki fór verr.“

Mannanna sem létust í flugslysinu verður minnst í opinni helgistund í Glerárkirkju í kvöld. Allir eru velkomnir til helgistundarinnar sem hefst klukkan átta. thorhildur@365.is



**A VETTVANGI** Brak úr flugvélinni dreifðist um stórt svæði á og í kringum kappakstursbraut Bílaklúbbs Akureyrar. MYND/BALDVIN ÞEYR

**„Það var mikil óvissa þessar mínútur eftir slysið, þetta er lítið samfélag þar sem allir þekkja til og tengjast á einhvern hátt**

*Guðný Björnsdóttir, verkefnastýra hjá Rauða krossinum*

## Nöfn hinna látnu

Mennirnir tveir sem létust í flugslysinu í gær hétu Páll Steindór Steindórsson, flugstjóri, til heimilis að Pílutúni 2 á Akureyri, og Pétur Róbert Tryggvason, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður, til heimilis að Rútsstöðum 2 í Eyjafjarðasveit. Páll var 46 ára og lætur eftir sig sambýliskonu og tvær dætur. Pétur var 35 ára gamall, ókvæntur og lætur eftir sig tvö börn.



**PÁLL STEINDÓR STEINDÓRSSON**

Vilja ekki selja hvalkjöt:

## 54 staðir styðja hvalaskoðun

**UMHVERFISMÁL** Hvalaskoðunarsamtök Íslands og IFAW-samtökin hafa hafið átak í samvinnu við hótel og veitingastaði sem hafa þá yfirlýstu stefnu að selja ekki hvalkjöt.

Límmiðar, sem á stendur Whale friendly, eru nú við aðalinnganga 54 veitingastaða allt frá Keflavík til Húsavíkur. Með límmiðanum lýsa staðirnir yfir stuðningi við hvalaskoðun á Íslandi. Fyrsti staðurinn til þess að skarta slíkum límmiða var Slippbar Marina-hótelsins. -nej

Rauði krossinn vill bara föt:

## Húsgögn og sorp skilið eftir

**SAMFÉLAGSMÁL** Sorp og húsgögn hafa verið meðal þess sem skilið hefur verið eftir fyrir utan gáma Rauða krossins á Smiðjuvöllum, sem aðeins eru ætlaðir fyrir fatnað.

Starfsfólk Rauða krossins sagðist í samtali við Víkurfréttir hafa áhyggjur af þessari þróun. Samtökin segjast þakklát fyrir þann fatnað sem safnast en að of algengt sé að skilin séu eftir ónýt húsgögn, raftæki, jarðvegsafgangar og fleira. -nej


MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA




REYKJAVÍK, Bíldshöfða 9, Funahöfða 13
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngási 13
www.bilanaust.is

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!


Fiskvinnslu-og útgerðarfyrirtækið Lotna vinnur að því að ná bát úr höfninni:

# Bátur Lotnu sokkinn á Flateyri

**SJÁVARÚTVEGUR** Bátur fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækisins Lotnu á Flateyri sökk á laugardag þar sem hann var staðsettur í höfninni. Fyrirtækið var nýverið tímabundið svipt byggðakvóta.

„Það var engin mengun eða neitt þar sem allir olíutankar voru tómir,“ segir Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Hann segir engan vafa leika á því að eigendur bátsins beri ábyrgð á því að ná honum upp úr höfninni. „Þeir hafa fullvissað mig um að þeir ætli að ná honum upp,“ fullyrðir Guðmundur. Að hans sögn hófst undirbúningur við það strax í gær en báturinn hefur verið í höfninni í um tvö ár. „Þeir hafa eitthvað verið að róa á honum,“ telur Guðmundur.

Hann segir það geta orðið erfitt að ná bátum upp þegar þeir sökkva. „En hann næst upp,“ segir hann fullviss og segir ýmsar aðgerðir tækar til þess. -nej



**SOKKINN** Hafnarstjóri segir gamla báta í höfnum stundum gleymast og sökkva. FRÉTTABLAÐIÐ/MARÍA LILJA

# 20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum







**CLASSIC - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**

**DRAUMEY**
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**

**ROYAL - rafstillanlegt**
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

**Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!**




## LAGERHREINSUN
### Á ARINELDSTÆÐUM







**EINUNGIS 3 VERÐ!**

**19.900,-**

**29.900,-**

**39.900,-**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## SVONA ERUM VIÐ



**1,7 milljónir er verðmæti þeirrar vöru sem við fluttum út til Arúba á fyrsta helmingi þessa árs.**

Ef Fréttablaðinu reiknast rétt til munu það vera um 2,3 milljónir arúbanskar flórínur. Arúba er eyja í suðurhluta Karíbahafs, rétt undan ströndum Venesúela, og heyrir undir stjórn Hollendinga.

Stuðningsmenn Morsis, fyrrverandi Egyptalandsforseta, neita ásökunum um pyntingar og morð:

# Tugur líka pyntaðra manna finnst í Kaíró

**EGYPTALAND, AP** Um tugur líka hefur fundist í Kaíró nálægt stöðum þar sem fram fara sitjandi fjöldamótmæli stuðningsmanna fyrrverandi forseta Egyptalands, Mohammeds Morsi. Í fjölmiðlum eru stuðningsmennirnir ásakaðir um að hafa myrt andstæðinga sína.

Amnesty International í London kveðst hafa vitnisburð sjónarvotta fyrir því að stuðningsmenn Morsis hafi pyntað andstæðinga sína.

Stuðningsmennirnir neita því að hafa pyntað nokkurn mann. Engar myndbandsupptökur hafi náðst af pyntingum eða árásum stuðningsmannanna. Í fjölmiðlum hafa birst annars konar ásakanir á hendur mótmælendunum, að þeir séu ekki raunverulegir Egyptar og að þeir séu upp til hópa börn sem safnað hafi verið saman frá munaðarleysingjahælum.

Af þessum ástæðum eiga margir erfitt með að treysta ásökunum um pyntingar og morð þar sem þær virðast vera liður í beinni áróðursstarfsemi.

En þó leggja andstæðingar Morsis, sem eru í miklum meirihluta í Kaíró, trúnað á ásakanirnar en mannréttindahópar á borð við Amnesty segja sterk sönnunargögn liggja fyrir. Hefur það valdið því að enn meiri þrýstingur er á stjórnvöld að tvístra hópum stuðningsmanna Morsis sem stunda sitjandi mótmæli. -nej



**BLÓÐUG ÁTÖK** Stuðningsmaður Morsi blóðugur eftir átök við löggæslumenn sem hefur verið fyrirskipað að tvístra sitjandi mótmælum stuðningsmanna. MYND/AP

Friðrik sást síðast í Paragvæ:

# Interpol lýsir eftir Friðrik

**LÖGREGLUMÁL Alþjóðalögreglan Interpol hefur nú lýst eftir Friðriki Kristjánssyni. Hans hefur verið saknað síðan í apríl en samkvæmt upplýsingum Interpol sást síðast til hans í Paragvæ.**



FRIÐRIK KRISTJÁNSSON

**Lögreglan hér á landi lýsti eftir Friðriki í byrjun júlí en bað Interpol um aðstoð strax í apríl. Eftirgrennslan bar þó ekki árangur.**

**Margar sögusagnir hafa verið uppi um afdrif Friðriks en engin fótur virðist vera fyrir þeim. Lögreglan segist aðeins lýsa eftir Friðriki og er málið ekki skoðað sem sakamál.** -nej

Bush með stíflaða slagæð:

# Gekkst undir hjartaaðgerð

**BANDARÍKIN** George W. Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, gekkst undir hjartaaðgerð á sjúkrahúsi í Dallas í gær þar sem læknar lagfærðu stíflaða slagæð. Stíflan uppgötvaðist á mánudaginn.



GEORGE W. BUSH

Í tilkynningu frá skrifstofu forsetans fyrrverandi kemur fram að aðgerðin hafi heppnast vel og að hann hlakki til að snúa aftur til starfa.

Bush, sem er 67 ára gamall, verður útskrifaður af sjúkrahúsinu í dag. Hann er búsettur í Dallas ásamt eiginkonu sinni Lauru. Hann hefur haldið sig fjarri kastljósi fjölmiðla síðan hann lét af forsetaembætti árið 2009. - þþo

# Svört tíðindi af kríuvarpi

Á rúmum áratug hefur kríupörum fækkað um tvo þriðju í Flatey. Krían gefst upp á varpi í Þorlákshöfn og í Vík drepast ungar úr hor eða lenda í vargi. Færi loðnan sig norðar er varp flestra sjófugla hér á landi í mikilli hættu.

**DÝRALÍF** Kríuvarp á Suður- og Vesturlandi hefur nær alveg misfarist þetta sumarið. Í Vík í Mýrdal hefur ungi ekki sést á flugi og í Þorlákshöfn hefur krían gefist upp á varpinu þriðja árið í röð. Svipaða sögu er að segja frá Breiðafirði.

Ævar Petersen fuglafræðingur var að koma úr sinni árvissu rannsóknarferð í Flatey á Breiðafirði og eru tíðindin þaðan af kríuvarpi með þeim svörtustu síðan hann hóf rannsóknir þar fyrir fjörutíu árum. „Það virðist bara ekki vera nóg æti til að gefa ungunum,“ segir hann. „Þetta sést til dæmis á því að krían hefur verið að færa þeim hrognkelsaseiði í örvæntingu sinni en ungarnir koma því náttúrlega ekki niður.“



ÆVAR PETERSEN

Íbúar og dvalargestir í Flatey hafa ekki farið varhluta af þessum óförum kríunnar og því brugðið á það ráð að gefa henni fiskmeti og brauð. „Hún er eiginlega orðinn heimilisgestur um leið,“ segir Magnús Jónsson, bóndi í Flatey. Erfitt er að henda reiður á fjölda sjófugla á svo stórum vörpum eins og í Flatey en Ævar segir að fyrir um rúmum áratug hafi um þrjú þúsund kríupör orpið í Flatey. Hann telur að þau séu á bilinu 500 til eitt þúsund í ár.

Fyrir norðan land hefur þó varp sjófugla verið með ágætum, enda kemst fuglinn þar í loðnu sem bjargar málunum meðan sandsílastofninn er í slíkri lægð. Ævar segir að ef henni væri ekki fyrir að fara væri ástandið á landinu öllu skelfilegt. „Ef loðnan færir sig svo langt norður að fuglinn kemst ekki í hana, ja, þá erum við eiginlega skák og mát,“ segir hann.

Þórir Níels Kjartansson, sem fylgst hefur með kríuvarpi í áratugi í Vík, segir að þar hafi hann ekki séð einn einasta unga komast á flug. Hann segir að varpið þar hafi verið talið það stærsta í Evrópu árið 1980 en tíu árum síðar hafi byrjað að halla undan fæti. „Þetta vandamál er því mun eldra en flestir halda í dag,“ segir hann. „Ofan á ætisvandamálið bætist svo við aukin ásókn eggja- og ungaræningja, svo sem sílamáfs, hettumáfs og tófu.“

Hann óttast að saga varpsins í úthverfi Víkur, sem hófst eftir að græddur var upp svartur fjörusandur sem var þar fyrir 1970, sé nú að enda komin. „Krían er sá sjófugl sem er hvað síst fastheldinn á varpstaðinn,“ segir hann.

Sigurlaug Gröndal, sem býr við sjávarsíðuna í Þorlákshöfn, segir að krían þar hafi gefist upp þriðja árið í röð og sé nú þegar horfin á braut.

jse@frettabladid.is



**HART Í ÁRI HJÁ HUNGRUÐUM UNGUM** Það er ekki bjart fram undan hjá þessum unga í Vík. Mestar líkur eru á því að hann verði ræningjum eða hungri að bráð. MYND/ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON

## Af sjófuglum

- Kría og lundi geta orðið 30 til 40 ára.
- Sjófuglar eru mjög fastheldnir á varpstaði. Ekki er líklegt að lundi sem verpir eitt árið í Vestmannaeyjum færi sig það næsta norður til Grímseyjar.
- Krían er ekki jafn íhaldssöm í þessum efnum. Hún á það til að færa sig ef illa gengur.
- Settur var ljósriti, sem kortleggur ferðir fugla, á kríu sem fannst í Flatey. Þegar skammdegið gekk í garð á Íslandi dvaldi hún í sumarblíðu á Weddell-hafinu við Suðurheimsskautið.

Dansaðu þig í form!



**Fjölbreyttir tímar** þar sem bæði er dansað ZUMBA Fitness og ZUMBA Toning. Einföld og skemmtileg dansspor.

- **Hefst 13. ágúst**
- **Þri. og fim. kl. 16:30**
- **Þjálfari: Hjördís Zebitz**
- **Verð kr. 13.900.-**

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**BEST NORÐAUSTANLANDS** Það verður heldur hvasst um sunnan og vestanvert landið í dag og fram eftir morgundaginn. Mikil rigining um tíma einkum sunnanlands. Léttir til norðaustantil í dag en þar verður einnig mildast næstu daga.




**Á morgun**
10-18 m/s S- og V-til, annars hægari.




**Föstudagur**
Dregur úr vindi.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 33° | Billund | 25° | Gautaborg | 24° | London | 23° | Orlando | 31° | San Francisco | 17° |
| Basel | 27° | Frankfurt | 27° | Kaupmannahöfn | 24° | Mallorca | 30° | Ósló | 24° | Stokkhólmur | 25° |
| Berlín | 31° | Friedrichshafen | 31° | Las Palmas | 27° | New York | 25° | París | 26° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# AEG

**L-60460FL Þvottavél**
Afar vönduð heimilisvél frá AEG, hlaðin þægindum og tækni morgundagsins.
- **1400 snúninga** stillanlegur vinduhraði.
- **14 þvottakerfi** þ.á.m. **30 mínútna hraðkerfi**, ullarkerfi og handþvottur.
- 0-19 klst **framstillt ræsing.**
- **TimeSave** - sparaðu allt að 50% tíma.
- Mishleðsluskynjun og AquaControl vatnslekavörn.
- Hljóðlát, aðeins 59 dB(A) í þvotti.
- Mörg sérkerfi s.s. Ull Plus kerfi og handþvottur.
- **A++/A/B orkunýtni, þvottagæði og vinda.**
- Fullt verð kr. **139.900.**




# AEG

**T-61270AC Barkalaus þurrkari**
Flottur barkalaus þurrkari **með rakaskynjara** og 14 mismunandi þurrkerfum ásamt tímaskjá.
- Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara.
- **LED upplýsingaskjár** með rauntíma.
- **Mörg sérkerfi** t.d. fyrir ull, sængur, gallabuxur.
- Niðurkæling og krumpuvörn.
- **XL lúga** - þægilegur í notkun.
- Orkuflokkur B
- Fullt verð kr. **137.900.**

# Electrolux

**ESF-6510LOW/LOX Uppþvottavél**
Afbragðs góð Electrolux uppþvottavél með A+/A/A einkunn fyrir orku, þvott og þurrkun.
- **6 þvottakerfi** þ.á.m. sjálfvirkt kerfi, sparnaðar- og erfiðiskerfi ásamt skolun
- **2 hraðkerfi** 30 mínútur og 60 mínútur
- Val um hitastig 50/60/70°C og Auto.
- **Snertitakkar.**
- **Skjár** sem sýnir tímalengd kerfis.
- **Framstillt ræsing** möguleg 1-24 klst.
- MultiTab val fyrir uppþvottatöflur.
- Vönduð innrétting.
- **Hljóðlát, 47 dB(A).**
- EnergySmart óhreinleikaskynjari.
- HxBxD: 81,8-88 x 59,6 x 59 cm.







## ELDHÚS- & BAÐVOGIR
# 40% AFSLÁTTUR



# VERÐ PRESSAN




# Electrolux

**EN-3400AOW/AOX Kæli- og frystiskápur**
- Rúmmál kælis 226 lítrar og 92 lítra frystir.
- Orkuflokkur A+.
- HxBxD: 175 x 59,5 x 62 cm.
- Fullt verð kr. 129.900 / 139.900

# exquisit

**EH-5604 Eldavél**
50 cm breið eldavél með 57 lítra ofni og 4 hellum.
- Ofn með undir- og yfirhita.
- 4 hellur þ.á.m. 2000W hraðsuðuhella.
- Orkuflokkur A.
- HxBxD: 85 x 50 x 60 cm.
- Fullt verð kr. **79.900.**







# Electrolux

**ZEO-5410 Ryksuga**
Öflug og góð heimilisryksuga með 1800W mótor og stillanlegum sogkrafti.
- 3 lítra **S-Bag** **örtrefja** poki.
- Stillanlegur sogkraftur.
- **Air Clean II öragnasía**
- Hægræsing, sprengir ekki öryggið.
- Vinnuradíus 8 metrar.
- Fullt verð kr. **19.990**

# BOSCH

**MUM-4825 Hrærivél**
Kraftmikil hrærivél með **600W** Multio Motion Drive mótor, 4 hraðastillingar og mörgum fylgihlutum.
- **Með grænmetisskera** og rifjárnum.
- Getur hnoðað allt að **2,7 kg af deigi.**
- Fullt verð kr. **29.990**







# Electrolux

**EOB-5851AOX Inspire ofn**
Afburða flottur **74 lítra** ofn **með kjöthitamæli,** snertiskjá og **útraganlegum brautum.** 11 eldunarkerfi og innbyggðar uppskriftir. Kæld hurð með fjórföldu gleri og **hæglokun.** Björt og góð lýsing. Svart gler og burstað kámfrítt stál að framanverðu. A-20% orkunotkun.
Fullt verð kr. **189.900**

# Electrolux

**EHF-16240XK Keramik helluborð**
Flott keramik helluborð með **HighLight hraðhellum** og snertitökkum.
- 4 hellur, þ.á.m. ein XXL 21 cm 2300W.
- Snertitakkar og **LED stjórnborð.**
- **Barnalæsing.**
- Stærð BxD: 57,6 x 51,6 cm
- Fullt verð kr. **89.900**







## FRJÁLST VAL - EITT VERÐ
# 2.990

# Rafha ehf

**Opið**
virka daga 9-18
laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

Kynningarverð gildir t.o.m. 24. ágúst

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Að hverju stefnir Senegalinn Karamba Diaby sem búsettur hefur verið í Þýskalandi í 27 ár?
**2.** Á hvaða íslenska veitingastað varð eldsvoði í vikunni?
**3.** Hvaða hátíð fer fram í ellefta sinn í næsta mánuði?

**SVÖR**

**1.** Að verða fyrsti þeldökki fulltrúinn á þýska þinginu. **2.** Saffran á Ártúnshöfða. **3.** Reykjavík Dance festival.

Jeff Bezos, stofnandi bókavefsins Amazon, kaupir Washington Post:

# Boðar nýjungar á dagblöðum

**BANDARÍKIN, AP** „Internetið er að breyta nánast öllum þáttum fréttaflutnings,“ sagði auðkýfingurinn Jeff Bezos eftir að hann hafði keypt bandaríska stórblaðið The Washington Post fyrir 250 milljónir Bandaríkjadala.

Bezos stofnaði á sínum tíma Amazon-bókavefinn og er þess nú beðið hvers konar nýjungar hann hyggst innleiða í rekstri þessa blaðs.

Sjálfur segir hann ekki hægt að skýra frá því fyrir fram hvaða leiðir verða farnar: „Við verðum að búa til nýjungar, sem þýðir að við þurfum að gera tilraunir.“

Graham-fjölskyldan, sem átt hefur The Washington Post, segist sannfærð um að Bezos muni verða blaðinu til góðs. Blaðamenn á þessu sögufræga dagblaði brugðust hins vegar við með ýmsum hætti. Sumir voru í hálfgerðu áfalli en aðrir fögnuðu.

„Mér sýnist valið á Jeff Bezos færa okkur nákvæmlega þá hugvitssemi og frumleika sem þarf til að endurvekja stórfenglega blaðamennsku,“ segir Carl Bernstein, sem ásamt félaga sínum Bob Woodward skrifaði um Watergate-hneykslið fyrir fjórum áratugum. - gb



**JEFFREY B. BEZOS** Kaupir The Washington Post í eigin nafni en ekki fyrir hönd Amazon-útgáfunnar.



**LOKAÐUR BÍLUM** Skólavörðustígurinn hefur verið lokaður bílum í sumar og verður það út ágúst. MYND/E.ÓL

Sumarlokun verður út ágúst:

## Lengra sumar á Skólavörðustíg

**SAMGÖNGUR** Skólavörðustígur verður áfram sumargata til 26. ágúst. Þetta samþykkti Jón Gnarr borgarstjóri í gær eftir að beiðni barst frá rekstraraðilum og íbúum við götuna. Upphaflega átti að opna götuna 6. ágúst. Sama gildir þó ekki um Laugaveginn, sem opnaður var fyrir umferð í gær.

„Þessi ósk frá hagsmunaaðilum sýnir að sumargötur hafa greinilega fallið í góðan jarðveg og okkar er ánægjan að verða við henni,“ segir Pálmi Freyr Randversson, borgarhönnuður hjá Reykjavíkurborg. -nej

Talibanaforingi í Afganistan:

## Vill semja en hvetur til árása

**AFGANISTAN, AP** Múlla Múhameð Ómar, leiðtogi talibana í Afganistan, segir að Bandaríkjamenn og stjórnvöld í Afganistan geti sjálfum sér um kennt að friðarumleitanir séu ekki lengra á veg komnar.

Í yfirlýsingu í gær sagði Ómar að talibanar væru tilbúnir til að halda áfram friðarviðræðum en um leið hvatti hann til árása gegn erlendum hermönnum í landinu.

Hvatti einnig til þess að liðsmenn afganskra öryggissveita réðust á útsendara stjórnvalda og alla þá Afgana sem hafa aðstoðað fjölþjóðlega herliðið undir stjórn Bandaríkjamanna. - þj



**MANNAGH-FLUGVÖLLUR** Flugvöllurinn er mikill missir fyrir stjórnarher Assads. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bardagar geisa í Sýrlandi:

## Uppreisnarlið tók flugvöll

**SÝRLAND, AP** Uppreisnarmenn í Sýrlandi náðu í gærmorgun á sitt vald Mannagh-flugvellinum í norðurhluta landsins. Þetta er nokkuð áfall fyrir stjórnarher Assads forseta, sem missir með þessu fótfestu á svæði þar sem bardagar hafa geisað lengi.

Stjórnarherinn hefur styrkt stöðu sína víða í landinu síðustu mánuði en uppreisnarmenn hafa síðustu daga hertekið fjögur þorp í heimahéraði Assads sjálfs við Miðjarðarhafsströnd landsins. - þj

# Kodorkovskí óttast að fleiri réttarhöld séu væntanleg

Hæstiréttur Rússlands hefur stytt fangelsisdóm Kodorkovskís og Lebedevs um tvo mánuði. Amnesty International hefur sagt þá vera samviskufanga en í síðustu viku sagði Mannréttindadómstóll Evrópu engin merki pólitískra ofsókna sjáanleg á fyrri réttarhöldunum. Hann á þó eftir að taka afstöðu til seinni réttarhaldanna.

**RÚSSLAND** Málaferli rússneskra stjórnvalda gegn auðkýfingunum Mikhaíl Kodorkovskí og Platon Lebedev hafa ítrekað verið sögð eitt augljósasta dæmið um pólitískar ofsóknir af hálfu Vladimírs Pútín forseta.

Pútín og félagar hans innan rússneska valdakerfisins eru sagðir hafa beitt réttarkerfinu á ósvífinn hátt til að losna við gagnrýnendur sína og andstæðinga. Kodorkovskí hafði verið óhræddur við að gagnrýna stjórn Pútíns fyrir spillingu. Hann hafði einnig gefið peninga í kosningasjóði annarra flokka en þeirra sem studdu Pútín.

Vorið 2010 lýstu mannréttindasamtökin Amnesty International því yfir að þeir Kodorkovskí og Lebedev væru samviskufangar, sem þýðir einfaldlega að þeir séu hafðir í fangelsi vegna skoðana sinna.

Það kom því mörgum nokkuð á óvart í síðustu viku að Mannréttindadómstóll Evrópu hefði ekki fundið nein merki þess að pólitískur þrýstingur hefði skipt sköpum um niðurstöðu dómsmálanna gegn Kodorkovskí og Lebedev.

Mannréttindadómstóllinn sagði það staðreynd að þeir Kodorkovskí og Lebedev hafi verið ákærðir fyrir alvarleg brot og „heilbrigður kjarni“ hafi verið í málsókninni allri, jafnvel þótt hvatir embættismanna hafi verið umdeilanlegar. Dómstóllinn gagnrýnir margt í framkvæmd réttarhaldanna en gerir ekki athugasemd við sakfellingu í málinu.

Mannréttindadómstóllinn tekur þó fram að þessi niðurstaða eigi einungis við um fyrri réttarhöldin, sem hófust árið 2003 og lauk 2005 með sakfellingu og átta ára fangelsisdómi.

Seinni réttarhöldin yfir þeim Kodorkovskí og Lebedev, sem stóðu yfir árin 2009 til 2010, hafa sætt meiri gagnrýni en fyrri réttarhöldin og eru enn til meðferðar hjá Mannréttindadómstólnum.

Í gær staðfesti Hæstiréttur Rússlands niðurstöðu seinni réttarhaldanna en stytti þó dóminn yfir þeim báðum um tvo mánuði.

Þeir Kodorkovskí og Lebedev eiga að losna úr fangelsi á næsta ári, eftir að hafa setið nærri ellefu ár inni. Í yfirlýsingu sem Kodorkovskí las upp við þinghald í Hæstarétti í gær sagðist hann þó óttast að þriðju réttarhöldin væru í uppsiglingu.

Hann notaði tækifærið og ítrekaði ásakanir sínar um að réttarhöldin væru pólitísk í eðli sínu og fordæmdi réttarfarið í Rússlandi.

„Allt réttarfar í landinu er smám saman að molna í sundur,“ sagði hann. „Almenningur talar um að ekkert traust sé borið til dómsvaldsins og málsmetandi fræðimenn um hrun réttarkerfisins.“

gudsteinn@frettabladid.is



**MIKHAÍL KODORKOVSKÍ** Les upp yfirlýsingu sína af sjónvarpsskjá við réttarhöldin í gær. NORDICPHOTOS/AFP

### Stiklað á stóru

**1963** Mikhaíl Kodorkovskí fæddur í Moskvu.

**1987** Stofnar Menatep-bankann.

**1991** Hrun Sovétríkjanna.

**1993** Handtekinn fyrir skattsvik og fjársvik.

**1994** Kodorkovskí kaupir áburðarfyrirtækið Apatit á uppboði.

**1995** Kaupir olíufélagið Yukos.

**2004** Fyrstu réttarhöldin hefjast.

**2005** Sakfelldur og dæmdur í átta ára fangelsi.

**2007** Yukos gjaldþrota.

**2009** Önnur réttarhöld hefjast.

**2010** Sakfelldur fyrir fjársvik og peningaþvætti. Dæmdur til þrettán ára fangavistar.

**2012** Dómurinn styttur í ellefu ára fangelsi.

**2013** Dómurinn styttur í tíu ára og tíu mánaða fangelsi.

Rannsókn á tildrögum bílslyssins þar sem tvær stúlkur létust stendur enn yfir:

# Banaslys á svipuðum slóðum á síðasta ári

**SAMGÖNGUR** Rannsókn á tildrögum banaslyssins sem varð tveimur unglingsstúlkum að bana á Suðurlandsvegi á sunnudag stendur yfir að sögn rannsóknardeildar lögreglunnar á Selfossi. Í gær stóð til að yfirheyra þau sem komust lífs af. Þau eru alvarlega slösuð en ekki í lífshættu.

Slysið átti sér stað við góðar aðstæður, á beinum nýlögðum vegakafla rúmum 40 kílómetrum austan við Vík í Mýrdal. Annað banaslys átti sér stað á svipuðum slóðum í apríl í fyrra þar sem erlendur ferðamaður lést.

Elís Kjartansson, lögreglufulltrúi á rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að slysið í fyrra hafi verið á sömu slóðum, við svipaðar aðstæður, en þó sé enn verið að rannsaka atvik helgarinnar.

„Þetta er mjög keimlíkt. Það er einn bíll á veginum sem fer út af veginum, beinn og góður vegur þarna. Slysið í fyrra varð með þeim hætti að bíllinn fór út í möl í vegarkanti og svo var honum kippt snöggt inn á með þeim afleiðingum að bíllinn fór út af hinum megin.“

Klæðningin á veginum er ekki tvíbreið en Elís segir ekkert benda til þess að aðstæðum sé beinlínis um að kenna heldur vilji oft til við góðar aðstæður að ökumenn verði of værukærir.

Stúlkurnar sem létust köstuðust út úr bílnum og er talið að þær hafi ekki verið í öryggisbelti, en það sama gildir um ferðamanninn sem lést í fyrra. Elís segir að notkun bílbelta sé lykilatriði í málum sem þessum. - þj




**SUÐURLANDIÐ** Á þessu korti má sjá hvar bíllinn fór út af veginum, skammt austan við Meðallandsveg.




Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM

Stóru svæði í miðborg Kaupmannahafnar lokað vegna gruns um sprengju:

# Reyndist vera vísindatilraun

**DANMÖRK** Svíinn Dan Zethraeus telur sig langt kominn með að finna upp leið til þess að láta bifreið framleiða rafmagn á sjálfa sig á meðan henni er ekið.

Útbúnaðurinn í bifreið hans vakti hins vegar ugg vegfaranda, þar sem hann gekk fram á bifreiðina í bílageymslu í miðborg Kaupmannahafnar í gærmorgun. Hann lét lögregluna vita og brugðist var skjótt við. Stórt svæði í kringum Kóngsins nýjatorg var rýmt og afgirt á meðan kannað var hvort í bifreiðinni væri sprengja. Svo reyndist ekki vera. Þegar Zethraeus frétti af viðbúnaðinum hafði hann samband við lögreglu og útskýrði málið. Ekki er talið að hann verði ákærður en hann ætlar ótrauður að halda áfram tilraunum sínum.

„Þetta er rafmagnsbíll framtíðarinnar, sem hleður bílinn á meðan maður keyrir,“ er haft eftir Zethraeus á vef danska ríkisútvarpsins, dr.dk. „En vegna þess að þetta er uppfinning sem fleiri hafa unnið að, þá get ég ekki upplýst meira.“ - gb



**VIÐBÚNAÐUR** Lögregla rýmdi og lokaði stóru svæði í kringum Kóngsins nýjatorg. NORDICPHOTOS/AFP



**HJÚIN FYRIR UTAN BÆINN** Fingurnir á Einari geta fleira en að plokka strengi. Hann hefur nú reist fjölskyldunni ból sem hann er nú að stækka. Næsta skref segir hann að fá sér landnámshænur en hann hefur þegar gengið frá slíkum kaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lagasmiður smíðar sér hús í sveitinni

Einar Tönsberg kunni vart að negla nagla þegar hann ákvað að reisa hús með eigin höndum í Hvalfirði. Hann fékk bakþanka þegar timbrið kom en hann var þrjá daga að taka það úr gámi. „Svona gerðu menn þetta í gamla daga,“ segir hann.

**SAMFÉLAGSMÁL** Tónlistarmaðurinn Einar Tönsberg var borgarbarn sem kunni vart að höndla hamar eða sög. Þegar hann kom úr margra ára Lundúnadvöl árið 2006 ákvað hann engu að síður að byggja sér hús í sveitasælunni í Hvalfirði, nánar tiltekið í Raðahverfi við Hálsnes.

„Ég hef bara tekið þetta í smáum skrefum,“ segir Einar, sem hefur þannig komist hjá því að skuldsetja sig yfir höfuðið sem hann er að koma þakinu yfir.

Hann keypti lóðina árið 2004 og tók þá lán sem nú er að verða fullgreitt. „Svo þegar ég kom heim frá London átti ég engan samastað en ég var með það á hreinu að ég vildi búa fyrir utan bæinn. Þá byrjaði ég að steypa grunninn.“ Hann fékk arkitekt til að hanna húsið en svo bretti hann upp ermar og hóf að reisa það sjálfur.

„Ég fékk reyndar sjokk þegar timbrið kom. Ég held ég hafi verið í þrjá daga að bera það út úr gámnum. Þá hugsaði ég nú með mér hvurn fjárann ég væri búinn að koma mér út í.“ Fyrir utan þetta andlega reiðarslag hefur Einar verið afar ánægður með þessa ákvörðun sína og það hvernig honum hefur farist við útfærslu hennar. „Ég bý reyndar svo vel að geta leitað til Jóns bónda þegar ég lendi í vanda,“ segir hann og á þá við Jón Gíslason á Baulubrekku.

„Svo hefur konan mín haft orð á því að þetta hafi verið ágætis þerapía fyrir mig. Ég verð mjög auðveldlega eirðarlaus og hún hafði áhyggjur af því að ég yrði viðþolslaus hér heima eftir árin í London. En með þessu hef ég alltaf haft eitthvað til að dunda við.“



**HÚS TÓNSKÁLDSINS** Eins og sjá má hafa Einar og fjölskylda búið sér fallegt heimili í Hvalfirðinum.

Nú búa þau Einar, kona hans, Rakel McMahon, og dóttir þeirra, Hildigunnur McMahon Tönsberg, í sextíu fermetra húsi í sveitinni. Eini vandinn er sá að nú halda Einari engin bönd svo hann er strax byrjaður á stækkuninni. „Ég stækkaði aðeins við mig í fyrra og nú er búið að gera grunn fyrir næsta hluta.“

Hann hvetur fólk til að huga að þessari leið. „Svona gerðu menn þetta í gamla daga,“ útskýrir hann. „Byrjuðu smátt og byggðu svo við þegar efni stóðu til.“ Hann segist þó enn eiga auðveldar með að semja lög en að smíða hús en þessi iðja hefur þó sína kosti fram yfir lagasmíðarnar. „Stundum er maður heillengi að mixa eitthvað niður í tölvuna og svo er það bara þar og enginn sér það en hér rís þetta og maður sér strax áþreifanlegan ávöxt erfiðisins.“ Hann segir smíðarnar enn fremur erta andagiftina. jse@frettabladid.is

> **Þegar ég kom heim frá London átti ég engan samastað en ég var með það á hreinu að ég vildi búa fyrir utan bæinn. Þá byrjaði ég að steypa grunninn.**
>
> *Einar Tönsberg, tónlistarmaður og áhugasmiður*


TRAUSTIR AÐILAR

Rétti bíllinn í sumarfríið fæst hjá okkur!

Allt að 80% lánamöguleikar



Tökum notaðan uppí notaðan! Gerðu frábær kaup!

OPEL ASTRA ENJOY TURBO
Nýskr. 07/13, ekinn 2 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 270443.
Frábært verð 3.990 þús.



TOYOTA AVENSIS SOL
Nýskr. 04/12, ekinn 9 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr.141453.



HYUNDAI i20 CLASSIC
Nýskr. 06/11, ekinn 48 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.090 þús.
Rnr.201330,



TOYOTA AURIS SOL
Nýskr. 02/12, ekinn 22 þús km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr.309999.



KIA CEED STATION
Nýskr. 12/12, ekinn 3 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.580 þús.
Rnr.280524.



NISSAN QASHQAI+2 SE - 7 SÆTA
Nýskr. 06/11, ekinn 34 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr.151561.



TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Nýskr. 06/12, ekinn 19 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 9.990 þús.
Rnr.130449.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

# SUMARTILBOÐ

## ELDHÚS- OG BAÐINNRÉTTINGAR



COUNTRY eldhús, hvítt háglans,
bökuð duftlökkun



DUCAL eldhús, ljós eik eða hvítt
háglans, innfelldar höldur



LINE eldhús, hvítt háglans,
höldulaus, bökuð duftlökkun

**30-60%**
**AFSLÁTTUR**



ASKUR 110x48cm, spegill fylgir ekki



LINE 80x46cm, heil postulínshandlaug



BAÐ horn 47x47cm, hvít háglans

**FJÖLDI ANNARRA INNRÉTTINGA Á TILBOÐSVERÐI**

*ÝMSAR AÐRAR VÖRUR, STURTUKLEFAR,STURTU-HURÐIR, BLÖNDUNARTÆKI, BAÐKÖR,SPEGLAR OG FLEIRI FYLGIHLUTIR*

**MEÐ VERULEGUM AFSLÆTTI**



Bað 60x46
Spegilskápur fylgir



Bað 100x46 Spegilskápur fylgir



Bað 53x31
Spegill fylgir ekki

**WWW.I-T.IS**

**OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9 – 18**
**LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR**
Ármúla 31 • Sími: 588 7332

INNRÉTTINGAR & TÆKI
*- fyrir þitt heimili*






150 ára kirkjugólf uppgötvaðist við hreinsunarstarf grunns Krýsuvíkurkirkju:

# Bruni leiddi í ljós fornminjar

**HAFNARFJÖRÐUR** Fornminjasjóður hefur styrkt Byggðasafn Hafnarfjarðar um 400 þúsund krónur til þess að halda áfram uppgreftri á grunnfleti Krýsuvíkurkirkju. Rannsóknarvinnan, sem hófst síðastliðið haust upphaflega sem hreinsunarstarf vegna þess að kirkjan brann árið 2010, leiddi í ljós samfellt hellulagt svæði. Líklegt þykir að þarna sé um að ræða gólf úr eldri kirkju. Gamla kirkjan var byggð árið 1857.

„Nú er meiningin að hreinsa og fá hellugólfið alveg fram og þessar hleðslur sem eru þarna fyrir utan. Svo verður væntanlega hlaðið upp undir kirkjuna sem á að koma þarna ofan á," segir Katrín Gunnarsdóttir, fornleifafræðingur á Byggðasafni Hafnarfjarðar. - nej



**FORN KIRKJA** Kirkjan stendur við Arnarfell í Krýsuvík og hefur gert það síðan árið 1857. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stóðu Guðmundi nær en venjuleg burðardýr

Tveir Íslendingar voru í gærmorgun dæmdir í tíu ára fangelsi vegna þátttöku í stóra amfetamínmálinu í Danmörku. Höfuðpaurinn Guðmundur Ingi Þóroddsson fékk dóm fyrr í sumar en fjórir Íslendingar til viðbótar bíða dóms í málinu.



**Fríða Garðarsdóttir**
skrifar frá Kaupmannahöfn

Rannsókn stóra amfetamínmálsins í Danmörku er dæmi um fyrirmyndarsamstarf norrænna lögregluliða. Þetta mat dönsku lögreglunnar kom fram fyrir dómi í gær en þar voru tveir Íslendingar, Heimir Sigurðsson og Sturla Þórhallsson, dæmdir í tíu ára fangelsi fyrir aðild að smyglhring undir stjórn Guðmundar Inga Þóroddssonar. Lögreglumenn frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku komu að málinu.

Alls voru tíu menn, þar af sjö Íslendingar, sóttir til saka í málinu, sem snýst um innflutning á um 70 kílóum af amfetamíni frá Hollandi til Danmerkur í þremur bílferðum á árunum 2011 og 2012.

Heimir og Sturla gengust við sök, sem og höfuðpaurinn Guðmundur, sem fékk tólf ára dóm fyrr í sumar. Guðmundur stóð frammi fyrir fjórtán ára fangelsi fyrir brot sín en fékk vægari dóm eftir að hafa játað sök og bent lögreglu á samverkamenn sína.

Heimir, sem er fimmtugur, sagðist fyrir dómi hafa kynnst Guðmundi árið 2005 en ekki verið í sambandi við hann fyrr en í fyrra. Heimir var þá atvinnulaus heima á Íslandi en bar að Guðmundur hefði stungið upp á því, í spjalli á Facebook, að þeir hittust í Kaupmannahöfn.

Guðmundur hefði þar boðið honum fé fyrir að fara í eina smyglferð og keyra á undan bílnum með amfetamínið til að sannreyna hvort tollgæsla væri við landamærin.

Lögregla var þá þegar farin að fylgjast með ferðum þeirra, eftir ábendingu frá norsku lögreglunni, og handtók bílstjóra seinni bílsins. Heimir fylgdi svo öðrum bíl í sömu erindagjörðum, sem var með 21 kíló af efnum. Aðspurður um hví svo mikið meira hefði verið tekið með í þá ferð sagðist Heimir ekki vita neitt um það: „Allt svoleiðis veit Gummi [Guðmundur Ingi]. Ég var ekki inni í neinu þannig."

Dómarinn tiltók þó við dómsúrskurðinn að ljóst mætti þykja að Heimir hefði staðið Guðmundi Inga nær en venjulegt burðardýr. Hann var því dæmdur í tíu ára fangelsi, til greiðslu málskostnaðar og honum vísað úr landi.

Sturla er 26 ára og hafði verið búsettur í Danmörku frá árinu 2010. Hann sagði að Guðmundur hefði komið að máli við sig sumarið 2011 varðandi innflutninginn. „Hann sagði bara að ég ætti að keyra til Hollands, ég myndi fá tösku," sagði Sturla í réttinum.

Hann var dæmdur í átta ára fangelsi í ágúst í fyrra fyrir að smygla fimm kílóum af amfetamínpillum til Danmerkur frá Englandi og leggjast árin tvö ofan á þennan dóm, auk þess sem honum var vísað úr landi og hann þarf að greiða málskostnað.

Enn á eftir að kveða upp dóm yfir sjö mönnum í Danmörku vegna málsins, þar af fjórum Íslendingum, og allir hafa þeir neitað sök. Auk þess verður að minnsta kosti einn maður færður fyrir rétt í Stavanger í Noregi. Vitnaleiðslur eru hafnar í máli sjömenninganna fyrir héraðsdómi í Kaupmannahöfn en búist er við því að niðurstaða í því máli liggi fyrir eftir miðjan september.



**FALIÐ Í BÍL** Smyglararnir földu amfetamínið í bíl á leiðinni frá Hollandi til Kaupmannahafnar. Þessi mynd er frá lögreglunni í Danmörku.



**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON**

**10** ára fangelsisdómar voru kveðnir upp í gær yfir Sturlu Þórhallssyni og Heimi Sigurðssyni.

Anders Breivik uppfyllir ekki inntökuskilyrði Háskólans í Ósló:

# Háskólaumsókn Breiviks hafnað

**NOREGUR** Háskólinn í Ósló hefur hafnað umsókn fjöldamorðingjans Anders Breivik um að hefja fjarnám í stjórnmálafræði við skólann. Var honum synjað á þeim forsendum að hann uppfyllti ekki inngönguskilyrði, en Breivik hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi.

Breivik situr í fangelsi nálægt Ósló þar sem hann afplánar 21 árs dóm eftir að hafa orðið 77 manns að bana í Ósló og Útey í júlí 2011.

Breivik, sem er 34 ára gamall, hefur tekið nokkra námsáfanga í fangelsinu. Fangelsismálayfirvöld gáfu honum leyfi til að sækja um námið að því gefnu að Háskólinn í Ósló gerði það einnig.

Lögmaður Breiviks segir að hann vinni nú að því að safna þeim einingum sem nauðsynlegar eru til að standast kröfur háskólans. Náminu sinnir hann í gegnum fartölvu sem hann hefur til afnota í fangelsinu, en hún er ekki tengd við internetið. - þþo



**UPPFYLLIR EKKI INNGÖNGUSKILYRÐI** Breivik er ekki með framhaldsskólapróf.




Yfir 20.000 nemendur útskrifaðir síðan 1996

**OPIÐ HÚS**
sunnudaginn
25. ágúst
frá 14-16

# SKRÁNINGAR Á HAUSTÖNN Í GANGI

Það er aldrei of seint að byrja að læra eða bæta við sig!

## Tækninám og forritun

- Kerfisstjórabraut
  371 stundir - 564.000 - Byrja 26. og 27 ágúst
- Diplómanám í forritun
  282 stundir - 399.000 - Byrjar 3. september
- Fornám í forritun
  108 stundir - 149.000 - Byrjar 8. október
- MCSA - Kerfisstjórnun
  185 stundir - 329.000 - Byrja 26. og 27. ágúst
- Tölvuviðgerðir
  78 stundir - 129.000 - Byrja 26. og 27. ágúst
- Kerfisumsjón
  180 stundir - 268.000 - Byrja 26. og 27. ágúst
- WIN 7/8 & Network+
  168 stundir - 169.000 - Byrja 25. og 26. september
- Cisco Certified Netw. Associate
  85 stundir - 289.000 - Byrjar 14. nóvember

## Viðskipta- og markaðsnám

- Markaðs- og rekstrarnám
  168 stundir - 198.000 - Byrjar 10. september
- Sölu- og markaðsnám
  240 stundir - 219.000 - Byrja 16. og 17. september

## Bókhalds- og skrifstofunám

- Grunnnám í bókhaldi og Excel
  114 stundir - 129.000 - Byrja 30. sept. og 1. okt.
- Bókaranám framhald
  168 stundir - 209.000 - Byrja 9. og 10. september
- Viðurkennt bókaranám
  384 stundir - 363.000 - Byrja 30. sept. og 1. okt.
- Skrifstofuskóli NTV og Mímis
  Byrja 28. og 29. ágúst - **Fullbókað / Biðlisti**

## Grafík og margmiðlun

- Alvöru vefsíðugerð
  198 stundir - 189.000 - Byrjar 10. september
- Grafísk hönnun
  156 stundir - 209.000 - Byrja 11. og 12. sept.
- Photoshop Expert (ACE)
  60 stundir - 107.000 - Byrjar 8. október
- Grunnnám í Photoshop
  36 stundir - 36.000 - Byrja 27. og 28. ágúst

i
Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**

**ntv**



**1 SKÓGARELDAR Á GRIKKLANDI** Heimamaður gefur herþyrlu merki meðan hann sprautar vatni á skógarelda í Varibogi, einu úthverfa Aþenu. Nokkur hús hafa orðið eldinum að bráð. NORDICPHOTOS/AFP



**2 FLÓÐ Í SÚDAN** Heimilislaus kona hefur komið sér fyrir ásamt nautgripum sínum við þjóðveg í Khartoum í Súdan. Mikil flóð hafa verið á þessum slóðum síðustu daga, hundruð heimila hafa eyðilagst, tugir manna látið lífið og margir slasast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**3 MÓTMÆLI Í BÚLGARÍU** Kafarar í Svartahafi halda hér á lofti mótmælaborða út af ströndinni við Evksínógrad, sumardvalarstað búlgarskra stjórnvalda. Á borðanum stendur „Afsögn“. Kafararnir eru hér að taka þátt í mótmælum gegn stjórnvöldum sem staðið hafa linnulaust síðan 14. júní. NORDICPHOTOS/AFP




**4 FLÓÐ Á INDLANDI** Umferðin í Amritsar gekk hægar en venjulega eftir úrhellisregn í gær. Monsúnrigningarnar standa yfir frá júní og fram í september ár hvert og þeim fylgja yfirleitt mikil flóð. NORDICPHOTOS/AFP



**5 MINNINGARATHÖFN Í HIROSHIMA** Klukkan 8.15 í gærmorgun, þegar 68 ár voru liðin frá því að kjarnorkusprengju var varpað á Hiroshima, var dúfum sleppt lausum í Friðarminningargarðinum þar í borg. Tugir þúsunda manna tók þátt í minningarathöfn í gær, meðal annars aldraðir Japanar sem lifðu af eyðilegginguna. NORDICPHOTOS/AFP

## ÁSTAND HEIMSINS










Aguamarina
Kr. 78.900
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi.
Netverð kr. 99.900 á mann m.v. 2 fullorðna í studioíbúð.

Roc Flamingo
Kr. 129.900 - með allt innifalið
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann mv. 2 fullorðna í herbergi kr. 148.900.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




**6 FLÓÐ Á INDLANDI** Monsúnrigningarnar á Indlandi hafa valdið miklu tjóni. Þessi kona í Amritsar vinnur að því að ausa vatni út af heimili sínu. NORDICPHOTOS/AFP



**7 FISKVEIÐAR Á INDLANDI** Indverji að veiðum við Gira-fossinn skammt frá Saputara í Gujarat-ríki. Fossinn hefur verið vatnsmikill í monsúnrigningunum undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Brostu!

ORMSSON

# SPARIDAGAR

## eru byrjaðir

2013
Spari dagar

TILBOÐ!
AFSLÆTTIR!
VERÐLÆKKUN!

**20% afsláttur af AEG**
ÞVOTTATÆKJUM
KÆLISKÁPUM
OFNUM
HELLUBORÐUM
GUFUGLEYPUM
RYKSUGUM ...




**20% afsláttur af AEG**
*kaffivélum,*
*brauðristum,*
*handþeyturum,*
*töfrasprotum,*
*hraðsuðukönnum,*
*espressovélum,*
*straujárnum,*
***o.m.fl.***

# Það eru 50 gámar í vörugeymslunum og allar vörur á SPARIDÖGUM

## – frá AEG, Samsung, Pioneer, Nintendo, Tefal, Sharp, Olympus, Hama, Brabantia ... o.fl., o.fl.

*Komdu og gerðu frábær kaup!*




SAMSUNG




SAMSUNG-UExxF6675SB
SAMSUNG-UExxF6475SB

## STÓRKOSTLEG NÝ SAMSUNG SJÓNVÖRP

6000 LÍNAN

*OPNUNAR TILBOÐ:*

| UExxF6675SB: | UExxF6475SB: |
| --- | --- |
| 40" = 259.900 | 40" = 199.900 |
| 46" = 319.900 | 46" = 249.900 |
| 55" = 459.900 | 55" = 379.900 |
| | 65" = 699.900 |
| | 75" = 1.290.000 |

**0% vextir**
Vaxtalausar raðgreiðslur í níu mánuði!*

*3,5 % lántökugjald

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900




**Hljómtækjadeild ORMSSON** er flutt í Skeifuna 11, hjá BT/Griffli. Fjöldi **opnunartilboða** og **Sparidagatilboða** á sjónvörpum, hljómtækjum, fartölvum, o.fl. o.fl.

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 10-18
LAUGARD KL.11-15

# ORMSSON

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**
Sjá nánar: www.ormsson.is

| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | KS | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| KEFLAVÍK | AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 530 2870 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# MacBook Pro 13"




Skólatilboð: **199.990.-***

Vörunr. Z0MT

Fullt verð: 209.990.-

Tölvukaupalán Landsbankans

## iPhone 5



**2.000 kr** símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 5 **hjá NOVA**

Tölvukaupalán Landsbankans

Verð frá: **119.990.-**

## iPhone 4/4S



**1.000 kr.** símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir iPhone 4 **hjá NOVA**

**1.000 kr.** símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 4S **hjá NOVA**

Verð frá: **79.990.-**

Tölvukaupalán Landsbankans

Námufélagar Landsbankans eiga kost á **tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma láni** að hámarki **250.000 kr.** og til allt að **48 mánaða**, á hagstæðum kjörum.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Skólatilboð gilda til 31. ágúst 2013.
** Bíómynd um ævi og störf Steve Jobs, sýningar hefjast um miðjan September í Laugarásbíó

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

# MacBook Air

skólafélaginn þinn, allan daginn

FRÍTT Í BÍÓ
Fyrstu 50 fartölvunum fylgja bíómiðar **fyrir 2** á frumsýningu **Steve Jobs** bíómyndarinnar**



Allt að
12 klst
Rafhlöðuending

Tölvukaupalán Landsbankans

## MacBook Air 11" Vörunr. Z0NX
Skólatilboð: **179.990.-***
Fullt verð: 189.990.-

## MacBook Air 13" Vörunr. Z0NZ
Skólatilboð: **209.990.-***
Fullt verð: 229.990.-

## iPad mini




Verð frá: **59.990.-**

Tölvukaupalán Landsbankans

## iPad 4




Verð frá: **89.990.-**

epli.is

Stóri bróðir fylgist með okkur:

# Uppskrift frá Gunnu frænku

Píratar eru að auka fylgi sitt og fólk hlýtur að líta til nýjustu frétta eftir skýringum. Það sem áður hljómaði sem brjálaðar samsæriskenningar og vísindaskáldskapur er nú raunveruleikinn. Og raunveruleikinn býr á netinu.

Uppljóstranir Snowdens staðfesta þetta og 1984 eftir George Orwell selst eins og heitar lummur. Í bókaverslun Amazon á netinu er talað um 9 þúsund prósenta aukningu. Í skáldsögunni er Stóri bróðir alls staðar og fylgst er með borgurum í gegnum skjái. Reyndar er Stóri bróðir ekki þau alræðisríki sem Orwell spáði fyrir um að hefðu þegnana undir smásjánni heldur yfirvöld í Bandaríkjunum og Bretlandi og víðar, yfirvöld í lýðræðisríkjum sem á góðum degi boða gegnsæi og frelsi.



**Mikael Torfason**
mikael@frettabladid.is

Þessi yfirvöld geta fylgst með öllu sem við gerum, til dæmis á Facebook. Einhverjir nafnlausir fulltrúar á skrifstofum ýmissa stofnana í Bandaríkjunum geta skoðað samtöl okkar í spjallforritum í rauntíma. Íslensk stjórnvöld eru óvenju fámál um málið en það eru Píratar ekki og vilja að við bjóðum uppljóstraranum Snowden hæli hér á landi. Þegar Snowden fór þess á leit voru íslensk yfirvöld með fyrirslátt sem tæplega stenst skoðun og földu sig á bak við rök sem kennd eru við Catch 22, skáldsögu eftir Joseph Heller; Snowden þurfti að vera staddur á landinu til að sækja um landvistarleyfi en hingað gat hann ekki komið því bandarísk stjórnvöld höfðu ógilt vegabréf hans.

Flest erum við auðvitað ekki að segja neitt mikilvægt á samskiptasíðum og margir segja í hálfkæringi: Verði þeim að góðu. Fáir flykkjast út á götu til að mótmæla eftirliti erlendra stofnana, fremur að flestum þyki það fyndin tilhugsun að erlendir leyniþjónustumenn séu að þefa sig í gegnum kökuuppskriftir frá Gunnu frænku. En það breytir ekki eðli málsins og því hversu alvarlegar uppljóstranir Snowdens eru. Og þá ekki síður heiftarleg viðbrögð stjórnvalda í Bandaríkjunum, en Evrópa hefur sýnt sig í þessu máli undir hæl Bandaríkjanna. Ráðist er á Snowden, eins öfugsnúið sem það er því hann hefur í raun gert almenningi stórkostlegan greiða með því að afhjúpa þetta yfirgripsmikla eftirlit með borgurum í hinum vestræna heimi.

Blaðamaðurinn sem fyrstur sagði frá uppljóstrunum Snowdens hefur einnig verið sakaður um landráð og reynt hefur verið að draga úr trúverðugleika hans. Glenn Greenwald hefur þurft að réttlæta birtingu fréttanna, eins einkennilegt og það nú er. En það er svo sem ekkert nýtt að stjórnvöld og jafnvel almenningur vilji skjóta sendiboðann. Þetta þekkja blaðamenn um allan heim. Og furðu fljótt eftir uppljóstranir vill fólk beina athyglinni að lekanum sem slíkum, hvernig hann er til kominn, miklu fremur en að upplýsingunum sem fram koma. Þetta hefur komið vel fram í tengslum við mál Edwards Snowden og gengur furðu vel að beina sjónum manna frá aðalatriðum mála þegar svo ber undir; svo vel að yfirvöld ættu kannski ekki að hafa eins miklar áhyggjur og raun ber vitni.

Erfitt er að sjá hvað uppljóstranir Snowdens munu hafa í för með sér. Kannski ekkert í bráð. Nema þá aukningu á fylgi Pírata og að það sé vísbending um að almenningi standi ekki á sama. Íslensk stjórnvöld hafa enn tækifæri til að hrista af sér slyðruorðið og verða við beiðni Snowdens um hæli hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Minna að fletta
**meira að frétta**



**visir.is**

BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

***Úr umsögn dómnefndar:** „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þjóðrembingur – eða ekki?**

Nýjar myndir sýna Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sitja sem konungborinn væri ásamt konu sinni aftan á gömlum BMW-blæjubíl og veifa til mannfjöldans sem kominn er til að berja hann augum á götum Íslendingabæjarins Gimli í Kanada. Sumir henda gaman að myndinni – telja hana til marks um þjóðrembing forsætisráðherrans, sem hann hefur reyndar ekki gert mikið til draga úr, hvorki í ræðu né riti – en hitt er annað mál að Sigmundur Davíð er síður en svo fyrsti íslenski forsætisráðherrann sem tekur þátt upphafningu af þessum toga á Íslendingahátíðinni í Gimli. Það gerði Jóhanna Sigurðardóttir á undan honum, þar áður Geir Haarde, og á undan þeim Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson. Og eflaust flestir forverar þeirra líka.



**Hugmyndir Sigmundar**

Meira af Sigmundi Davíð: Hann boðaði í maí að áætlun um afnám gjaldeyrishafta yrði tilbúin og lögð fram í september. Hann sagði að áætlunin mundi byggja á hugmyndum hans sjálfs og að samráð yrði haft við Seðlabankann og ráðherranefnd.

**Næsti mánuður**

Varaþingmaðurinn Björn Valur Gíslason gerir þetta að umtalsefni á bloggsíðu sinni og bendir réttilega á að september sé næsti mánuður og því hljóti menn bráðum að fýsa að vita meira um þessar fyrirætlanir. „Á síðasta kjörtímabili var skipuð sérstök þverpólitísk nefnd um afnám gjaldeyrishafta. Nú má ætla að nefndin sú hafi einhverjar upplýsingar um hugmyndir forsætisráðherra og sé stjórnvöldum til ráðgjafar um afnám haftanna,“ skrifar Björn Valur. „Það er einnig öruggt að erlendar stofnanir og alþjóðleg samtök sem láta sig efnahagsmál [varða] bíða eftir áætlun stjórnvalda,“ bætir hann við. Þess er væntanlega stutt að bíða að eitthvað fréttist af vinnunni við afnámsáætlunina.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Að súpa hveljur yfir arði

VIÐSKIPTI



**Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson**
framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf.

Það er merki um góðan rekstur þegar fyrirtæki skilar hagnaði og getur ávaxtað þá fjármuni sem eigendurnir hafa lagt því til. Arðgreiðslur eru eðlilegur þáttur í heilbrigðum atvinnurekstri og eiga ekki að vera feimnismál í opinberri umræðu. Framhaldsaðalfundur Vinnslustöðvarinnar hf. samþykkti á dögunum að greiða hluthöfum arð upp á 1,1 milljarð króna. Heyra mátti fjölmiðlafólk og álitsgjafa súpa hveljur yfir því að arður væri greiddur út í sjávarútvegi á sama tíma og kvartað væri yfir veiðigjöldum. Gott ef ekki væri mátulegt að láta þessa andskota borga ríkinu enn meira fyrst þeir gætu „skammtað sér“ arð!

Hluthafarnir í Vinnslustöðinni (VSV) eru 260 talsins. Staðreyndir mála eru eftirfarandi:

- Sá sem á 100.000 króna eignarhlut að söluvirði í dag fær nú 6.300 krónur í arð. Af þeirri greiðslu tekur ríkið 20% í skatt.
- Frá árinu 2002 hefur samanlagður útgreiddur arður hluthafa VSV – og verðhækkun hlutabréfa í félaginu – verið jafn mikill og ef hluthafarnir hefðu keypt verðtryggð skuldabréf ríkissjóðs í stað þess að kaupa hluti í VSV.

Heimamenn í Vestmannaeyjum eiga 68% hlutafjár í Vinnslustöðinni. Í þessum hópi eru núverandi og fyrrverandi starfsmenn, fyrirtæki, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og margir fleiri.

**➜ Helsta ógnin sem steðjar að Vinnslustöðinni, líkt og öðrum fyrirtækjum í sjávarútvegi, stafar af stjórnvöldum**

Byggðarlagið í Vestmannaeyjum á mikið undir því að rekstur VSV sé traustur og arðsamur. Fyrirtækið greiddi alls 450 starfsmönnum laun núna í júlímánuði, þar af 330 í landi og 120 á sjó. Það segir sína sögu um umfang VSV.

Með hóflegum arðgreiðslum eru skilaboð send um að eigendur njóti vaxta af fjárfestingu sinni. Mörg okkar lögðu mikið undir þegar við keyptum VSV á sínum tíma. Við viljum standa í skilum gagnvart lánardrottnum VSV og okkar sjálfra. Arðinn höfum við notað til að greiða vexti og afborganir af lánum sem voru tekin til að tryggja eignarhald Eyjamanna á VSV í sessi.

Helsta ógnin sem steðjar að Vinnslustöðinni, líkt og öðrum fyrirtækjum í sjávarútvegi, stafar af stjórnvöldum og óhóflegum veiðigjöldum. Varnaðarorð, sem fyrrverandi ríkisstjórn lét sem vind um eyru þjóta, eru í fullu gildi. Þar var ekkert ofsagt.

Núverandi ríkisstjórn verður að vinda ofan af vitleysunni. Það getur ekki verið samfélaginu til hagsbóta að sliga fyrirtæki með ofurskattheimtu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Sátt við hverja?

SKIPULAG



**Torfi Hjartarson**
varafulltrúi VG í umhverfis- og skipulagsráði

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar í borgarstjórn stærir sig um þessar mundir af því að hafa samþykkt tímamótaskipulag á Landsímareit í mikilli sátt við allt og alla. Allur vandi er leystur, öllum spurningum svarað á þessum upphafsreit borgar og byggðar í landinu. Þar sitja sáttin og lýðræðið í öndvegi. Þetta væri auðvitað afrek, ef satt væri. En svo er bara alls ekki. Andstaðan kemur úr ótal áttum og enn á eftir að bjarga menningarverðmætum, finna lausnir og koma í veg fyrir slys.

VG hefur nú í nokkur ár staðið fast gegn áformum lóðareiganda og meirihluta borgarstjórnar um mikið hótel og stórfellda uppbyggingu á Ingólfstorgi og Landsímareit. Sú andstaða, ásamt kröftugu andófi BIN-hópsins og háværum mótmælum mikils fjölda borgarbúa og hópa tónlistarmanna, hefur borið umtalsverðan árangur og haft jákvæð áhrif á þróun í Kvosinni. Uppbygging á Ingólfstorgi er sem betur fer úr sögunni, þó að torgið megi efla á ýmsan hátt, og horfið hefur verið frá mögulegu niðurrifi eða tilfærslum á gömlu húsunum tveimur við suðurenda torgsins, Hótel Vík og Aðalstræti 7. Ekki verður heldur leyft að reka hótel þeim megin á Landsímareit. Út af stendur hins vegar að nýbyggingar sem koma eiga í skarðið á milli gömlu húsanna við Ingólfstorg þykja of háar, þær rjúfa heild og taka ekki nægilegt tillit til gömlu húsanna og götumynda allt í kringum torgið. Enn er líka ætlunin að rífa einstakan og merkilegan tónlistarsal í bakhúsi frá stríðsárunum til að rýma fyrir hærri húsum með nýjum sal. Nýtt skipulag sem meirihluti Samfylkingar og Besta flokks samþykkti á lokuðum fundi borgarráðs í sumarleyfi borgarstjórnar fer lóðbeint gegn áliti nýrrar Minjastofnunar Íslands og óskum mörg þúsund borgarbúa að þessu leyti. Salinn ætti að varðveita og nýju húsin eru of fyrirferðarmikil.

**Skýr og fagleg andstaða**

Fyrir meirihlutanum, fyrst í umhverfis- og skipulagsráði og svo í borgarráði, lágu hundruð athugasemda og einlægar óskir fjölda fólks. Fyrir meirihlutanum lágu um átján þúsund undirskriftir, áskorun meira en 200 tónlistarmanna og hljómsveita, fjölmennir útifundir á Austurvelli og Ingólfstorgi, eindregin mótmæli Alþingis, sem við eigum jú öll, og síðast en ekki síst skýr og fagleg andstaða nýrrar Minjastofnunar Íslands, sem á að gæta fyrir okkur minja sem ekki mega glatast. BIN-hópurinn hefur beitt sér af alefli í grasrótinni og VG staðið sína vakt um vernd almannarýma, einstakar götumyndir og gömul hús. Allt var þetta vegið og léttvægt fundið. Ekki mátti kalla fulltrúa Minjastofnunar Íslands á fund skipulagsráðs þrátt fyrir nýja og afgerandi úttekt gegn skipulagshugmyndunum, ekki mátti leita sátta við Alþingi sem telur nýbyggingu við Kirkjustræti þrengja um of að þjóðþinginu okkar og ekki mátti gefa almenningi kost á opnum borgarstjórnarfundi um málið.

Meirihlutinn ákvað að fylgja þeirri stefnu sem hann tók um leið og hann fékk þetta erfiða mál fyrst í fangið, að tryggja þrönga hagsmuni lóðareiganda á Landsímareit og sjá til þess að hagnaðarvonir hans gætu ræst. Annars ætti borgin ekki von á góðu frá eigandanum. Sá er eflaust með allar heimildir og væntingar um byggingarmagn veðsettar upp í rjáfur en mátti að sjálfsögðu vita allan tímann að á þessum stað yrði ekki byggt hvað sem er. Útgangspunktur í öllu ferlinu var að finna þyrfti rými fyrir stórt hótel, miklu, miklu stærra í herbergjum talið en Hótel Borg. Þannig fengi lóðareigandinn sitt, annað kom ekki til greina. Þetta er auðvitað makalaus nálgun hjá meirihlutanum og hann er enn í bullandi vandræðum með málið. Hvað varð um alla lýðræðisástina og meintan áhuga á húsvernd? Hvers vegna í ósköpunum stendur meirihlutinn enn þá með eigandanum en ekki almenningi, menningunni, tónlistarfólkinu og húsverndinni?

**Alvöru sátt**

Minjastofnun Íslands tók til starfa um síðustu áramót og gegnir ábyrgðarmiklu hlutverki. Hún tók í sumarbyrjun skýra og vandlega ígrundaða afstöðu til deiliskipulagshugmynda sem þá voru bara tillögur en hafa nú verið afgreiddar í borgarráði án nokkurs tillits til þeirra athugasemda. Stofnunin hlýtur þá að bregðast við og grípa til viðeigandi ráðstafana. Koma þarf í veg fyrir að einstakur og vinmargur samkomu- og tónleikasalur, sem ber svipmót stríðsáranna og nýrra tíma í íslenskri byggingarsögu, glatist. Byggingar við Vallarstræti verða líka að styðja betur gömlu húsin sem þar eru í ómetanlegri umgjörð um litríkasta torgið í Reykjavík. Enginn er á móti líflegri starfsemi á jarðhæð í Landsímahúsi við Austurvöll, eins og stundum er látið í veðri vaka, enginn er á móti því að bæta umhverfi og efla líf í Kvosinni. Við viljum bara alvöru sátt við gamla byggð og lífið í borginni. Að mannlífið og tónlistin fái að dafna. Að Alþingishús og timburhúsin við Kirkjustræti njóti sín. Að gömul hús og götumyndir eigi sér mörg líf og langa framtíð öllum til heilla. Á þessum reit er alvöru sátt sjálfsögð krafa.

> **➜ Hvað varð um alla lýðræðisástina og meintan áhuga á húsvernd? Hvers vegna í ósköpunum stendur meirihlutinn enn þá með eigandanum en ekki almenningi, menningunni, tónlistarfólkinu og húsverndinni?**






✝



Okkar ástkæri

**SKÚLI MAGNÚSSON**
**járnsmiður,**
**Miðtúni 12, Selfossi,**

andaðist á Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi sunnudaginn 4. ágúst.

**Guðbjörg Gísladóttir**
**Gísli Skúlason** **Elísabet Valtýsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær systir okkar,

**ELÍSABET BJARNADÓTTIR**

lést þann 1. ágúst síðastliðinn.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ívar Bjarnason**
**Hulda Guðmundsdóttir**

✝



Okkar ástkæri

**GUNNAR GUÐRÖÐARSON**
**fyrrverandi skólastjóri,**
**Lerkihlíð 2, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 1. ágúst. Hann verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 12. ágúst klukkan 13.00.

**Guðrún Nielsen**
**Karl Gunnarsson**
**Bergrún Helga Gunnarsdóttir** **Gunnar Pálsson**
**Vaka Gunnarsdóttir** **Guðmundur Vestmann**
**Halla Gunnarsdóttir**
**Kría Guðmundsdóttir**

✝



**SEVERINO M. ARATEA**
**11.09.1957 - 01.08.2013**

It is with our deepest sorrow that we announce the death of our beloved husband, father, grandfather, father-in-law, and a friend.

A funeral service will be held on the 9th of August 2013 at 1 pm at Landakotskirkja. Reception afterwards will be held at the church hall.

**Sonia S. Aratea**
**Michael Jade C. Aratea** **Mark Vincent C. Aratea**
**Edelsonia C. Tabucanon** **Michelle C. Aratea**
**Roy Tabucanon** **Óðinn U. Surian**
**Myeisha Sóley A. Surian**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAUKUR SIGURJÓNSSON**
**Þinghólsbraut 1, Kópavogi,**

lést föstudaginn 2. ágúst.

**Margrét Gísladóttir**
**Guðrún Hauksdóttir** **Hrólfur Egilsson**
**Auður Hauksdóttir** **Jakob Þ. Guðmundsson**
**Hrönn Hauksdóttir** **Örn Isebarn**
**Gerður Hauksdóttir** **Guðmundur Magnússon**
**Brynja Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**MATTHÍAS MAGNÚSSON**
**vélstjóri,**
**Hraunbæ 84,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði 28. júlí. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 8. ágúst kl.13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið Sólvang.

**Jóna Lárusdóttir**
**og fjölskylda.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

**ÞETTA GERÐIST:** 7. ÁGÚST 1727

## Eldgos hófst í Öræfajökli

Stórt eldgos hófst í Öræfajökli þennan dag árið 1727 er stóð í tæpt ár. Jón Þorláksson var prestur í Sandfelli í Öræfum á þessum tíma og hér er gripið niður í frásögn hans af atburðum.

„Sjálfur jökullinn braust fram og bárust sumir jakarnir allt í sjó fram, en hinir stærri stóðu rétt við fjallsræturnar. Þessu næst fylltist loftið af eldi og ösku með óaflátanlegum brestum og braki; var askan svo þétt, að engi sást munur dags og nætur af myrkri því sem hún olli, hið eina ljós sem sást var bjarminn af eldi þeim, sem upp var kominn í 5 eða 6 fjallaskorum. Í 3 daga samfellt var Öræfasókn þjáð á þennan hátt með eldi, vatni og öskufalli. Þó er ekki létt að lýsa þessu eins og það var, því öll jörðin var svört af vikursandi, og ekki hættulaust að ganga úti sakir glóandi steina, sem rigndi úr loftinu, og báru sumir því fötur og kollur á höfðinu sér til hlífðar. Hinn 11. sama mánaðar tók ögn að rofa til í byggðinni, en eldur og reykur stóð upp úr jöklinum.“



# Leysum þrautir bæði á leiðinni og á áfangastað

**Árleg kvennareið í Vestur-Húnavatnssýslu verður farin 10. ágúst. Hún er sú tuttugasta í röðinni. Gréta Brimrún Karlsdóttir á Efri-Fitjum segir perlur og pönk vera þemað í ár.**

„Undanfarin ár hefur reiðin verið þematengd og ég held að hún geti orðið ansi skrautleg í þetta sinn því þemað er perlur og pönk. Konurnar leggja mismikinn metnað í búninga en sumar eru ansi duglegar að útbúa eitthvað flott.“ Þetta segir Gréta Brimrún Karlsdóttir, húsfreyja á Efri-Fitjum í Fitjárdal í Vestur-Húnavatnssýslu, um árlega kvennareið í sýslunni sem farin verður á laugardaginn. Hversu mörgum konum býst hún við í ferðina? „Flestar höfum við verið rúmlega hundrað en oftast í kringum sextíu,“ upplýsir hún.

Mæting er að Syðri-Reykjum klukkan 15 og lagt verður af stað klukkan 15.30. „Við ætlum að ríða frá Laugabakka, niður að Miðfjarðará og svo upp á reiðveginn hjá Norðurbraut, sem er afleggjarinn út á Hvammstanga. Auðvitað verður stoppað til að syngja og leysa þrautir, bæði á leiðinni og á áfangastað, við reiðhöllina Þytsheima. Einnig verður grillað, farið í leiki og trallað fram eftir kvöldi,“ lýsir Gréta og segir happdrætti oft hafa verið hluta af dagskránni með góðum vinningum frá ýmsum fyrirtækjum. En verða þá einhverjar heima til að sjá um matinn? „Við notum nú karlana okkar í það. Þeir verða mættir og taka þátt í fjörinu.“



**GRÉTA Á KÁTÍNU FRÁ EFRI-FITJUM** Árið 2011 var þemað í kvennareiðinni ævintýrapersónur og hér túlkar Gréta Zorró. Myndin er tekin í Hindisvík á Vatnsnesi.

Leiðin sem riðin verður að þessu sinni er með þeim styttri sem farin hefur verið, að sögn Grétu, en aðalmálið segir hún að enda einhvers staðar þar sem aðstaða er til að borða og skemmta sér. Verður hún fremst í flokki að þessu sinni? „Já, ég reyni að lóðsa hópinn,“ segir hún en kveðst ekki búin að velja hrossið. „Það eru tvær hryssur sem koma til greina. Ég er ekki alveg búin að setja það niður fyrir mér hvort ég eigi að venja nýja við glamrið,“ segir hún. „Það kemur alltaf að því.“

gun@frettabladid.is

✝



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,

**ERNA ÞRÚÐUR MATTHÍASDÓTTIR**
**Grófarsmára 23,**

lést á heimili sínu laugardaginn 3. ágúst 2013. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 12. ágúst klukkan 13.00.

**Óli Þór Júlíusson** **Eva Hrund Harðardóttir**
**Lóa Lind** **Ari Júlíus**
**Sigríður Ólöf Matthíasdóttir**
**Bjarni Jón Matthíasson**
**Sigurjóna Matthíasdóttir**
**Ragna Matthíasdóttir**
**og fjölskyldur.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN SIGURBJÖRG ÁRNADÓTTIR**
**Hlíf II á Ísafirði,**

lést á Sjúkrahúsinu á Ísafirði föstudaginn 2. ágúst sl. Hún verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju þriðjudaginn 13. ágúst nk. kl. 14.00.

**Halldór Guðbjarnason**
**Eydís Guðbjarnadóttir** **Trausti Þórðarson**
**Ásthildur Ólafsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við fráfall elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**DANÍELS JÓNSSONAR**
**Hraunbæ 54, Reykjavík,**
**áður til heimilis að**
**Drögnum á Skógarströnd,**

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi 20. júlí sl. Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks og starfsfólks deildar B4 í Fossvogi og 14E/G við Hringbraut fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Steinunn Bjarnadóttir**
**Hrafnkell Daníelsson** **Karen Dögg Gunnarsdóttir**
**Aðalsteinn Bjarni Bjarnason** **Kristín Guðbjörg Gísladóttir**
**Anna María Bjarnadóttir** **Karl Einarsson**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær eiginkona, móðir og tengdamóðir,

**SELMA JÓNSDÓTTIR**
**Goðalandi 14,**

andaðist á Landspítalanum Hringbraut föstudaginn 2. ágúst.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Baldur Friðriksson**
**Jón Gunnar Baldursson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Fanney Dagmar Baldursdóttir** **Þráinn Vigfússon**
**Baldur Gautur Baldursson**



## HINSEGIN DAGAR Í HÖRPU

**Opnunarhátíð Hinsegin daga fer fram annað kvöld kl. 21 í Silfurbergi í Hörpu. Ásdís Þórhallsdóttir leikstjóri annast listræna stjórn dagskrárinnar en þar mun ástin leika öll aðalhlutverk í tónlist, sjónlist, myndlist og leiklist. Á stokk stíga ýmsir þjóðþekktir gestir.**


Rýmingasala hafin
50-70% afsláttur
Ný sending af vetrarvörum!
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770




# HEIMBOÐ Á DALVÍK

**MATARVEISLA** *Fiskidagurinn mikli verður haldinn þrettánda árið í röð á Dalvík nú um helgina. Á boðstólum verða mörg hundruð lítrar af fiskisúpu, fimm fermetra sjávarréttapitsa og fiskréttir af ýmsum toga enda Dalvíkingar gestrisnir, að sögn framkvæmdastjóra hátíðarinnar.*

Við erum gestrisin. Það er sælla að gefa en þiggja og viðbrögð gestanna og þakklætið er ástæða þess að á annað hundrað fjölskyldur opna heimili sín ár eftir ár og bjóða upp á súpu. Þeir sem hafa sleppt úr ári og farið sjálfir niður í bæ hafa dauðséð eftir því. Það er miklu skemmtilegra að vera heima og bjóða upp á súpuna,“ segir Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri bæjarhátíðarinnar Fiskidagurinn mikli sem fram fer í þrettánda sinn á Dalvík nú um helgina.

Sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtæki á Dalvík bjóða til fiskiveislu ásamt skemmtiatriðum, auk þess sem heimamenn kokka fiskisúpu ofan í gesti, hver með sínu nefi. Júlíus segir íbúa þegar farna að smakka til súpukraftinn og að í hans huga sé undirbúningurinn ekki síður skemmtilegur en hátíðin sjálf.

„Mér finnst þetta bara eins og með jólin, aðdragandinn skiptir ekki minna máli. Þótt Fiskidagurinn verði formlega settur á föstudagskvöldið stendur hér yfir skemmtileg dagskrá alla vikuna,“ segir hann. Setningarathöfnin fer fram klukkan 18 á föstudagskvöld, biskup Íslands flytur vinátturæðu, fimm þúsund vináttublöðrum verður sleppt og frumflutt verður nýtt lag. Þá hafa Dalvíkingar fléttað vináttubönd sem verður dreift til gesta og allir fá svokallað knúskort.

„Með því eru allir hvattir til að knúsa næsta mann. Það gerum við til að leggja línurnar fyrir helgina og hvetja fólk til að haga sér vel,“ segir Júlíus en hann reiknar með þúsundum gesta. „Á síðasta ári komu í kringum tuttugu og átta þúsund gestir á hátíðina en þeir hafa flestir verið yfir þrjátíu þúsund. Við höfum líka alltaf fengið gott veður á hátíðinni, sama hvernig veðurspáin hefur verið,“ bætir hann við.

Meðal þess sem verður á boðstólum á laugardaginn milli klukkan 11 og 17 er risapitsa sem er fimm fermetrar að stærð og bökuð í heilu lagi. Þúsundir fiskborgara verða grillaðar á átta metra löngu grilli og þá krauma tólf hundruð lítrar af fiskisúpu í stærsta súpupotti landsins. Fiskréttir af ýmsum toga, svo sem þorskur í hvítlaukssinnepssósu, risarækjur og gráðostarækjusalat verða einnig á boðstólum svo eitthvað sé nefnt.

Júlíus segir Dalvíkinga hreint ekki orðna leiða á fiski. „Nei, aldeilis ekki, annars myndum við hætta þessu. Þetta er allt saman gert til gamans.“

Nánar má forvitnast um hátíðina og dagskrána á www.fiskidagur.muna.is

■ heida@365.is





**ÁST OG FRIÐUR** Á hátíðinni eru gestir hvattir til að knúsast sem mest og verður fimm þúsund vináttublöðrum sleppt á setningarhátíðinni á föstudagskvöldið. MYND/HSH

**VEISLA** Þúsundir fiskborgara renna ofan í svanga gesti á Fiskideginum mikla en þar að auki verður fimm fermetra sjávarréttapitsa í boði og fiskisúpa kraumar í stærsta súpupotti landsins. Heimamenn bjóða einnig heim í súpu en hátíðin er nú haldin í þrettánda sinn á Dalvík. MYND/HSH


Lagerhillur
í öllum stærðum
á hagstæðu verði.
Afar auðvelt í uppsetningu
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00





White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara
Amerísk gæðavara









Spennandi
Speltpizzur
101 hotel
reykjavik










# AÐSÓKN EYKST VEGNA STJARNA

**FERÐIR FRÆGA FÓLKSINS** *Erlendar stórstjörnur eru aufúsugestir í flestum löndum. Eins og Íslendingar kannast við geta þekktar persónur aukið hróður ferðamannastaða til muna. Hér eru nefndir nokkrir staðir sem eiga frægð sína að þakka aðdáun stjarnanna.*



**Elvis Presley og Havaí**
Flestir vita að Elvis elskaði Havaí allt frá því að hann heimsótti eyjarnar fyrst á sjötta áratugnum. Þrjár kvikmynda hans voru teknar þar, meðal annars hin vinsæla „Blue Hawaii“. Fyrstu tónleikarnir sem sendir voru um gervihnött voru haldnir þar og hétu „Aloha from Hawaii“ en þar var Elvis í aðalhlutverki.



**George Clooney og Como-vatn á Ítalíu**
Clooney keypti 18. aldar sveitasetur við Como-vatn árið 2001. Upp frá því jókst ferðamannastraumurinn að vatninu umtalsvert. Ekki komast þó allir nærri villunni hans Clooney þar sem settur hefur verið upp eggjakastari til að fæla frá papparassa og aðra gónara.



**Britney Spears og Turtle-eyjar á Fidjieyjum**
Britney og maður hennar þáverandi, Kevin Federline, dvöldu á einkaeyjunni í kjölfar brúðkaups síns árið 2005. Hjónakornin Nick Lachey og Jessica Simpson fóru einnig í brúðkaupsferð þangað. Hjónaböndin entust ekki en vinsældir eyjarinnar er enn miklar meðal nýgiftra hjóna.



**Sir Richard Branson og Necker-eyja**
Branson á sjálfur eyjuna Necker Island á Jómfrúreyjum en með veru sinni þar hefur auðkýfingurinn aukið hróður hennar. Fólk á borð við Steven Spielberg, Mel Gibson, Opruh Winfrey, Harrison Ford og Pamelu Anderson hefur komið þangað á einhverjum tímapunkti. Lúxustilveran á eyjunni er þó ekki nema fyrir þá sem eru vel efnaðir.





**Brigitte Bardot og Armação dos Búzios í Brasilíu**
Kynbomban Bardot fór í fræg ferðalög til Saint Tropez á frönsku Rivíerunni en hún jók einnig frægð brasilíska bæjarins Armação dos Búzios á sjöunda áratugnum. Bæjarbúar eru svo ánægðir með aukinn ferðamannastrauminn að þeir létu reisa styttu af leikkonunni íturvöxnu.



**Jay Z og Beyoncé á Kúbu**
Þessi frægu hjón ferðuðust til Kúbu til að fagna fimm ára brúðkaupsafmæli sínu fyrr á þessu ári. Talið er að þetta muni verða til þess að Bandaríkjamenn fjölgi ferðum sínum til eyjarinnar sem nú orðið er auðveldara að heimsækja en áður.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Í minningu kaupmanns

# Jóhannes Jónsson

Fæddur 31. ágúst 1940, látinn 27. júlí 2013



**✝ Jóhannes Jónsson fæddist í Reykjavík 31. ágúst 1940. Hann lést 27. júlí síðastliðinn.**

Foreldrar hans voru Jón Elías Eyjólfsson, verslunarstjóri hjá Sláturfélagi Suðurlands í Reykjavík, f. 21. ágúst 1916, d. 17. nóvember 2001, og Kristín Fanney Jóhannesdóttir, húsmóðir, hannyrðakona og starfsmaður Sláturfélags Suðurlands, f. 15. mars 1918, d. 19. október 2012.

Systir Jóhannesar er Ester f. 1947, gift Einari Vilhjálmssyni f. 1947. Þau eiga þrjá syni.

Jóhannes kvæntist Ásu Karen Ásgeirsdóttur f. 1942. Þau eignuðust tvö börn, Kristínu f. 1963, í sambúð með Sigurði Rúnari Sveinmarssyni f. 1969. Kristín á tvær dætur, Gunnhildi og Berglindi. Jón Ásgeir f. 1968, kvæntur Ingibjörgu Stefaníu Pálmadóttur f. 1961. Jón Ásgeir á þrjú börn, Ásu Karen, Anton Felix og Stefán Franz. Ingibjörg Stefanía á þrjú börn, Sigurð Pálma, Júlíönu Sól og Melkorku Katrínu.

Seinni kona Jóhannesar er Guðrún Þórsdóttir f. 1961. Hún á tvö börn, Ernu og Þór.

Kaupmennska varð ævistarf Jóhannesar þótt hann lærði prentiðn á sínum yngri árum. Jóhannes byrjaði sem verslunarmaður hjá Sláturfélagi Suðurlands með föður sínum. Hann varð síðar verslunarstjóri og gegndi því starfi í næstum tvo áratugi. Í apríl 1989 stofnaði Jóhannes lágvöruverðsverslunina Bónus ásamt fjölskyldu sinni, sem hann var lengst af kenndur við, og rak ásamt Jóni Ásgeiri, syni sínum. Árið 1992 keypti Hagkaup helmingshlut í Bónus og 1998 voru verslanirnar sameinaðar undir Högum. Í ágúst 2010 stofnaði Jóhannes verslunina Iceland í samstarfi við Malcolm Walker.

Jóhannes Jónsson braut blað í verslunarsögu Íslendinga þegar hann opnaði lágvöruverðsverslunina Bónus. Hann fór ótroðnar slóðir og gjörbylti verslun hérlendis með dagvörur, enda var Jóhannes ötull baráttumaður verslunarfrelsis og bættra kjara heimilanna.

Útför Jóhannesar fer fram frá Hallgrímskirkju í dag, 7. ágúst, og hefst athöfnin klukkan 15.00.

# Jóhannes Jónsson F. 31.08.1940 † D. 27.07.2013

## *í minningu kaupmanns*



Jóhannes Jónsson þriggja ára, árið 1943.

*Ég sakna þín, ég syrgi farinn vin,*
*í sálu þinni fann ég dýpsta hljóminn,*
*er hóf sig yfir heimsins dægur-glys…*

orti Steinn Steinarr um farinn vin. Mér finnst þessi orð eiga við þegar ég kveð föður minn, sem var líka viðskiptafélagi minn og vinur. Okkar samband var afar náið, eins og gott samband föður og sonar á að vera.

Pabba var mjög umhugað um að smita mig af viðskiptabakteríunni. Þeir afi voru verslunarmenn fram í fingurgóma. Á mínum yngri árum voru engar verslanir opnar á sunnudögum. Í minningu minni voru það okkar bestu tímar, þegar við fórum í sunnudagabíltúra. Á hverjum sunnudagsmorgni klukkan tíu höfðum við viðkomu í Matardeild SS í Austurstræti, þar sem hann var verslunarstjóri, og athuguðum kælana, að allt væri í lagi. Síðan lá leiðin gjarnan yfir til Binna blómasala þar sem þeir félagar spjölluðu um heima og geima. Oft þurfti ég að hnippa í þá og minna Binna á að það væru viðskiptavinir í búðinni. Sögurnar sem flugu á þessum stundum voru kannski ekki allar við hæfi ungs drengs.

Í þessum sunnudagsferðum spjölluðum við feðgar um allt milli himins og jarðar. Ég spurði og hann svaraði. Afi Jón var oft og tíðum með í för. Það var svo þegar ég var sex ára að ég fékk mitt fyrsta starf í SS Austurveri. Stoltur mætti ég til vinnu í alltof stórum verslunarslopp. Verkefnið var að fylla á eldrauðan, forláta kókkæli á laugardögum og fyrir það fékk ég 100 gamlar krónur, sem voru heilmiklir peningar í augum sex ára gutta.

Árin 1974 til 1980 var pabbi verslunarstjóri í Austurveri og það voru góðir tímar fyrir hann. Hann bjó til búð sem gaf verslunum vestanhafs og austan í engu eftir. Hann treysti mér og Madda vini mínum á þessum tíma fyrir því að reka útimarkað með ávexti og grænmeti. Þar var oft mikið fjör og alltaf kom karlinn í lok dags, fór yfir uppgjörið og starfsemi dagsins rétt eins og hann gerði hjá öðrum deildum í búðinni. Þar kenndi hann okkur kappsemi.

Ég minnist líka dýrðardaga í Kjósinni þar sem foreldrar mínir áttu sinn griðastað. Þar styttum við okkur stundir við veiði, grill og ferðir á vatnið. Hann var líka duglegur að taka á móti vinum sínum og ættingjum – þeir tímar eru dýrmætar minningar um samverustundir og skemmtilegar sögur.

Árið 1987 var honum sagt upp hjá SS. Þá hafði verið ákveðið að leggja niður smásölurekstur félagsins. Þetta var honum mikið áfall en mótvindur sló karlinn ekki út af laginu – þá kom upp í honum baráttuviljinn. Við sátum mörg kvöldin og spáðum í spilin, veltum fyrir okkur hvaða hugmyndum við gætum hrint í framkvæmd fyrir lítinn pening. Hann var mjög harður á því að við myndum ekkert gera árið 1988. Hann var mjög hjátrúarfullur á ýmsa hluti. Svo dæmi sé tekið mátti aldrei gera samninga á mánudögum og nýjar búðir mátti eingöngu opna á laugardögum.

Árið 1989 rann upp. Þá sagði hann við mig: „Ég ætla aldrei að vinna fyrir aðra en sjálfan mig.“ Ég var þá á síðasta ári í Versló og við gerðum áætlun um að opna lágvöruverslun í Skútuvogi 13. Í febrúar kom systir mín að okkur þar sem við vorum að brjóta heilann um gott nafn á fyrirtækið. Hún rak augun í skólaverkefni úr Versló sem ég hafði fengið C fyrir. Hún tók eftir athugasemd frá kennaranum: „Jón, því miður er þetta verkefni bara upp á C en þú færð bónus fyrir bréfaklemmuna.“ Ég hafði rekið stóra teiknibólu í gegnum blöðin. Kristín sagði þá við okkur feðga: Bónus er auðvitað nafnið. Við litum hvor á annan og hugsuðum: Af hverju hafði okkur ekki dottið það í hug?

Eftir að nafnið var komið fór í hönd tími skipulagningar þar sem við lögðum niður fyrir okkur hvernig við ætluðum að láta Bónus líta út. Óli frændi í Olís kom við á stundum og hafði sínar skoðanir á hlutunum. Það voru skemmtilegar kvöldstundir þegar þeir frændur skeggræddu viðskipti. Hugmynd fæddist smátt og smátt. Einfalt og aftur einfalt, takmarkaður opnunartími og síðast en ekki síst strikamerki á vörurnar. Bónus var fyrsta verslunin á Íslandi sem bauð upp á þá tækni. Það gekk brösuglega í fyrstu en svo náðum við tökum á tækninni.

Bónus í Skútuvogi var troðfull alla daga. Pabbi vildi fljótt setja upp aðra búð, ég samþykkti með semingi og áður en ég vissi af vorum við komnir með þrjár búðir, ein þeirra á Smiðjuvegi þar sem karlinn skipulagði yfirtöku svo vel að við breyttum húsgagnaverslun í Bónusbúð á sjö dögum. Hann var ótrúlega naskur á að finna staðsetningar fyrir verslanirnar. Níutíu prósent af Bónusbúðum, sem enn eru í rekstri, eru á stöðum sem hann valdi. Sumir þeirra virtust svolítið út í hött í fyrstu, eins og Hallveigarstígur í miðbænum, en þar hafa viðskipti blómstrað.

Fyrstu fimmtán árin unnum við náið saman. Vinnudagarnir voru oft langir en við tókum vart eftir því. Það var svo gaman í vinnunni. Okkur sinnaðist aðeins tvisvar á Bónusárunum svo ég muni en það jafnaði sig á nokkrum dögum. Við þurftum oft að vera útsjónarsamir á fyrstu árunum þegar heildsalar og framleiðendur vildu lítið við okkur tala. Við vorum óþægir aðilar inn á markaðinn, heildsalaveldinu var ógnað, eða eins og pabbi sagði um heildsala: „Sú tíð er liðin að þið getið ekið um á Bens sitjandi á einu sápustykki,“ enda þekkti hann vinnubrögðin frá SS-árunum.

Við fluttum inn mikið af merkjavöru og lækkuðum verðið stundum um helming. Á Íslandi hafði það verið siður að álagning heildsala var hærri en smásala, en erlendis er álagning heildsala tíu prósent af smásöluálagningu.

Hann var mikill markaðsmaður og kom Bónus yfirleitt á framfæri með óbeinum auglýsingum. Hann var í essinu sínu þegar hann gat rifið kjaft og staðið gegn bákninu. Sögurnar sem rifjast upp eru óteljandi. Ég gleymi því til dæmis aldrei þegar við fengum leyfi utanríkisráðherra til að flytja inn kjúkling í gegnum Keflavík. Skömmu áður höfðum við fengið þvert nei við slíkum innflutningi í landbúnaðarráðuneytinu. Mikil og fjörug umræða skapaðist. Ég held að við höfum næstum sprengt þáverandi ríkisstjórn með málinu.

Síðar tóku við viðskipti okkar á öðrum sviðum, en pabbi undi sér alltaf best í kjallaranum í Skútuvogi. Bónus átti alltaf hug hans allan. Það varð honum því mikið áfall þegar ráðist var á hann í júní 2010 og félagið, sem hann hafði byggt upp, var tekið af honum. Og það þrátt fyrir að hann hefði boðist til að koma með umtalsvert nýtt fé inn, mun meira en Arion fékk síðar fyrir félagið. Vinnubrögð Arion banka voru ódrengileg í besta falli. Ég held að faðir minn hafi aldrei komist yfir Bónusmissinn, þótt hann bæri sig alltaf vel.

Ég gæti haldið endalaust áfram að segja sögur af okkur feðgum, minningar um góðar stundir munu lifa. Hann kenndi mér margt, eins og að viðskipti eru ekki viðskipti nema báðir gangi sáttir frá borði. Sá sem fer ekki sáttur, hefur ekki áhuga á að vera í viðskiptum við þig. Þessi gildi standa ljóslifandi fyrir mér á hverjum degi. Hann kenndi mér líka að deila góðu gengi með góðum málefnum, til að mynda með stuðningi við Barnaspítala Hringsins.

En nú er komið að leiðarlokum. Ég þakka föður mínum samfylgdina í blíðu og stríðu, öll samtölin, ráðleggingarnar en umfram allt vinskapinn.

**Jón Ásgeir**

Elsku bróðir,

*Ég sendi þér kæra kveðju*
*nú komin er lífsins nótt,*
*þig umvefji blessun og bænir*
*ég bið að þú sofir rótt.*
*Þó svíði nú sorg mitt hjarta*
*þá sælt er að vita af því,*
*þú laus ert úr veikinda viðjum*
*þín veröld er björt á ný.*

*Ég þakka þau ár sem ég átti*
*þá auðnu að hafa þig hér,*
*og það er svo margs að minnast*
*svo margt sem um hug minn fer,*
*þó þú sért horfinn úr heimi*
*ég hitti þig ekki um hríð,*
*þín minning er ljós sem lifir*
*og lýsir um ókomna tíð.*

*(Þórunn Sigurðardóttir)*

Blessuð sé minning þín.

**Þín systir Ester**

Elsku besti afi Jói.

Ef einhver hefði sagt við mig daginn áður en þú fórst að þú værir að fara að kveðja þennan heim, þá hefði ég ekki trúað því í eina mínútu. Þú hefur alltaf verið hraustasti gamli kall sem ég hef vitað um. Svo hress, sterkur og skemmtilegur að ég óska þess alltaf að ég verði eins og þú þegar ég verð stór.

En nú ertu farinn og ég finn fyrir tilfinningum sem ég hef aldrei fundið fyrir áður. Söknuðurinn er svo ótrúlega sár og það vantar svo stóran part í lífið mitt. Aldrei aftur mun ég fá reglulegar símhringingar þar sem þú athugar hvort ég hafi það ekki örugglega gott og sé að fara vel með mig. Aldrei aftur mun ég sjá stóra vínrauða Cadillac-inn leggja fyrir utan Barðaströndina. Aldrei aftur munum við gæða okkur á kókosbollum saman. Aldrei aftur verður haldin veisla þar sem þú verður mættur fyrstur enda varstu alltaf mættur á slaginu. Þín verður svo ótrúlega sárt saknað.

Mínar fyrstu minningar um þig voru þegar ég bjó í Danmörku. Þá komstu alltaf með risapáskaegg frá Íslandi handa litlu mér. Það var áreiðanlega kveikja nammifíknarinnar en ég tel að við höfum alltaf verið mestu nammigrísirnir í fjölskyldunni. Mér fannst alltaf jafn spennandi að koma með þér á skrifstofuna þína í Skútuvogi. Þar var stór plastgrís sem var stútfullur af karamellum. Ég fékk oft pening til að fara upp í búðina og kaupa mér nammi og svo var amma á skrifstofunni við hliðina að gera upp. Þetta voru góðir tímar.

Þegar þú bjóst á Akureyri þá fór ég þangað sem oftast enda skemmtum við okkur alltaf svo vel saman. Þar var ég líka mikið á sumrin og hafði endalaust gaman af. Þú sendir mig á hestanámskeið og auðvitað golfnámskeið, enda hefur þú lengi verið með golf á heilanum. Ég á svo ótrúlega mikið af góðum minningum með þér að ég gæti skrifað heila bók.

Það er margt sem ég tel mig hafa erft frá þér. Auðvitað fékk ég krullurnar frá þér, örlitla athyglissýki, sterkar skoðanir sem ekki er hægt að breyta, nammisýki, enga kunnáttu í eldamennsku og svo þörf fyrir að stjórna.

Þú varst einstakur maður sem hafa verið forréttindi að fá að kynnast. Þegar fjölskyldan gekk í gegnum erfiða tíma þá varst þú alltaf til staðar til að passa upp á að öllum liði vel. Þú gerðir allt fyrir alla, þú gast ekki hugsað þér að vera verkefnalaus, þú hafðir endalausan drifkraft, varst nýjungagjarn, ekki hræddur við að taka áhættu og komst sífellt á óvart.

Það var ekkert sem gladdi þig jafn mikið og þegar fjölskyldan var mætt öll saman. Þú varst alltaf ánægður að sjá okkur og við vorum alltaf ánægð að sjá þig. Þú varst stórbrotinn einstaklingur með yndislegan persónuleika. Þú varst heimsins besti afi og ég er svo ótrúlega þakklát fyrir að hafa átt þig að. Ég hef alltaf verið stolt af þér og mun alltaf verða. Þú ert frábær fyrirmynd og þér verður aldrei gleymt. Ég vona að það fari vel um þig, ömmu Stínu og afa Jón hvar sem þið eruð.

Ég elska þig og sakna þín svo óendanlega mikið.

**Þín Gunnhildur**



Jóhannes ásamt barnabörnum sínum (frá vinstri), Stefáni Franz, Berglindi, Gunnhildi, Ásu Karen, og Anton Felix árið 2011.

Elsku afi okkar. Það var sárt að þurfa að kveðja þig á þessum fallega sumardegi þann 27. júlí, aðeins 72 ára. Þú varst svo jákvæður að sigrast á þessum veikindum og gafst aldrei upp. Þú varst þrjóskur á þessum tímum eins og oft áður. Ég reyndi oft að segja þér að slaka á en þú hafðir bara svo „margt annað að gera“. Það var alla tíð svo mikill kraftur í þér.

Það var svo merkilegt að þegar ég byrjaði í fimm ára bekk fékk ég sama kennara og hafði áður kennt þér við sama skóla. Þér fannst það ekki leiðinlegt þá sérstaklega af því að þú vildir meina að þú værir svo ungur.

Þú varst alltaf duglegur að kíkja í heimsókn til okkar, einkum í sunnudagskaffi. Þú varst algjör sælkeri og bauðst okkur gjarnan kókosbollur er við komum í heimsókn. Því varst þú hæstánægður með kókosbollukökuna í afmælum hjá okkur því hún var með svo miklu ávaxtafjalli ofan á að þú taldir hana „holla“. Það var aldrei langt í húmorinn hjá þér.

Það fór aldrei lítið fyrir þér og þú varst nú svolítið athyglisljón með mikinn og stóran persónuleika. Þú varst mikill athafnamaður og þið pabbi smituðuð okkur hin, maður var farinn að raða og taka til í búðunum áður en maður vissi af. Það var alltaf mikill kraftur í þér og mikið fjör í kringum þig. Þú varst beinskeyttur og lést heyra í þér ef þér líkaði ekki hvernig hlutirnir voru. En þú varst líka ljúfur inn við beinið með stórt hjarta og alltaf mjög stundvís.

Þær eru margar minningarnar sem við geymum í hjörtum okkar um afa Jóa.

Takk fyrir allar þær stundir sem þú áttir með okkur, amma Stína mun taka vel á móti þér.

**Ása Karen, Anton Felix og Stefán Franz**

Svipur Jóhannesar var rannsakandi þegar Kristín kynnti mig fyrir föður sínum: „Svo hér er maðurinn sem þú hefur falið fyrir okkur allan þennan tíma,“ sagði hann og mældi mig út. Þetta voru mín fyrstu kynni af Jóhannesi. Með þéttu handabandi bauð hann mig velkominn.

Jóhannes var hjartahlýr maður. Hann bar mikla umhyggju fyrir fjölskyldu sinni og leitaðist við að hlúa að henni og sérstaklega barnabörnum sínum, sem hann sinnti af kostgæfni. Þeirra missir er mikill.

Einstakt samband var á milli þeirra feðgina sem einkenndist af virðingu, trausti, umhyggju og ást.

Ekki leið sá dagur, að hann heyrði ekki í dóttur sinni.

Hann hafði mikla ánægju af að ræða um liðna tíma, mjög minnugur á menn og málefni. Hann var barnungur sendur í sveit að Sólheimahjáleigu í Mýrdal og bar hann mikla virðingu fyrir þeim tíma. Þar voru gildin mótuð, eins og hjálpsemi, vinnusemi, snyrtimennska og stundvísi.

Hann var orðheppinn og skemmtilegur maður og naut sín vel á mannamótum.

Jóhannes var kappsamur í golfi sem og öðru. Sagðist hafa viljað byrja að spila miklu fyrr.

Árrisull var hann ætíð og kom sérstaklega snemma á sunnudagsmorgnum fannst manni. „Er ekki búið að baka eitthvað gott?“ sagði hann iðulega við dóttur sína og kímdi.

Guð blessi minningu Jóhannesar Jónssonar.

**Sigurður R. Sveinmarsson**

*Leiði þig í hæstu heima*
*höndin Drottins kærleiks blíð.*
*Ég vil biðja Guð að geyma,*
*góða sál, um alla tíð.*

*Öðrum stærra áttir hjarta*
*æ þín stjarna á himni skín.*
*Myndin geymir brosið bjarta*
*blessuð veri minning þín.*

*(Friðrik Steingrímsson)*

Þótt sólin hafi að undanförnu skinið á okkur landsmenn, hafa verið dimmir dagar í hugum nánustu ættingja og vina Jóa. Vonin um að hann myndi sigrast á sjúkdómi sínum var svo sterk, en þar var þó við ofurefli að etja og varð hann að lúta í lægra haldi. Eftir stöndum við vanmáttug. Sorg og söknuður hreiðra um sig í hjartanu svo undan svíður, en fullur þakklætis fyrir góðar gengnar stundir mun ég leyfa hlýjum minningum að græða sárin.

Sextíu ára vinátta er langur tími og Jói naut þess oft, á góðum stundum, að rifja upp gamlar minningar, sem ég hafði hann grunaðan um að ýkja verulega því hann vissi sem var að ég hafði ekki stálminni hans.

Afi minn og faðir hans voru vinir og báðir verslunarmenn í Hafnarstræti 5. Þar kynntumst við Jói og bundumst ævarandi vinaböndum. Við vorum ungir og uppátækjasamir og nutum okkar við leik og störf. Þar fór enginn meðalmaður þar sem Jói fór. Hann var alla tíð fyrirferðarmikill, kraftmikill og atorkan ótrúleg. Marga fjöruna höfum við sopið á lífsleiðinni, stundum tapað en oft unnið.

Hann var málsvari þeirra er minna máttu sín og ófáir nutu góðvildar hans. Undir oft og tíðum hrjúfu yfirborði sló gullhjarta og barnsleg einlægni. Við ætluðum að eldast saman og sáum okkur sitjandi í ruggustólum á verönd einhvers staðar í sól og sumri. Samband okkar síðustu árin var náið og fallegt og ef nokkrir dagar liðu án þess að heyra hvor í öðrum, þá var það ætíð Jói sem hringdi og alltaf hljómaði sama setningin: „Ég hélt að þú værir dauður.“

Nú er röðin þögnuð, en hjól tímans snýst hratt og sú vissa að lífið er aðeins andartak af eilífðinni veitir huggun.

Elsku Guðrún, umhyggja þín og elska hefur verið aðdáunarverð gegnum árin. Við Ásta biðjum algóðan Guð að styrkja þig, Ernu og Þór, Kristínu og Jón Ásgeir og fjölskylduna alla.

Vertu ávallt Guði falinn, elsku vinur-inn minn og…

*Við hittumst í landinu*
*þangað sem fuglasöngurinn fer*
*þegar hann hljóðnar*

*(Jökull Jakobsson)*

**Hendrik (Binni)**

Það var gaman að eiga Jóhannes í Bónus að vini. Fjölskyldur okkar höfðu þekkst um langan tíma. Við erum því mörg sem söknum Jóhannesar þegar hann er fallinn frá. Krafturinn og lífsgleðin, þekking hans og reynsla. Það var sama hvar var borið niður. Ætíð var Jóhannes með á nótunum. Við fráfall hans er mér þó efst í huga baráttusaga fjölskyldu hans og Bónuss, því ég fylgdist nokkuð með henni.

Sumir eru á þann veg gerðir að mótlæti herðir þá og stælir. Edison gerði 10.000 tilraunir áður en ljósaperan varð til. Fimmtugur að aldri hafði Jóhannes átt sér draum um verslun sem seldi matvöru á lægsta verði. SS hætti með rekstur matvöruverslana en þar hafði Jóhannes starfað stóran hluta ævi sinnar. Núna var hann fimmtugur, atvinnulaus og eignalaus, nýkominn úr „meðferð“! Fékk hvergi vinnu. En hann hafði hugsjónina, dugnaðinn og þekkinguna. Og fjölskylduna. Þar var að finna 21 árs gamlan son þeirra hjóna, Jón Ásgeir, sem ég tel gæddan snilligáfu þótt sjálfur gangist hann fúslega við því að hafa gert sín mistök. Þau gátu önglað saman einni milljón. Fengu vörubirgja til að lána eina úttekt gegn því að staðgreiða vörukaup eftir það. Ég átti oft tal við Jóhannes á þessum tíma. Þekkti ekki Jón Ásgeir þá en sá að hann var ætíð eins og límdur við tölvuskjáinn. Í nær gluggalausum kjallara í Skútuvogi 13. Frá morgni til kvölds. Það fór ekkert fram hjá honum. Allar vörur voru strikamerktar sem ekki þekktist þá. Með þeim og fullkomnu tölvukerfi var unnt að fylgjast með sölu og afkomu hvers dags.

Kaupmenn höfðu lengi kvartað undan alltof lítilli álagningu. En Bónus gerði sér lítið fyrir og lækkaði hana um helming, í 15%! Það ætlaði allt af göflunum að ganga. Þeir stóru hótuðu viðskiptaslitum ef heildsalar hættu ekki að selja í Bónus. Þeim fannst sárt að selja vörur á 100 krónur sem Bónus seldi kannski á 70-80 krónur. Stundum var Bónus stillt upp við vegg, en ævinlega tókst þeim að útvega sér ódýrar vörur erlendis frá. Það eru fjölmörg dæmi þess að vöruverð til Íslands hafi lækkað varanlega í kjölfar þessara átaka. Það var útsölustemning alla daga í Bónus. Þeir höfðu neytendur með sér. En keppinautar töldu að Bónus væri bóla – og bólur springa. Það var Bónus mikið lán að um nokkurra ára skeið tók enginn þá alvarlega, nema neytendur!

Sennilega sá þó einn keppinauturinn fyrr en aðrir hvar einn helsti styrkleiki Bónuss lá. Ég hef það fyrir satt að brautryðjandinn Pálmi í Hagkaup hafi fljótt áttað sig á því hver hélt um taumana í stjórnstöð Bónusar – Jón Ásgeir Jóhannesson, sem síðar varð tengdasonur Pálma! „Það er strákurinn“ mun Pálmi hafa sagt!

Saga Jóhannesar í Bónus er saga um stanslausa baráttu. Þetta var stríð upp á hvern dag, árið um kring. Ævinlega var borin mikil virðing fyrir viðskiptavinum félagsins. Það var ekki lítil ákvörðun að halda sama verði í öllum verslunum Bónuss, hvar sem var á landinu. Svona var og svona er Bónus eins og Jóhannes mótaði stefnuna. Eins og það hafi ekki mikil áhrif á lífskjör á landsbyggðinni að hafa opna Bónusverslun í nágrenninu!

Ég veit að fulltrúar erlendra smásölurisa hafa undrast hvernig Bónus getur lifað við þá lágu álagningu sem þeir hafa. En með einfaldleikann að vopni og með því að vera á tánum allan daginn, alla daga hefur þetta tekist.

Jóhannes var stór í sniðum og góður maður sem mátti ekkert aumt sjá. Hann var óverkkvíðinn maður sem elskaði að standa á miðju gólfinu og taka til hendi. Honum leið líka vel á spjalli við viðskiptavini Bónuss sem margir vildu taka í hendina á honum til að þakka fyrir sig.

Og það er einmitt það sem þjóðin vill gera í dag – þakka Jóhannesi í Bónus fyrir samfylgdina. Fyrir hjálpina. Fyrir að létta okkur lífið. Það var gaman að kynnast þér, Jóhannes. Já, reyndar heilt ævintýri.

Verð því miður erlendis þegar jarðarförin fer fram, en ég veit að Jóhannes virðir það.

Guðrúnu, eiginkonu hans, börnum beggja, Ásu og barnabörnum votta ég innilegustu samúð mína.

**Ragnar Tómasson**

# Jóhannes Jónsson F. 31.08.1940 † D. 27.07.2013

## *í minningu kaupmanns*



Ása Karen Ásgeirsdóttir og Jóhannes ásamt dóttur þeirra Kristínu Jóhannesdóttur.

Nú þegar við kveðjum Jóhannes koma upp í hugann margar minningar sem við áttum saman í Bónus, minningar um mann með sterkar skoðanir á fólki og málefnum.

Jóhannes var stórhuga, litríkur almúgamaður sem átti svo sannarlega viðburðaríka ævi og setti mark sitt á íslenskt samfélag.

Fróðir menn hafa sagt að Jóhannes hafi lagt meira af mörkum til að bæta lífskjör fólks en nokkrum verkalýðsleiðtoga hafi tekist. Jóhannes byrjaði með tvær hendur tómar, var stórhuga, sá tækifæri þegar aðrir sáu ókleifan tind, hamhleypa til verka og meðvitaður um að það þyrfti að leggja hart að sér til að uppskera. Hann efldist við mótlæti en með dugnaði og áræðni tókst honum að byggja upp öflugt verslunarfyrirtæki. Bónus gekk vel frá fyrsta degi. Jóhannes var talsmaður og andlit fyrirtækisins og honum fórst það vel úr hendi því hann talaði frá hjartanu og hafði hugrekki til að segja það sem honum bjó í brjósti. Smátt og smátt varð Jóhannes í Bónus „maður fólksins“ eingöngu með því að vera hann sjálfur.

Við sem unnum með Jóhannesi í tæpa tvo áratugi stöndum í ævarandi þakkarskuld við hann. Tíminn með honum var mikill og góður skóli, hann hafði skýra sýn á fyrirtækið og stefnu þess, hafði óbilandi trú á okkur starfsfólkinu og gaf okkur tækifæri. Mistök voru ekki til, aðeins lærdómur. Fyrir honum voru allir jafnir og mikilvægir. Engin keðja var sterkari en veikasti hlekkurinn. Það gilti einu hver kom í Skútuvoginn, starfsfólkið eða viðskiptavinir, nú eða bara fólkið af götunni, allir voru velkomnir. Hann var góður á manninn eins og sagt er. Hugurinn var kvikur og hann snar í tilsvörum. Hann var með eindæmum orðheppinn og hrókur alls fagnaðar, sögumaður mikill, með sterka rödd sem náði óskiptri athygli, hæfilega kaldhæðinn. Hann tók starf sitt alvarlega en alls ekki hátíðlega, enda maður fólksins, vinur almúgans.

Líkt og aðrir glímdi Jóhannes við lesti sem hann skoraði síðan á hólm. Við munum þá tíma þegar hann reykti þrjá pakka af sígarettum á dag og þótti sopinn góður. En einn daginn fékk hann nóg, hingað og ekki lengra, hann skoraði fíknina á hólm og hafði sigur. Þannig minnumst við hans, verkefnið ærið en aldrei í myndinni að gefast upp.

Við fráfall Jóhannesar er flóra mannlífs fátækari og við stígum þögul til jarðar, vottum miklum meistara virðingu okkar með þeim hætti, meistara sem lét sér annt um þjóð sína. Við kveðjum einstakan vin og vottum fjölskyldu hans og ástvinum samúð okkar. Jóhannes var sannarlega ekki allra en hann var okkar.

**Kveðja frá samstarfsfólki úr Bónus**

Kynni okkar Jóhannesar hófust þegar ég var tíu ára gamall gutti að sækja um vinnu í SS Austurveri. Þetta ár var það fyrsta í ein 30 ár sem ég vann hjá honum í þeim fyrirtækjum sem hann var í forsvari fyrir eða tengdist. Oft hef ég sagt að ég varði fleiri stundum með Jóa á þessum árum en með foreldrum mínum. Ég lærði strax að Jói gerði miklar kröfur til þeirra sem unnu fyrir hann og ef maður lagði sig fram í þeim verkefnum sem lágu fyrir, þá var hann ánægður. Það er óhætt að segja að ég hafi lært mikið í skóla lífsins hjá Jóa. Já skóli, öll þessi ár voru stöðugur skóli.

Samband okkar var ótrúlega gott og voru samverustundir okkar í Kjósinni næstu ár á eftir ógleymanlegar, þar fann sá gamli frið og var margt brallað eins og gerist og gengur. Í Kjósinni var griðastaður Jóa og fjölskyldu og var ég strax tekinn inn eins og einn af fjölskyldunni, en þannig var einnig um svo marga sem voru í kringum hana. Þegar fjölskyldan opnaði Bónus var ég tiltækur og sló til. Þetta átti bara að vera stutt stopp en 16 tíma vinnudagarnir urðu ansi margir og Bónusbúðirnar fleiri og fleiri, þannig að þessi stutti tími varð ansi langur.

Vegir okkar Jóa lágu ekki bara saman í starfi, því ég varð þess heiðurs aðnjótandi að fá að ferðast með honum í gegnum árin. Eftirminnilegasta ferðin sem við fórum utan er ævintýraferð sem við fórum fyrir um 18 árum til Brasilíu. Þetta var ógleymanleg tíu daga þéttskipuð dagskrá fyrir nokkra góða félaga. Hér heima datt Jói í sleðaferðir með okkur félögunum, hafði svo til aldrei sest á vélsleða en fyrsti túrinn hans var þriggja daga alvörutúr og hann gaf ekkert eftir og fór þetta á hörkunni eins og margt annað. Einnig kom hann með okkur í fjórhjólatúra á haustin og lét ekki veðrið hafa of mikil áhrif á sig þótt snjóaði eða rigndi. „Strákarnir geta þetta og þá get ég það líka,“ sagði hann.

En allt er breytingum háð, eftir að við hættum að vinna saman og ég fór aðra leið þá héldum við alltaf sambandi. Síðasta mánuðinn vorum við alltaf á leiðinni að fá okkur kaffi saman en því miður náðum við því ekki. Ég veit að við fáum okkur kaffi saman seinna, annars staðar.

Ég votta fjölskyldunni mínar dýpstu samúðarkveðjur og veit að hennar missir er mikill, en gleymum ekki öllum minningunum sem við eigum um góðan mann, pabba, afa, vin og síðast en ekki síst einstaka persónu.

**Doddi (Þórður Þórisson)**

Ég var um það bil sex ára, þegar ég man fyrst eftir að hafa farið í sund með Hanna í sundlaugina á Nesinu eftir að hafa gist hjá Hanna og Ásu á Barðaströndinni. Sundferðirnar hófust yfirleitt í bakaríinu þar sem við keyptum vínarbrauð eða snúð.

Eitt sinn var ég að monta mig af því að vera byrjaður að læra sund í skólanum. Hanni spurði mig hvort ég væri þá orðinn syndur? Ég hélt það nú, og um leið og ég sleppti orðinu grýtti hann mér út í laugina og mátti svo hafa sig allan við að synda á eftir mér, þar sem sundgetan var ekki upp á marga fiska.

Minningarnar úr Kjósinni eru líka ofarlega í huga. Kjósin var hans griðastaður. Þá fórum við stundum einir upp eftir á föstudegi til að slá grasið eða bera á bústaðinn. Síðar náði ég að plata hann til að kaupa fjórhjól. Þá mátti nú slátturinn oftar en ekki sitja á hakanum.

Svo komu strákarnir Jón Ásgeir, Eyjó og Jón Þór ásamt fleirum stundum á laugardögum eftir vinnu í Bónus. Þá var grillað og málin rædd. Þeir áttu það svo til að bruna á ball í Hreðavatnsskála eða þaðan af lengra, en ég sat eftir, enda tólf árum yngri en þeir.

Og alltaf þegar Hanni kom frá útlöndum kom hann með súkkulaðistykki handa mér alveg þar til ég var farinn að fara oftar til útlanda en hann.

Hanni var mikill framkvæmdamaður. Þegar ég opnaði mitt fyrsta fyrirtæki var hann gríðarlega áhugasamur um allt sem kom að þeim framkvæmdum og lagði ýmislegt til málanna.

Hann var ekki síður áhugasamur þegar reksturinn hófst, kom reglulega til að láta þrífa bílinn, jafnvel oftar en góðu hófi gegndi. Ég hafði hann grunaðan um að vilja bara sjá hvort allt væri ekki eins og það ætti að vera. Ég minnist líka símtalanna: Hvað segir Villi? Hvernig gengur? Við héldum alltaf góðu sambandi, þó að margar kynslóðir skilji okkur að.

Það var gaman að hlusta á hann segja sögur af sér og öðrum. Hann hafði einstaklega gaman af því að tala við fólk, og þegar hann sagði frá hlustuðu allir. Hanni var skemmtilegur húmoristi með beittan húmor – kannski fullbeittan að sumra mati. Hann var með stórt hjarta og margir nutu góðs af því.

Nóttina áður en Hanni lést vorum við fjölskyldan uppi á spítala hjá honum. Við héldum í vonina um að hann myndi bíta þetta af sér, baráttumaðurinn sjálfur. Hann nefnilega sagði þegar hann sigraðist á fyrra krabbameininu að hann ætti 30 góð ár eftir. Sú von brást.

Ég á eftir að sakna góðs frænda og vinar.

**Villi**

Það virðist sem augnablik síðan ég hitti Jóhannes Jónsson í fyrsta sinn árið 1987. Hann var þá í hópi Sláturfélagsmanna sem komu vikulega til fundar á auglýsingastofuna Gott fólk að ræða auglýsingar og markaðsmál SS-búðanna og félagsins. Ég starfaði þar nýkominn heim úr námi. Jóhannes var með eindæmum orðheppinn og það gerði þessa fundi minnisstæða og skemmtilega. Með okkur tókust strax góð kynni.

Jóhannes byrjaði ungur að vinna hjá föður sínum í matardeild Sláturfélags Suðurlands. Hann upplifði á ævi sinni miklar breytingar í verslunarháttum. Jóhannes og félagar hans þekktu verslunarsöguna svo vel að þeir gátu sagt til um hvernig ákveðnar vörur höfðu ratað til landsins. Þeir gátu nafngreint viðskiptavini sem komu heim úr ferðalögum og langaði í krydd, kex, pasta eða sósu, sem þeir höfðu smakkað í útlöndum. Þá hófst vinna við að finna vöruna, koma henni heim og bjóða hana í hillum búðanna.

Rúmu ári eftir okkar fyrsta fund hætti SS verslunarrekstri og Jóhannes lét af störfum en stofnaði síðan Bónus ári síðar, þann 8. apríl 1989. Síðar það ár hóf ég störf hjá SS og átti því áfram í töluverðum samskiptum við Jóhannes, sem síðar leiddu til þess að ég hóf að vinna fyrir hann og fjölskyldu hans árið 1998.

Tilkoma Bónuss var bylting fyrir neytendur. Fyrsta Bónusverslunin var opnuð í 400 fermetra húsnæði við Skútuvog. Jóhannes sagði við það tækifæri: „Verslunin nefnist Bónus og dregur nafn sitt af þeim afslætti sem veittur verður af öllum vörum.“ Innréttingar voru einfaldar og ódýrar. Vöruveltan mikil og með lágum tilkostnaði var hægt að bjóða mun lægra verð en áður hafði þekkst. Viðtökur landsmanna voru frábærar, enda vöruverð strax miklu lægra í nýju versluninni og Jóhannes ötull baráttumaður verslunarfrelsis og bættra kjara heimilanna. Jóhannes var stoltur af því að vera kaupmaður. Starfið krefst mikilla samskipta og þar var Jóhannes á heimavelli, hvort sem það voru starfsmenn, birgjar eða viðskiptavinir. Hann var ávallt í nálægð við viðskiptavininn og hlustaði vel á hvað mátti betur fara.

Þáttur Jóhannesar í verslunarsögu landsins er merkur og hann hefur markað djúp spor. Hann gjörbylti verslun hér á landi með dagvörur og var framsýnn, enda fylgdist hann ávallt vel með. Hann færði heimilum landsins verulegar kjarabætur með stofnun Bónuss.

Til að lýsa hugarfari Jóhannesar sem kaupmanns, þá er mér minnisstætt þegar við Guðmundur Marteinsson í Bónus tókum mynd af Jóhannesi við stóran áletraðan stein í inngangi verslunar í Bandaríkjunum. Jóhannes var ánægður með áletrunina, en þar stóð. Regla númer 1: „Viðskiptavinurinn hefur alltaf rétt fyrir sér.“ Regla númer 2: „Ef þú ert í vafa, lestu þá aftur reglu númer 1.“ Hann sagði brosandi eftir myndatökuna: „Þetta er ekki flóknara.“

Fyrrverandi samstarfsfólk Jóhannesar kveður nú góðan félaga með söknuði og þakklæti fyrir skemmtilegan og lærdómsríkan tíma. Ég vil fyrir hönd okkar allra senda fjölskyldu hans innilegar samúðarkveðjur og persónulega þökkum við Anna samfylgdina og góðar stundir.

**Finnur Árnason**

Fallinn er frá sannur höfðingi og mikið ljúfmenni. Við systkinin vorum svo heppin að fá að kynnast Jóhannesi þegar við vorum að vaxa úr grasi. Æskuminningar okkar eru fullar af skemmtilegum stundum á Bræðraborgarstíg, þar sem Ása og Jóhannes bjuggu. Sumrin í Kjósinni voru alltaf björt og sólrík. Jóhannes var duglegur að taka krakkaskarann út á vatn þar sem við renndum fyrir fisk. Jóhannes sýndi okkur tökin og stundum fiskaðist vel og stundum illa en alltaf var hlegið og hló Jóhannes oftar en ekki manna hæst. Árin liðu og samverustundirnar urðu færri en tengslin rofnuðu aldrei. Gamlárskvöld á Seltjarnarnesi var fastur liður og ómissandi í huga okkar systkina. Jóhannes sýndi fölskvalausan áhuga á öllu því sem við tókum okkur fyrir hendur. Hann spurði mikið og hvatti okkur áfram og var óspar á hlý orð. Blessuð sé minning hans.

**Ásdís Schram, Arna Schram, Aldís Brynja Schram og Höskuldur Kári Schram**

**Hinsta kveðja**

Með djúpri virðingu og þakklæti kveðja skátar góðan velgjörðarmann. Skáta sem ávallt var reiðubúinn að leggja skátahreyfingunni lið í orði sem á borði.

*Sofnar drótt, nálgast nótt,*
*sveipast kvöldroða himinn og sær,*
*allt er hljótt, hvíldu rótt.*
*Guð er nær*

**Bragi Björnsson skátahöfðingi**

Jóhannes,
takk fyrir matinn.

**Unnur Guðjónsdóttir,**
**bekkjarsystir úr Gagnfræðaskóla Austurbæjar,**
**fyrrv. listdansstjóri Þjóðleikhússins,**
**Kínaklúbbur Unnar**



Guðrún og Jóhannes.



Jóhannes ásamt Þór og Ernu.

Manna vænst hefur mér þótt um Jóhannes, enda kom hann í litrófinu öllu og hafði ekki hæfileika til að látast.

Nú, þegar ég lít til baka, þakka ég fyrir að hafa sagt við hann, oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að mér þætti vænt um hann og vináttu hans.

Svo sannleikans sé gætt, þá man ég ekki eftir að hann hafi endurgoldið blíðyrðin en satt er að hann sýndi mér meiri vináttu en nokkur orð hefðu numið á þessum áratugum sem við áttum samleið. Eitt það kostulegasta við Jóhannes og raunar mesta skemmtunin við hann og trúlega hans eigin gleði var að koma flatt upp á fólk með setningum sem voru til þess fallnar að slá fólk aðeins út af laginu og koma því úr fyrsta gír.

Ég segi og skrifa að aldrei tókst honum að láta mig roðna og lygilaust þá sneri ég alltaf á hann. Meira að segja svo að hann þurfti að koma með eitthvað virkilega krassandi til að ég svaraði honum ef ég var mikið í kringum hann.

Ef hann reiddist, sem var reyndar ekki oft, þá gaus hann eins og eldfjall en munurinn á honum og öðru fólki sem glatar ró sinni í stundarhita var sá að hann næstum ætlaðist til viðmóta hughrifa á móti enda svaraði ég honum iðulega í stíl við efnið og kallaði hann við tækifæri frekju, fatsó og öðrum tilþrifalitlum ónefnum. Þótt hann ofhitnaði þá skellihló hann þegar hann fékk það óþvegið til baka eða þagði bara ef ég var í skrautyrtara lagi og horfði á mig eins og veru af annarri plánetu – „jæja Randý mín, dýrin í skóginum eru ekki alltaf vinir“.

Gleði og gamansemi einkenndu skapgerð Jóhannesar fremur en annað og ásamt gífurlegri orku hans og hæfileika til að draga fram það besta í þeim sem unnu með honum má skammlaust segja að fáum mönnum hef ég starfað með og fyrir sem ég hef haft aðra eins skemmtan af.

Ég myndi aldrei kveðja Jóhannes með mærðarorðum, honum þótti lítið til þeirra koma, en ef gömul kona eða karl réttu honum höndina og þökkuðu honum fyrir að sækja sig í rútu til að kaupa ís fyrir barnabörnin sín þá gat glitt á óvelkomið tár.

Því í Jóhannesi blakti músarhjarta undir skrápnum. Hann var með alls kyns hugsjónir, sumum kom hann í verk, öðrum ekki. Honum fannst að allir ættu að geta keypt sér í matinn og að hans hlutverk væri að sjá til þess. Ég efast um að margir átti sig á baráttunni sem fór fram í árdaga Bónuss og hvað þurfti til að koma hlutunum í gang. Þar voru mörg ljón í veginum en lífið er nú einu sinni þannig að þegar eitt ljón fellur þá kemur annað.

Huggun er að inn á milli skín sólin og umvefur allt.

Og þannig eru minningarnar og þannig lítum við til baka.

Mig langar mest til að enda þessi orð með „sjáumst fatsó“ en það væri algerlega úr takti við uppeldi mitt. Í staðinn ætla ég að setja inn eina sálminn sem ég hef skrifað og Jóhannes, ég þakka fyrir að hafa sagt takk og að hafa látið þig vita.

*Svo hljóð er þögnin*
*himinn leggst á grúfu*
*og heldur fast um hverja litla þúfu*
*og liggur kyrr*
*en blómin björtu titra*
*og biðja bara um tár sem ennþá glitra.*

*En mitt í hjarta lífsins vonin vaknar*
*og vefur örmum þig sem dagsins saknar*
*og leiðir burt með höndum undurblíðum*
*að brjósti alls sem er*
*og var og verður.*

*Og sjá á himnum vængjum sínum blaka*
*englarnir sem yfir okkur vaka.*

**Edith Randý Ásgeirsdóttir**

Handartakið var þétt, hjartað stórt, umhyggjan fyrir samfélagi sínu mikil, hugsunin stór. Blik augnanna lýsti góðvild. Hann var skáld athafna sinnar tíðar. Í áratugi var hann í fararbroddi smásöluverslunar hér á landi. Sýn hans á kaupmennsku var einstök og var unun að hlusta á þegar hann jós úr brunni þekkingar sinnar og reynslu á því sviði. Enginn hafði betri sans fyrir staðsetningum verslana, útliti þeirra og vöruvali en Jói í Bónus. Kjarabætur hans til Íslendinga í formi lægra vöruverðs frá stofnun Bónuss árið 1989 verða seint fullþakkaðar. Fáir ef nokkrir hafa lagt meira til íslensks samfélags en hann gerði á sinni ævi með fjölskyldu sinni.

Sterkbyggður, stæðilegur, snyrtilegur og orðheppinn með eindæmum. Það fór aldrei á milli mála þegar Jói í Bónus mætti á svæðið. Með nærveru sinni fyllti hann upp í það rými sem hann var staddur í hverju sinni. Sögurnar, frásagnarlistin: Það lék þetta enginn eftir.

Þrátt fyrir ríflega þriggja áratuga aldursmun var Jóhannes í samskiptum eins og jafningi minn í aldri – stundum sennilega ögn yngri. Stöðnun í hugsun með aldrinum var ekki til.

Jóhannes var ekki skaplaus maður og umburðarlyndi gagnvart óréttlæti, leti, undirferli og fleiri mannanna löstum var ekkert. Hann var dómharður og leyndi aldrei skoðunum sínum, en þegar dómharkan byggir á réttsýni, heiðarleika og hreinskilni er blandan rétt – og enginn þarf að óttast að fá slíka menn í bakið.

Jóhannes lifði ekki átakalausa ævi. Eins og margir stórstígir menn þurfti hann að glíma við brennivínspúkann, sem hann lagði að velli. Með stofnun Bónuss hóf hann að glíma við staðnað laga- og reglugerðarvald íslenskra innflutningshafta og hafði betur í mörgum orrustum. Þótt það stríð hafi ekki unnist að fullu náðist að breyta mörgu. Hann breytti óhagkvæmu smákóngaveldi íslenskra heildsala, þannig að innflutningur til landsins varð hagkvæmari í formi stærri rekstrareininga.

Ein stærstu átök Jóhannesar í lífinu hófust með upphafi Baugsmálsins. Í þrjú ár þurfti hann að sitja undir því óréttlæti að vera sakborningur í lögreglurannsókn, sem alltaf stækkaði og stækkaði, því enginn fannst glæpurinn. Í stað þess að hætta rannsókn var haldið áfram. Tæpum þremur árum eftir upphaf þeirrar rannsóknar var hann ásamt fleirum ákærður fyrir uppskálduð og algjörlega rakalaus meint efnahagsbrot fyrir fleiri milljarða, sem misvitrir handhafar opinbers valds klömbruðu saman á grundvelli illvilja og þess slæma mannlega lastar að geta aldrei horft framan í eigin mistök. Það stríð vannst og fyrir Jóhannes náði réttlætið fram að ganga. Í þeim hremmingum kom best í ljós takmarkalaus væntumþykja og ást hans á börnum sínum.

Hvergi leið honum betur en innan um viðskiptavini sína á gólfinu í Bónus. Hann fór hratt yfir og kom við í mörgum verslunum á hverjum degi. Á þessum ferðum sínum gekk hann úr skugga um að í verslunum væri allt spikk og span í samræmi við sínar ströngu kröfur. Í miklum viðskiptasigrum Baugs Group á erlendum smásöluvettvangi missti hann aldrei tenginguna við ræturnar; viðskiptavinina í Bónus og þá köllun að selja íslenskum neytendum dagvöru á sanngjörnu verði. Það var hans póstur í lífinu og frá honum vék hann aldrei.

Það var Jóhannesi því mikið áfall á árinu 2010 þegar hann þurfti að horfa á eftir Bónus. Þrátt fyrir að hann hefði ásamt öðrum boðið bankanum hæsta verðið fyrir fyrirtækið á þeim tíma var Jóhannesi hent út. Ótrúlega ógeðfelld aðför ritstjóra Morgunblaðsins að Jóhannesi og ævistarfi hans gerði að verkum að forsvarsmenn bankans, sem réðu för, létu undan þrýstingi og komust að þeirri röngu niðurstöðu að framtíð Bónuss og Jóhannesar færu ekki saman. Skipti þar engu þótt það kostaði bankann milljarða í formi lægra söluverðs á fyrirtækinu. Þetta mótlæti í lífinu bar hann þó með reisn, eins og honum var einum lagið. Frá honum hafði þó mikið verið tekið, enda kaupmennskan ekki bara vinna, heldur ástríða og köllun í lífinu. Fyrir mann eins og hann var því ekkert annað að gera en byrja upp á nýtt. Það þarf alvöru mann á áttræðisaldri til að hefja rekstur að nýju – og það gerði hann. Meinið sem lagði hann að velli kom þó í veg fyrir að hann gæti haldið því starfi áfram.

Jóhannesar verður ekki minnst án þess að minnast fjölskyldumannsins Jóhannesar. Það var aðdáunarvert hvernig hann bar hag Guðrúnar eiginkonu sinnar, Ásu Karenar, fyrrverandi eiginkonu sinnar, barna sinna, stjúpbarna og barnabarna fyrir brjósti. Stolt hans á fjölskyldu sinni var mikið.

Það er synd að vegferð þessa stórbrotna manns varð ekki lengri. Þeirri staðreynd verður þó ekki breytt og að leiðarlokum er ekki annað að gera en þakka fyrir ógleymanlega samfylgd, innilega vináttu og allar skemmtilegu stundirnar. Það að hafa eignast Jóhannes að vini var mín gæfa. Farðu í friði kæri vinur.

Elsku Guðrún, Þór og Erna, Kristín, Siggi og börn, Jón Ásgeir, Ingibjörg og börn og Ása Karen, einlægar samúðarkveðjur frá okkur Önnu Jónu á þessari sorgarstundu. Minning um ógleymanlegan mann mun lifa.

**Einar Þór Sverrisson**

Við Jóhannes kynntumst, ungir menn, þegar við urðum kærastar og síðar eiginmenn systranna og tvíburanna Ásu og Önnu. Þessi fyrstu kynni okkar í litlu íbúðinni á horni Hofsvallagötu og Hringbrautar, þar sem þær systur bjuggu, leiddu til vinskapar okkar Jóhannesar í milli það sem eftir lifði.

Á þessum árum var Jóhannes prentari hjá Morgunblaðinu, hóf síðan störf hjá föður sínum, Jóni Eyjólfssyni, sem þá var verslunarstjóri hjá Matardeildinni í Hafnarstræti. Þegar Jón hætti, tók Jóhannes við og starfaði þar í nokkur ár. Söðlaði síðan um og af myndarskap, dugnaði og nánast með tvær hendur tómar, setti hann á fót lágjaldaverslunina Bónus. Sú verslunarkeðja óx og dafnaði næstu árin með þeim árangri, að Jóhannes lagði matvöruverslunina í Reykjavík og víðar nánast undir sig.

Þetta framtak hans hafði í för með sér alþýðuhylli og meðbyr, sem sífellt tók á sig stærri og umsvifameiri mynd. Í okkar samskiptum var hann alltaf sami Jói, glaðbeittur og hugrakkur. Mætti í fjölskylduboð, kokhraustur og djarfhuga, hugulsamur og skemmtilega rogginn. Það var aldrei að heyra á honum annað en fölskvalaust kapp að gera vel við viðskiptavini sína og sína nánustu. Auðvitað öðlast slíkur maður, sem setur markið hátt, óvildarmenn og öfundarfólk, en ég var alltaf þeirrar skoðunar, af því að ég þekkti Jóa í heilan mannsaldur, að hann var heiðarlegur drengur og mátti ekki vamm sitt vita. Ég þekkti hann ekki að öðru.

Á síðari árum hefur gengið mikið á og margar atlögur gerðar að Jóhannesi. Það er ekki mitt hlutverk að taka afstöðu eða setjast í dómarasæti um þau mál sem ég ekki þekki. Þess vegna ætla ég að halda mér við þá viðkynningu sem ég upplifði á okkar yngri árum, að Jóhannes í Bónus var, allt fram í andlátið, góður drengur, mannvinur og einlægur, heiðarlegur þátttakandi í lífi okkar allra. Hann vildi öllum vel. Ég kveð Jóhannes í Bónus með söknuði og virðingu fyrir manni sem reis upp af sjálfum sér, með verkum sínum og ævistarfi.

Konu hans, börnum og öðrum nánum ættingjum og vinum sendi ég einlægar samúðarkveðjur.

**Ellert B. Schram**

# Jóhannes Jónsson F. 31.08.1940 † D. 27.07.2013

## *í minningu kaupmanns*



Úr SS Austurveri, árið 1977, Jóhannes ásamt Ásu Karen, móður Kristínar og Jóns Ásgeirs.

Jóhannes vinur minn, kenndur oftast við Bónus, er látinn. Jóhannes var afreksmaður. Það sem hann náði að hrinda í framkvæmd er magnað. Ævistarf hans er og var magnað.

Í lifanda lífi var Jóhannes dálítið af gamla skólanum. Hann minnti mig stundum á föður minn. Drakk of mikið, hætti því og sagði: „Áfengi fer mér ekki.“ Hann var orðheppinn húmoristi og einkar gjafmildur. Mátti ekkert aumt sjá. Hann var sjarmör; hávaxinn, karlmannlegur og með fallegt bjart bros.

Hann og fjölskylda hans komu fram með eina mestu kjarabót fyrir íslensk heimili sem um getur þegar þau stofnuðu verslunina Bónus. Þar var Jói andlitið og ímyndin. Greiðasemi og hjálpsemi Jóhannesar við hin ýmsu hjálparsamtök og þá sem minna máttu sín báru hjartalagi hans fagurt vitni. Búðin var hans líf og yndi. Jói var kaupmaður af líf og sál.

Það var gaman að vera með Jóa og ræða málin. Hann var forvitinn og hafði áhuga á svo mörgu. Hann var ekki auðveldur, gat verið þrjóskari og frekari en andskotinn og hafði sterkar skoðanir. Ef það var eitthvað sem hann þoldi ekki var það óréttlæti og hræsni. Við ræddum oft áhuga ákveðinna aðila á fjölskyldu hans og fyrirtæki og þá gat nú orðið rok við borðið.

Hann þoldi ekki DV og einu sinni sagði hann við mig: „Bubbi, ég hef mestar áhyggjur af því þegar ég verð farinn að DV taki upp á því að tala fallega um mig.“

Velgengni getur verið snúinn hlutur og það þarf sterk bein til þess að þola góðu dagana alveg eins og það þarf sterk bein til þess að þola þá slæmu. Hvort tveggja gerði Jói með reisn. Jóhannes varð of stór að mati ákveðinna aðila og við þekkjum öll þá sögu hvernig sótt var að honum og fólki hans í rúm tíu ár fyrir dómstólum.

Þetta hafði sín áhrif á lundarfar hans og heilsu. Stundum var hann þungur og dapur út af því en aldrei bugaður. Jói var húmoristi og gat verið drepfyndinn og sem betur fer gat hann líka verið barnalegur og það fór honum vel.

Jói elskaði Guðrúnu sína af öllu hjarta sem og börn sín og stjúpbörn. Hann var vinur vina sinna og þegar hann veiktist af krabbanum sagði hann við mig að þetta gengi yfir og hló. Um tíma virtist hann ætla að hafa betur í baráttunni og í staðinn fyrir að fara í skjól og sleikja sárin fór hann í gírinn og sagði að það væri betra að lifa lífinu. Opnaði svo nýja verslun, Iceland hét hún. Svona gera bara víkingar. Hann gekk kannski of kröftuglega fram, nýstaðinn upp eftir erfið veikindi, en Jóhannes var harður af sér. Því miður tók krabbinn sig upp aftur. Æðruleysi Jóa í veikindum sínum var oft og tíðum aðdáunarvert.

Ég heimsótti hann á spítalann nokkrum dögum fyrir andlátið. Þá skynjaði ég að leiknum væri sennilega að ljúka. Þarna lá hann, dauðinn búinn að merkja sér hann og búinn að tálga af honum holdið, en hugurinn var fullur af eldmóði. Þetta var fallegur dagur, sólskin úti og hiti. Glugginn var opinn, stofan var full af sól og birtu og við ræddum um að þetta væri sumarið sem Jói lá á spítalanum. Hann talaði um að hann þyrfti að losna við sýkingu sem hann var með og koma sér í form. Það gengi ekki að liggja hérna. Þar sem hann lá í rúminu brosti hann og blikkaði mig skýr til augnanna. Hann gantaðist við mig um laxveiðina og spurði um konu og börn. Það var einhver reisn yfir honum dauðveikum, einhver óútskýrð karlmennska og ég hugsaði með mér, djöfuls nagli er nú kallinn.

Guðrún kona hans og besti vinur hefur staðið sem klettur við hlið hans í veikindum hans og maður sá og skynjaði hversu mikið traust hann bar til hennar. Ég kvaddi vin minn og sagði: „Ég kíki á þig eftir helgi.“ Þótt hann væri orðinn þetta veikur átti ég ekki von á því að nokkrum dögum seinna væri hann allur. Nú þegar Jói er farinn sitja eftir alls konar minningar og myndbrot og umfram allt þakklæti fyrir vináttuna í gegnum árin.

Dylan sagði: „Fólk deyr ekki, það bara kemur og fer.“

**Bubbi Morthens**

Vinur minn, kaupmaðurinn Jóhannes Jónsson, er látinn.

Ég kynntist Jóhannesi þegar hann var fyrirferðarmikill kaupmaður í SS í Austurveri. Alltaf með ferskar hugmyndir um nýja verslunarhætti, hann fylgdist vel með því sem gerðist erlendis og var áhugasamur um að taka upp nýjungar. Áhugi hans á framförum í verslun á Íslandi var óbilandi allt fram á það síðasta. Áhugi hans á að koma upp miðlægum lager fyrir smásölu þar sem hægt var að kaupa allar vörur á einum stað er dæmi um það, en það leiddi til mikillar hagræðingar í rekstri matvöruverslunar á Íslandi. Stofnun Bónuss upp úr engu í að verða stærsta matvöruverslun á Íslandi sýnir framsýni Jóhannesar.

Við Jóhannes áttum samleið um árabil í stjórn Smáralindar og verður að segjast eins og er að styrkur og reynsla hans var ómissandi í byggingu og rekstri hússins. Jóhannes var hraustur maður og naut þess að standa í eldlínunni, en allt er takmörkunum háð og áratuga ofsóknir gegn honum og fjölskyldu hans tóku meira á hann en hann lét uppi.

Við hjónin áttum því láni að fagna að eiga góðar samverustundir með Jóhannesi og Guðrúnu á ýmsum stöðum á síðastliðnum árum. Jóhannes var ljúfur maður með góðan húmor og kunni að gera grín að sjálfum sér eins og góðra manna er háttur.

Við Guðný sendum Guðrúnu og börnum hennar, sem og Kristínu, Jóni Ásgeiri og afabörnunum, innilegustu samúðarkveðjur.

Mikill merkiskaupmaður er fallinn frá.

**Einar Örn Jónsson**

Með Jóhannesi Jónssyni er genginn einhver mesti og ötulasti baráttumaður fyrir bættum kjörum íslensks almennings. Með stofnun Bónuss og öflugri verðsamkeppni á matvörumarkaði jók hann beinlínis ráðstöfunartekjur íslenskra heimila. Kjarabætur íslenskra heimila síðasta aldarfjórðunginn eiga rætur sínar fremur að rekja til ævistarfs Jóhannesar en baráttu verkalýðshreyfingarinnar og stjórnmálaforingja. Jóhannes var hins vegar annað og miklu meira en baráttumaður fyrir lægra vöruverði hér á landi. Ég kynntist Jóhannesi ekki persónulega fyrr en síðasta sumar, þegar hann undirbjó stofnun verslunarinnar Iceland við Engihjalla í Kópavogi, þó að við hefðum verið málkunnugir lengi. Ég var nýbúinn að stofna vefmiðilinn Tímarím og óskaði eftir að fá að fylgjast með undirbúningi opnunarinnar og skrifa um. Leyfið var auðfengið og þau hjón, Jóhannes og Guðrún Þórsdóttir, tóku mér af mikilli alúð þrátt fyrir miklar annir.

Iceland var opnað kl. 11 laugardaginn 28. júlí 2012. Við það tækifæri færði Jóhannes Félagi aðstandenda Alzheimer-sjúklinga eina milljón króna að gjöf að viðstöddu fjölmenni, en langar biðraðir eftirvæntingarfullra viðskiptavina höfðu myndast fyrir utan verslunina fyrir opnun. Ekki voru það allt nágrannar úr Kópavoginum og greinilegt var að fólk taldi ekki eftir sér eina bæjarleið eða svo til að geta verslað aftur við Jóhannes.

Jóhannes færði líka Bandalagi íslenskra skáta milljón að gjöf á opnunardegi Iceland, en það voru bara engir skátar í bænum þennan dag þar sem landsmót skáta stóð þá sem hæst að Úlfljótsvatni. Ég fékk að slást í för með Jóhannesi er hann fór sjálfur um kvöldið með gjöfina og afhenti hana við varðeld á kvöldvöku skáta þá um kvöldið. Ég man að mér þótti mikið til koma. Hér var Jóhannes, orðinn rúmlega sjötugur og nýbúinn að kljást við illvígan sjúkdóm, eins og sprækur unglingur þrátt fyrir að hafa lagt nótt við dag í marga sólarhringa, því þau eru mörg handtökin sem þarf til að opna nýja verslun. Jóhannes var ekki slíkur maður að hann léti sitt eftir liggja.

Við áttum gott samtal í bílnum þetta laugardagskvöld. Fyrir vissum við að við sáum heiminn í líkum litum og þarna urðum við vinir. Eftir þetta hittumst við oft og spjölluðum iðulega saman í síma um alla heima og geima. Það var skemmtilegur æringi í Jóhannesi og aldrei var djúpt á glettninni.

Það eru forréttindi að kynnast góðum mönnum og eignast vináttu þeirra. Jóhannes Jónsson er einn þeirra manna sem ég er þakklátur fyrir að hafa kynnst. Ég minnist með söknuði grallarans, sem tók mér einatt með útbreiddan faðminn, spaugsyrði á vör og glettnisglimt í auga. Jóhannes hafði skýrar skoðanir á mönnum og málefnum og fór ekki leynt með þær. Hann hafði marga fjöruna sopið og nýtti reynslu sína til góðs fyrir sjálfan sig og aðra.

Það er til vitnis um einurð og áhrif Jóhannesar Jónssonar að eftir opnun Iceland fyrir ári lækkaði vöruverð á Íslandi í verðkönnunum. Iceland fór á undan með góðu fordæmi og mældist með lægsta verðið og aðrar verslanir neyddust til að draga úr sinni álagningu. Þannig stuðlaði Jóhannes, sem eitt sinn var kenndur við Bónus, að kjarabótum íslenskra heimila allt fram á síðasta dag.

Í ökuferðinni til Úlfljótsvatns fyrir rúmu ári ræddum við um lífið og tilveruna. Jóhannes taldi sig eiga margt ógert og sagðist stefna á að verða hundrað ára. Margt af því sem við þá ræddum og síðar hefur orðið mér tilefni til að stinga niður penna. Ég sakna þess nú að geta ekki lengur slegið á þráðinn til góðs vinar. Hundrað verða árin ekki en verkin bera ævistarfinu fagurt vitni og minning um góðan mann lifir.

Ég þakka kynnin við Jóhannes Jónsson og vináttuna sem hann sýndi mér. Mínar innilegustu samúðarkveðjur sendi ég eiginkonu hans, Guðrúnu Þórsdóttur, börnum hans og öllum aðstandendum.

**Ólafur Arnarson**

Jóhannes Jónsson, eða Jói í Bónus eins og hann var iðulega kallaður, er látinn eftir mjög stutta en frekar stranga legu á sjúkrahúsi. Hann var fyrir nokkrum vikum í fullu fjöri að leika golf á Flórída.

Skyndilega veiktist hann eftir tveggja vikna dvöl og kom heim mjög veikur.

Við Jói vorum búnir að vera góðir kunningjar allt frá því við vorum í Gaggó Aust, en hann var á undan mér um bekk enda eldri. Leiðir okkar lágu oft mikið saman eftir skólann.

Hann vann í SS-matardeildinni við Hafnarstræti hjá pabba sínum og ég hjá pabba mínum í plastpokafyrirtæki. Alltaf var okkar vinskapur til staðar þó svo að við værum ekki að hittast daglega.

Við áttum heima í Hlíðunum, hann í Mávahlíðinni og ég í Bólstaðarhlíðinni. Klambratúnið var okkar leikvöllur þá og mikið sparkað og boltar slegnir þar og ýmsir aðrir leikir stundaðir, og oft var kátt á hjalla hjá okkur.

Þegar árin liðu fór Jói að stunda meiri verslunarstörf hjá SS og varð fljótt verslunarstjóri yfir stórverslunum hjá þeim eins og SS Austurveri. Þá var ég einnig farinn að stunda svoleiðis rekstur suður með sjó í Keflavík.

Oft og tíðum hittumst við þá og fékk ég aðstoð hjá honum og upplýsingar um alls konar heildsala sem gott var að eiga viðskipti við.

Árin liðu og fundum okkar bar saman aftur eftir að hann stofnaði Bónus og var ég þá kominn á fullt í kvikmyndahúsarekstur í Reykjavík. Það var þegar Vífilfell bauð nokkrum viðskiptavinum sínum til Parísar til að vera viðstaddir opnun Euro-Disney 1992, að við vorum þar saman. Eftir þessa ferð upphófst aftur mikið og gott samband milli okkar og einnig hjá konum okkar.

Við ferðuðumst mikið bæði innanlands og utan í mörg ár og voru þær ferðir mjög góðar og skemmtilegar. Við fórum landið þvert og endilangt, yfir Sprengisand og Kjöl, á Vestfirði og út um allt land.

Einnig áttum við góðar stundir í Los Angeles og víða í Ameríku. Disney bauð mér að koma til London í stóra veislu og mátti ég taka tvo góða viðskiptavini með. Ég bauð strax Jóa að koma sem hann þáði og einnig kom með okkur annar vinur, Pétur í Kók. Jói var vel þekktur maður hér heima eins og margir vita, og oft og tíðum heyrði maður fólk pískra hvar sem var á landinu: Þarna er Jói í Bónus.

Hann var oftast léttur og í góðu skapi og brandararnir voru margir og góðir sem hann kom með í okkar ferðum. Hann og Ása voru góðir ferðafélagar.

Svo kom tími sem breytti okkar kunningsskap dálítið, en það var þegar hann og Ása skildu, og hjá honum upphófst mikið kapphlaup í viðskiptarekstri og öðru sem allir þekkja. Þetta tímabil stóð í nokkur ár og svo nokkru seinna fréttist að Jói væri orðinn veikur, með slæman sjúkdóm. Eftir að hann var búinn að jafna sig aðeins fórum við að hittast aftur og með okkur Helgi Vilhjálmsson í Góu, sem einnig var góður kunningi okkar beggja, og var það nú Helgi sem kom þessum fundum saman. Við þrír fórum iðulega saman út að borða, og þá var nú aldeilis fjör og rifjað upp allt gamalt og gott. Eitt svoleiðis kvöld var búið að ráðgera eftir að Jói og Guðrún kæmu heim frá Flórída, núna fyrir nokkrum vikum. Sá kvöldverður var ekki farinn, en við Helgi áttum mjög góða stund með Jóa á Landspítalanum áður en stundin rann upp.

Við Guðný viljum færa fjölskyldu Jóa okkar innilegustu samúðarkveðjur. Megi góður Guð vaka yfir þeim og styrkja á þessari sorgar stund.

**Guðný og Árni Samúelsson**



Daginn fyrir opnun Bónuss 7. apríl 1989.




Bónusfeðgar, tveimur mánuðum eftir opnun Bónuss í Skútuvogi 1989.

Ég kynntist aldrei Jóhannesi Jónssyni persónulega; sá hann að vísu nokkrum sinnum þar sem hann var að fylla í hillur í Bónus við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði fyrir nærri aldarfjórðungi, í því húsi sem ég seinna breytti og bjó til hótel í, en ég skrifaði honum nokkrum sinnum tölvubréf til uppörvunar og í þakklætisskyni fyrir tröllatök hans við að greiða götu alþýðufólks á Íslandi. Kynni mín af honum voru því öll úr fjarlægð. Ég hitti hann að vísu einu sinni eftir að hann stofnaði Iceland-verslunina og skiptist á nokkrum orðum við hann. Hann var mér sem hver önnur opinber persóna úr fjölmiðlum. Ég skrifa því þessi orð aðeins til að votta þessum einstæða athafnamanni, sem jafnframt var mestur „maður fólksins“ meðal samferðamanna minna, virðingu mína og þakklæti. Fáir menn hafa með verkum sínum átt meiri þátt en hann í að koma á sambærilegu vöruverði hér við það sem tíðkast í öðrum löndum og það er ekki ofsagt að fáir menn hafa bætt betur kjör almennings á Íslandi en hann. Jóhannes lifði tímana tvenna, var í stöðugri baráttu, vann glæsta sigra og beið beiskan ósigur þegar hann missti frá sér Bónusveldið. En alltaf var hann stór í sniðum. Ég hef stundum sagt að hann, og ekki síður sonur hans Jón Ásgeir, minni mig oft á stórbrotin átök sem urðu hér á 15. öld, þegar einhver mesti athafnamaður Íslandssögunnar, Guðmundur Arason á Reykhólum, sem var á góðri leið með að koma upp þéttbýli á Íslandi og gerbreytingu á atvinnuháttum og orðinn auðugasti einstaklingur sinnar samtíðar og jafnvel allra tíma á Íslandi, var hrakinn úr landi af samsæri öfundar og þröngra sérhagsmuna. Ég hef þannig litið á Jóhannes sem byltingarmann – mann sem breytti samfélagi sínu til hins betra með verkum sínum. Í því sambandi er það algert aukaatriði hvort hann auðgaðist sjálfur eða ekki. Hann hóf upp merki frjálsrar samkeppni og réðst gegn forréttindum og einkaleyfum sem stór hópur manna var búinn að koma sér upp í skjóli flokks frelsisins. Það var líka flokkur frelsisins, flokkurinn sem í orði berst alltaf fyrir frelsi til athafna en stendur alltaf í verki með sérréttindum og gjafakvótum, sem harðast gekk gegn þessum mesta kappa frelsis til athafna á 20. öld. Slíkt er hollt að hafa í huga. Þótt Jóhannes sé nú fallinn frá munu verk hans og áhrif á íslenskt þjóðlíf lifa lengi og mætti um hann segja eins og sagt var um annan mikilhæfan mann, Skúla Thoroddsen, að … „Þó að hríði í hálfa öld/ harðsporarnir sjást í snjónum…“. Fjölskyldu hans votta ég samúð mína og bið þeim Guðs blessunar.

**Bárður G. Halldórsson**

Það er ekki áberandi starf að vera formaður í skemmtinefnd félags eða fyrirtækis.

Í gegnum tíðina hef ég átt samstarf við þúsundir slíkra og það þarf því eitthvað sérstakt til þess að maður muni slíkt. En Jóhannes Jónsson er einn þeirra fáu sem urðu mér minnisstæðir úr þessum hópi. Þá vorum við báðir kornungir og hann var formaður skemmtinefndar SS og sinnti því vel.

Eftir það þekktumst við og ég kunni ævinlega vel við hann; dáðist síðar að því þegar hann réðist gegn stöðnuðu viðskipta- og fjármálakerfi landsins, sem virtist óvinnandi vígi valda- og hagsmunablokka þess tíma. Jóhannes minnti á ofurhuga ævintýranna sem réðust berhentir gegn eldspúandi drekum og höfðu sigur, tókst það sem var talið ómögulegt. Líkast til hefur sú barátta skilað meiri kjarabótum til íslenskrar alþýðu en samanlögð barátta verkalýðshreyfingarinnar á þeim tíma. En síðari kynni vegna annarra mála eru mér efst í huga þegar leiðir skiljast um sinn. Þegar ég hóf eigin kvikmyndagerð í þágu náttúru Íslands voru allar dyr lokaðar um styrki til hennar að undanskildum 400 þúsund krónum frá Arngrími Jóhannssyni og 200 þúsundum frá Toyotaumboðinu.

Þá komst ég að því, sem ekki er mörgum kunnugt, að Jóhannes hafði mikinn áhuga á einstæðum náttúruverðmætum landsins og taldi ekki eftir sér að gefa sér tíma til að kynnast þeim nánar með því að ferðast ásamt vinum sínum með mér um landið til að átta sig betur á því hvað væri í húfi.

Hann beitti áhrifum sínum á því sviði hjá Pokasjóði verslunarinnar og er ljúft og skylt að þakka það þegar hann er nú fallinn frá. Án þess stuðnings hefði starf mitt við gagnasöfnun og kvikmyndagerð fyrir málstað náttúru Íslands tekið enda.

Þegar miklar sviptingar eru í þjóðfélaginu eins og verið hafa undanfarin ár, vill verða erfitt að leggja mat á þær og líklega verða nokkrir áratugir að líða og rykið að setjast til að rétt mynd fáist. Ég hygg að það þurfi ekki að kvíða mati á því sem Jóhannes í Bónus lagði til og að ýmislegt muni menn þá sjá í nýju ljósi.

Þegar við blasti erfið barátta Jóhannesar við krabbamein, fólust viðbrögð hans í hinni sérstöku blöndu af hugrekki, baráttuanda, æðruleysi og húmor, sem voru einkenni hans.

Í síðasta skiptið sem ég hitti hann hérna megin grafar, var ég á tali við Gunnar V. Andrésson, en við Gunnar erum nauðasköllóttir.

Jóhannes var að koma úr krefjandi geislameðferð og hafði misst hárið, en var glaðbeittur að vanda þegar hann klappaði á skallana á okkur Gunnari og sagði:

„Nú erum við allir þrír sköllóttir, en munurinn á ykkur tveimur og mér er sá, að ég fæ hárið aftur en ekki þið!“

Nú er genginn maður stór í sniðum og vinamargur, og skarð er fyrir skildi.

Með þökk til Jóhannesar og samúðarkveðjum til vina og vandamanna hans kveð ég einstakan mann og góðan dreng.

**Ómar Ragnarsson**

Kær vinur minn hefur nú kvatt okkur. Mikill söknuður leitar á mig þegar ég hugsa um öll góðu árin sem við áttum saman.

Jóhannes reyndist mér alltaf vel. Hann var góð fyrirmynd og það sem var einkennandi fyrir hann var að hann kom sér alltaf beint að efninu, var fyndinn og orðheppinn, vildi allt fyrir alla gera og hafði mikla ánægju af að hjálpa öðrum.

Þörfin til að hjálpa öðrum var svo rík hjá Jóhannesi að ef fólk leitaði ekki til hans, þá leitaði hann til þess og hann hreinlega þreifst á því að gefa af sér.

Það var svo gaman að alast upp í kringum Jóhannes, hann var alltaf að framkvæma nýja hluti. Þegar aðrir sáu eitthvað sniðugt og ræddu það, þá var Jóhannes búinn að framkvæma það. Þetta var munurinn á Jóhannesi og samkeppnisaðilum hans í gegnum tíðina.

Það er ekki að ástæðulausu að Jóhannes rak bestu fyrirtækin og með besta starfsfólkinu. Hann ræktaði mikið sambandið við starfsfólkið, hvatti það áfram og öllum var það ljóst að annað sætið var ekki í boði. Þessu fylgdi hann eftir öllum stundum í verslununum sem og annars staðar, þannig að viðskiptavinirnir tóku líka eftir því og voru í góðu sambandi við hann.

Jóhannes þú reyndist mér sem góður tengdafaðir og vinur alla tíð.

Mikið rosalega á ég eftir að sakna þín.

Hvíl í friði, kæri vinur.

**Jón Garðar Ögmundsson**

Eftir hálfrar aldar vinskap kveð ég nú vin minn, Jóhannes.

Ég kynntist Jóhannesi fyrst fyrir alvöru þegar viðskiptasamband okkar hófst í SS í Hafnarstræti og því næst í Háaleitinu, þar sem ég var að byrja að selja honum karamellur, og féllu honum rjómakaramellurnar vel í kram. Leiðir Jóhannessar og SS skildu, og í framhaldi af því fékk Jóhannes þá snjöllu hugmynd að hefja byltingu á íslenskum matvörumarkaði, bæði fyrir neytendur og birgja, þegar hann stofnaði sína fyrstu lágvöruverslun, Bónus í Skútuvogi. Það var mér mikill heiður að fá að taka þátt í þeirri þróun og byltingu sem hann hóf, og má þar til dæmis nefna strikamerkin og lága verðlagið. Ég stofnaði fyrirtæki mitt á undan Jóhannesi, en þegar hans rekstur hófst fóru fyrirtæki okkar að vaxa jafnt og þétt saman þar til Jóhannes fór fram úr mér, og eftir það reyndi ég að halda mér fast við hæla hans. Jóhannes var maður orða sinna og þurfti ekki að notast við samninga, við létum handabandið duga.

Ekki vil ég rekja það sem síðar gerðist í hans viðskiptaferli, en sannfærður er ég um að fyrir hann var brugðið fæti og vona ég að sannleikurinn muni að lokum koma í ljós.

Minningarnar og sögurnar frá okkar vinskap sem entist í meira en hálfa öld eru feikimargar, og munu þær lifa áfram í huga mínum.

Minning þín lifir áfram.

Ég votta aðstandendum mínar dýpstu samúðarkveðjur.

**Helgi Vilhjálmsson**

Ágætur vinur okkar og félagi Jóhannes Jónsson er fallinn frá eftir baráttu við illvígan sjúkdóm. Strax af fyrstu kynnum var ljóst að þar fór maður sem vakti athygli. Oft stormaði af honum hvort sem var í heimi hinna daglegu starfa eða þegar vinahópur hittist og eyddi saman kvöldstund eða dögum á ferðalögum. Jóhannes var útsjónarsamur. Hann var fljótur að lesa í aðstæður hvort sem var við leik eða störf og hafði gott lag á að ná til fólks. Kraftmikil röddin nýttist honum vel í mannlegum samskiptum. Hann náði hlustun. Margs er að minnast á rúmum þremur áratugum. Ekki síst Írlandsferðar þrennra hjóna fyrir alllöngu. Fyrsta kvöldið hittum við samferðafólkið ungan mann sem var staddur á sama hóteli. Hann stundaði akstursíþróttir og reyndist ræðinn í meira lagi. Hann bauð okkur ferðafélögunum á írska sveitakrá á bóndabæ fyrir utan borgina og kvaðst koma og ná í okkur daginn eftir. Töldum við hann tæpast ræða þetta í alvöru en hann birtist aftur næsta dag á tveimur bílum og ók vinkona hans öðrum. Strákurinn reyndist tengdur fjölskyldu þeirri sem framleiðir hinn dökka Guinness-bjór og sakaði það ekki því vel var veitt og tók ungi maðurinn til drykkjar líkt og gestir hans. Jóhannes var sökum stærðar látinn sitja í framsætinu og á bakaleiðinni varð hann að taka í stýrið til að rétta kúrsinn og forða akstri utan vegar.

Í komusal Burlington-hótelsins var auglýsing þar sem boðað var til hátíðarkvöldverðar í tilefni af frímerkjasýningunni Stampa 80 sem þá stóð yfir í borginni. Tveir stjórnarmenn Landssambands íslenskra frímerkjasafnara voru með í för. Fylgdi Jóhannes í kvöldverðinn þótt afskipti hans af frímerkjum hafi verið öllu minni en ferðafélaganna. Undir lok borðhaldsins stóð hann upp og bað um orðið. Hóf mál sitt á nokkrum orðum um sérvitringa og sagði svo að Íslendingar og Írar ættu sér einn sameiginlegan óvin sem væri Bretar. Þarna sýndi Jóhannes að hann var alltaf tilbúinn að nýta aðstæðurnar, taka til máls og blanda sér í umræðuna þótt hann væri ef til vill ekki fagmaðurinn á staðnum eða sérfræðingur í því sem til umræðu var. En ræða hans gerði stormandi lukku. Hann talaði ekki um tilefni kvöldverðarins en snart engu að síður streng í írsku hjarta. Írarnir horfðu á hann. Virtu stærð hans og rauðbirkið yfirbragðið fyrir sér og minntust þess að þeir ættu nokkuð í Íslendingum. Angi af írsku þrælablóði hlyti að renna um æðar þessa manns. Af öðrum ferðum er minnisstæð ferð nokkurra félaga til Flórída en Jóhannes var þá farinn á undan og búinn að skipuleggja móttöku fyrir hina. Eitt af því sem hann hafði sett á dagskrá okkar ferðafélaganna var sigling út til Honeymoon Island, óbyggðs skers skammt utan Miami, þar sem meðal annars gafst kostur á að reyna sig við skútusiglingar. Einnig kemur Kúbuferð upp í hugann sem farin var á vegum Alþýðubandalagsins gamla í formannstíð Margrétar Frímannsdóttur, en Jóhannes var þá að leita fyrir sér með kaup á sykri, sem þó varð ekki úr, sökum þess að einungis hrásykur var í boði og ekki aðstaða hérlendis til að fullvinna þá vöru. Kúbuförin var engu að síður eftirminnileg og fróðleg.

Margt annað bar fyrir í gegnum tíðina og minningar um samverustundir eru margar. Hvort sem var í sumarhúsinu við Meðalfellsvatn þar sem hann dvaldi oft ásamt Ásu, fyrri eiginkonu sinni, og grillaði lamb í heilum skrokki fyrir gesti þegar svo bar undir. Eða á ferðum innanlands eða utan þar sem lesa mátti þann mann sem hann hafði að geyma á bak við hrjúft yfirborðið.

Bera væri í bakkafullan læk að rekja ævi Jóhannesar svo víða sem hann kom að og lét til sín taka. Á síðari árum áttum við kost á að kynnast honum á öðru æviskeiði ásamt Guðrúnu, síðari eiginkonu hans, og eiga með þeim stundir á ferðum sem í öðru. Eftir ýmsa storma sem höfðu leikið mættum við enn og aftur hinum glettna og gáskafulla manni. Þótt margt hafi borið að í samskiptum og samvinnu við Jóhannes í gegnum tíðina þá geyma ferðir og stundir með honum og fjölskyldu að amstri dagsins loknu minningu um sérstakan mann hvernig sem á lífshlaup hans er litið. Við hjónin vottum fjölskyldu Jóhannesar innilega samúð.

**Sigtryggur Rósmar Eyþórsson**
**Þorbjörg Guðmundsdóttir**

# Jóhannes Jónsson F. 31.08.1940 † D. 27.07.2013

## *í minningu kaupmanns*



Jóhannes í Bónus afhendir Mæðrastyrksnefnd veglegan styrk.

Kær vinur, Jóhannes Jónsson, er fallinn frá um aldur fram. Hann barðist við illvígan sjúkdóm sem að lokum hafði betur þrátt fyrir bjartsýni, baráttuþrek og dug Jóhannesar.

Ég var ekki hár í lofti þegar ég hitti Jóhannes fyrst. Það var að sumri til að ég sat frammí í jeppanum hjá pabba, hann var að keyra út egg. Matardeildin í Hafnarstræti var einn af viðkomustöðunum en þar var bakkað inn í portið Tryggvagötumegin. Þegar við vorum komnir inn í portið bað pabbi mig að bíða í bílnum. En forvitnin bar mig ofurliði, þarna var undraveröld, mikil umferð á götunni, kassar og matvörur í röðum á brettum. Svo sé ég að pabbi kemur ásamt rauðbirknum, kraftmiklum manni með vagn, þeir tíndu eggjakassana út úr bílnum og svo var haldið inn í portið að stórri lyftu. Þegar þar kom mætti mér ilmandi matarlykt og maðurinn í hvíta sloppnum tók litla kók, opnaði hana og rétti mér, svo fórum við niður í lyftunni. Rauðbirkni maðurinn var með svo stórar og sterklegar hendur. Handtak hans var þétt en um leið fylgdi því hlýja og glettni í augum. Ég dáðist að þessum stóra manni sem var svo hressilegur og allt töfrum líkast í búðinni. Oft átti ég eftir að hitta Jóhannes við svipaðar aðstæður, en hann var kaupmaður í bestu mynd þess orðs og ávallt stóð Ása þétt við bakið á sínum manni.

Jóhannes hýsti lífsgleðina og lífskraftinn og var því fyrirmynd margra og gaf öðrum trú á að allt væri mögulegt. Þar sem Jóhannes fór þar var hringiðan, þar var nafli alheimsins, hann fyllti hvert rými orku, jákvæðri uppbyggjandi orku. Hann var ótrúlega orðheppinn og gat tekið á manni með háði ef á þurfti að halda. Eitt sinn kom ég með vitlausan reikning, það vantaði afsláttinn. Þá sagði hann við mig: „Ég sem hélt að þú hefðir aldrei getað lært neitt á Bifröst en þú hefur greinilega lært að skrifa reikninga hjá framsóknarmönnunum í Borgarfirðinum.“ Þannig var Jóhannes hreinn og beinn.

Jóhannes var traustur viðskiptafélagi en alltaf kaupmaður og fylgdi eftir gæðum vörunnar og samkeppnishæfni í verði. En töluð orð og loforð stóðu ávallt eins og stafur á bók. Honum var annt um samkeppni og reyndist traustur bandamaður í viðleitni okkar við að rjúfa einokun á mjólkurvörumarkaði. En hann var um leið einn helsti bandamaður íslenskra bænda og fremstur meðal jafningja í sölu á afurðum þeirra, þó þar væri hann ekki alltaf metinn að verðleikum.

Jóhannes var góður yfirmaður og samstarfsfélagi. Hann gerði miklar kröfur en þó alltaf mestar kröfur til sjálfs sín. Hann lagði mikið upp úr frumkvæði, dugnaði og síðast ekki síst stundvísi. Hann sagði við mig síðast er við heyrðumst að það þyrfti meira en mannsaldur til að kenna mér á klukku og dagatal. Þannig sýndi Jóhannes væntumþykju sína.

Ég vil að lokum kveðja kæran vin og velgjörðamann með þessum orðum:

***Liljan lifir***
***(kveðja)***

*Dofnar birta, degi hallar,*
*daggir lífsins falla í svörð.*
*Samt hún lifir Liljan vallar,*
*líknar, græðir von á jörð.*

*Far þú í friði og þökk,*
*fram í vorið hlýja.*
*Við kveðjum þig af trega klökk,*
*kallaður í dögun nýja.*

*Við biðjum þér blessunar drottins,*
*og birtu kærleikans.*
*Þig umvefji ljósið lífsins,*
*og leiði til frelsarans.*

*Ólafur M. Magnússon*

En Jóhannes var umfram allt góður og traustur vinur sem við kveðjum með miklum söknuði og kærri þökk fyrir trausta og fölskvalausa vináttu í áratugi. Foreldrar mínir áttu trausta vináttu við þau hjón Jóhannes og Ásu sem þau vilja þakka fyrir á kveðjustund. Guðrún eiginkona Jóhannesar stóð þétt við bakið á Jóhannesi í veikindum hans og þeim áföllum sem á honum og fjölskyldu hans dundu á síðustu árum. Fjölskyldan Eyjum II í Kjós sendir innilegar samúðarkveðjur til Guðrúnar, Kristínar, Jóns Ágeirs og fjölskyldu Jóhannesar og til allra þeirra sem nutu hlýju og vináttu Jóhannesar.

Guð blessi minninguna um góðan dreng.

**F.h. fjölskyldunnar Eyjum II í Kjós,**
**Ólafur M. Magnússon**

**Kveðja frá Barnaspítala Hringsins**

Jóhannes Jónsson var öflugur stuðningsmaður Barnaspítala Hringsins um árabil. Naut spítalinn velvildar hans og fyrirtækja hans á margan hátt. Jóhannes styrkti spítalann til tækjakaupa, m.a. fyrsta heilasírita spítalans, ýmis tæki er tengjast nákvæmu eftirliti og vöktun alvarlega veikra barna, hjartarafstuðtæki og svo mætti lengi telja. Þá styrkti hann starfsemina beint með umtalsverðum fjárhagsstyrkjum.

Jóhannes kom reglulega á Barnaspítalann í tengslum við gjafir og styrki. Það var jafnan létt yfir honum, kankvís, glettinn og jafnvel svolítið stríðinn. En á eintali var augljóst að veikindi barna snertu hann djúpt og hann bar velferð þeirra fyrir brjósti. Það var augljóslega af heilum hug sem Jóhannes lagði Barnaspítala Hringsins lið í að bæta aðbúnað og meðferð veikra barna. Og Jóhannes var ánægður með þann árangur sem hann átti þátt í að ná á Barnaspítala Hringsins.

Starfsfólk Barnaspítala Hringsins þakkar Jóhannesi Jónssyni öflugan styrk við Barnaspítalann og ánægjuleg samskipti um árabil. Framlag Jóhannesar til bætts aðbúnaðar veikra barna á Íslandi verður seint fullþakkað. Það er huggun í harmi að styrkir Jóhannesar Jónssonar á undanförnum árum hafa bætt umönnun og árangur meðferðar á Barnaspítala Hringsins og munu nýtast um ókomin ár.

**Barnaspítali Hringsins.**

Ertu til í að ná fyrir mig í Malt – það gefur víst hraustlegt og gott útlit,“ sagði Jóhannes við mig í síðustu heimsókn minni til hans. Tæpum fjórum sólarhringum síðar var hann allur. Ég var að kveðja hann, vissi ekki að það var í síðasta sinn, og spurði hvort ég gæti gert eitthvað fyrir hann. Svo bætti hann við: „Hraustlegt og gott útlit. Ætli mér veiti nokkuð af því!“ Svona var hann, missti aldrei húmorinn, ekki heldur fyrir sjálfum sér. Það var honum eðlislægt að sjá það spaugilega í lífinu og njóta þess sem lífið bauð upp á.

Jóhannes var margbrotinn persónuleiki og þrátt fyrir léttleikann var líka til alvarlegri hlið á honum. Hann mátti aldrei neitt aumt sjá og vildi gjarnan aðstoða þá sem minna máttu sín ef hann átti þess kost. Hann lét t.d. hluta af hagnaði Bónuss renna til góðgerðarmála og var Barnaspítali Hringsins þar efstur á blaði. Þegar hann greindist með krabbamein um mitt ár 2009 tók hann því af æðruleysi. Hann var hraustur og í góðu formi og var harðákveðinn í því að sigrast á þessum erfiðleikum, eins og svo mörgu sem hann hafði þurft að glíma við áður. Hann náði sér alveg af veikindunum og við tók nýr tími uppbyggingar og framtíðardrauma. Einu ári áður opnaði hann verslunina Iceland við Engihjalla, sem strax var tekið afar vel af viðskiptavinum. Það leiddi til þess að fjórum mánuðum síðar, eða þann 1. desember, opnaði hann aðra verslun á Grandanum. En skömmu áður en sú verslun var opnuð fékk hann þær fréttir að krabbameinið hefði tekið sig upp aftur og við tók hörð og óvægin barátta. Því ákvað hann að selja Iceland frá sér svo hann gæti einbeitt sér að því að ná heilsu á ný. Það eru erfið skref fyrir kaupmann að láta barnið frá sér þegar það er enn á æskuskeiði, en Jóhannes var aldrei hræddur við að taka ákvarðanir þó afdrifaríkar væru.

Ég var þeirrar gæfu aðnjótandi að eiga Jóhannes að vini um langt árabil, við áttum samleið í leik og starfi og ævinlega var hann hrókur alls fagnaðar. Upp í hugann koma ótal minningar af skemmtilegum samverustundum með fjölskyldum okkar beggja, bæði hér á landi sem erlendis. Jóhannes setti fjölskylduna ávallt í efsta sæti og tók ekkert eins óstinnt upp eins og þegar hann taldi að vegið væri að sínum nánustu. Það lét hann ekki viðgangast hljóðalaust. Í júníbyrjun kom hlé á læknismeðferðinni og notaði hann þá tækifærið og fór í frí með fjölskyldunni. Hann hafði hlakkað mjög til ferðarinnar, vissi að hann þurfti að hlaða batteríin fyrir næstu átök og naut ferðarinnar í hvívetna. Spilaði golf og slakaði á í skemmtilegu umhverfi. Undir lok ferðarinnar veiktist hann og var lagður inn á sjúkrahús strax við heimkomuna. Þaðan átti hann ekki afturkvæmt og þrátt fyrir að hann væri alvarlega veikur var fráfall hans skyndilegt og mikið áfall fyrir hans nánustu.

Jóhannes var hávaxinn og kraftalegur, rauðbirkinn og skeggjaður og minnti helst á lýsingar á hetjum úr Íslendingasögum. Það fór ekkert á milli mála þegar hann var á ferð því hljóðlátur var hann ekki. En stærst var þó hjartalagið og góðsemd hans. Góðs vinar er nú sárt saknað.

Ég votta Guðrúnu, eiginkonu hans, börnum hans, þeim Kristínu og Jóni Ásgeiri, stjúpbörnunum Ernu og Þór, tengdabörnum, barnabörnum og systur innilega samúð mína. Guð blessi ykkur og styrki.

**Tryggvi Jónsson**

Frændi minn og vinur Jóhannes Jónsson er fallinn frá, krabbameinið hefur enn höggvið skarð í fjölskyldu okkar. Krabbinn hlífir engum, foringjar falla sem aðrir.

Feður okkar voru bræður og mjög nánir vinir sem leiddi til þess að náið samband var ætíð milli fjölskyldna okkar og hélst það alla tíð. Fjölskyldurnar bjuggu í Norðurmýrinni, Jóhannes og hans fólk á Skeggjagötunni og mitt fólk á Flókagötunni og vorum við því leikfélagar fyrstu ár ævinnar.

Þegar við vorum komnir á barnaskólaaldur vorum við „sendir“ í sveit. Við frændurnir fórum í Mýrdalinn, en þar áttum við sterkan frændgarð. Við lukum báðir gagnfræðanámi og fórum síðan í nám í prentiðn.

Faðir Jóhannesar, Jón Eyjólfsson, starfaði alla sína starfsævi hjá Sláturfélagi Suðurlands, fyrst á Laugavegi 42 og síðar í Matardeildinni. Fljótlega eftir að Jóhannes hafði lokið námi í prentiðn og starfað um tíma á Morgunblaðinu, var ljóst að hugur hans stefndi annað. Verslunarstörf voru honum hugleikin og hann fór til starfa hjá föður sínum. Eftir það komst ekkert annað að en að vinna að uppgangi verslanareksturs Sláturfélags Suðurlands. Jóhannes hafði kynnt sér margvíslegan verslanarekstur í Danmörku og vildi breyta rekstri verslana SS en fékk ekki hljómgrunn. Þá var ekkert annað í stöðunni en að hefja eigin rekstur. Hann stofnaði ásamt syni sínum Jóni Ásgeiri fyrirtækið Bónus, lágvöruverðsverslun með matvæli.

Þar naut hann sín vel, harðduglegur og ósérhlífinn eins og Jóhannes var. Þeir feðgar unnu dag og nótt til að koma fyrirtækinu í fastan farveg. Það var ekki auðvelt, ýmsir reyndu að kæfa þessa tilraun en það tókst ekki.

Fyrirtækið varð öflugasta fyrirtæki í landinu í matvöruverslun og er enn. Jóhannes í Bónus varð þekktasti kaupmaður landsins fyrir brautryðjendastarf í verslunarrekstri. Það fer ekkert á milli mála að hann stóð fyrir „byltingu“ sem færði landsmönnum mestu kjarabætur fyrr og síðar, lægra matvöruverð. Hann sá til þess að allir landsmenn, hvar sem þeir búa á landinu, nytu sömu kjara: „sama verð um allt land.“

Þeir feðgar urðu umsvifamiklir í margvíslegum rekstri bæði innanlands og utan. Þegar kreppan skall á gerðist margt sem fáir skilja en margir hafa skoðanir á og umsvifamiklir framkvæmdamenn eins og þeir feðgar fóru ekki varhluta af. Þetta voru erfiðir tímar fyrir Jóhannes og hans fjölskyldu. Í framhaldi af þessum erfiðleikum komu síðan erfið veikindi, krabbameinið. En enn þá barðist Jóhannes. Hann ætlaði ekki að gefast upp. Hann fór í allar læknismeðferðir sem færustu læknar ráðlögðu og virtist vera að vinna sigur.

Baráttuviljinn var kominn aftur, nú skyldi hafist handa við verslunarrekstur á ný og verslun á vegum fjölþjóðafyrirtækisins Iceland var opnuð í Kópavogi. Fjöldi viðskiptavina, sem áður höfðu átt viðskipti við Jóhannes, kom til hans í nýju verslunina. Það var ánægjulegt að sjá hann brosandi taka á móti viðskiptavinum á opnunardaginn. Fljótlega var farið að tala um fleiri verslanir, áfram skyldi haldið. Ný og glæsileg verslun í Vesturbænum var opnuð og allt virtist vera á réttri leið á ný.

Þegar ég var að ganga um og gleðjast yfir þessari glæsilegu verslun kom Jóhannes til mín og bað mig að ganga með sér afsíðis, ég var að fá slæmar fréttir sagði hann, krabbameinið er komið aftur.

Þetta verður erfitt sagði hann, en ég ætla að berjast og ég skal ná heilsunni aftur. Hann barðist en að þessu sinni hafði maðurinn með ljáinn vinninginn, foringinn er fallinn.

Fyrir hönd fjölskyldu minnar og systkina minna votta ég Guðrúnu og fjölskyldu og Ásu og fjölskyldu dýpstu samúð á þessum erfiðu tímum. Far þú í friði frændi og vinur, minningin lifir.

**Eyjólfur Sigurðsson**

# VERÐHRUNIÐ ER HAFIÐ!

## 60% AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM!







**Verðdæmi:**

K&S skór, verð áður 29.980, verð nú 11.992 EHC peysa, verð áður 13.980, verð nú 5.592

Lebek vattjakki, verð áður 17.980, verð nú 7.192 Lindon buxur, verð áður 9.980, verð nú 3.992

**hjá Hrafnhildi**

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Vertu vinur okkar á Facebook

# LOKADAGAR ÚTSÖLU!

## 70% afsláttur af fatnaði og skóm!

### Allt á að seljast! Gott úrval af buxum!




# TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar
á Facebook



Allt fyrir hinsegin dagana; hattar, kransar, tattú, hárkollur, fatnaður og fl. Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**GRÓÐURHÚS - RÝMINGARSALA**

6fm með hertu gleri 190þ. 9fm með hertu gleri 290þ. KLIF ehf, S:552-3300.



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Eigum einnig til á lager: 8 hyrndlok á Unaðskel, Hörpuskel, Blómaskel frá Trefjum. Snorralaug og Unnarlaug frá Normex. Eigum einnig til á lager lok: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag.Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000






**GRÓÐURHÚS VERÐ 99.000**

Til sölu 370 L /195 B grind úr áli og 4 mm plast, sýningarhús í Smáratorgi við hliðina á Rúmfatalagernum. Uppl. í S:866 9693.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**

**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

**RÝMINGARSALA**
**30-70 AFSL.**
**AF ÖLLUM VÖRUM FRAM TIL 12 ÁGÚST**

**EGG FRÁ 1.995**

**UNAÐSKREM FRÁ 995**

**KORSELETT FRÁ 2.995**

**KJÓLAR FRÁ 2.995**

Rómantík.is
Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500
( Horninu á Frakkastíg)
Opið: Virka daga 12-20
Laugardaga 12-18

**Kynlíf er GOTT!**

PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22



**WE-VIBE II OG III**

Unaðstæki ársins fyrir þör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort. Sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Námskeið



Lærðu að hlaupa með minna álagi á ökkla - fótleggi - kálfa - hné - mjaðmir - mjóbak. www.smartmotion.is s. 896 2300.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 18fm bílskúr í Garðabæ, tilvalin fyrir búslóð.Er laust nú þegar. Leigist í að minsta kosti 1 ár. Uppl. S. 821-9294.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU !**

Til leigu 230 fm, 7 herbergja íbúð í parhúsi í Grafarvogi frá 1 september í 1 ár (hugsanlega lengur) Leigist aðeins rólegum og reglusömum aðilum með góð meðmæli.

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## Húsnæði óskast

56 ára KK vantar rúmgott herbergi með aðgang að eldhúsi og baði. Rólegur, skilvís og snyrtilegur. S. 862-0224.

óska eftir að leigja 1 til 3ja herb. íbúð, jarðhæð eða lyftuhús, öruggum greiðslum heitið. uppl. s. 823-5844

## Sumarbústaðir



**GOTT SUMARHÚS TILBOÐ 2,9 MIL.**

25 fm. sumarhús til flutnings sem skiptist í stofu herbergi og snyrtingu á tilboði aðeins 2,9 milj. uppl.í síma 891 9847.

Ein lóð til leigu í grónu sumarbústaðarhverfi í nágrenni Langár. Birkiskógur og gott útsýni. Nánari upplýsingar, litlabrekka@simnet.is.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

NONNABITI
...geðveikur biti

**NONNABITI**

Starfsmaður óskast í Reykjavík. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20 ára.

**Upplýsingar í s. 899 1670 eða sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á staðnum.**

PASSION
REYKJAVIK

**BAKARÍ OG KAFFIHÚS**

óskar eftir jákvæðu og kraftmiklu starfsfólki í afgreiðslu, fyrir og eftir hádegi í fullt starf. Íslensku kunnátta er skilyrði.

**Áhugasamir sendið umsókn ásamt ferilskrá mail: ms.lilja@hotmail.com**

Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir starfsfólki í þrif. Hlutastörf + full störf. Umsóknir sendast á job@apartmentk.is

Röskur starfsmaður óskast í dagvinnu. Gullnesti Grafarvogi, uppl. í s. 898 9705 Daði.

**BJÖRNSBAKARÍ**

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. V.t. 13-18. virka daga. Uppl. á staðnum f.h Ingunn Björnsbakarí ehf Klapparstíg 3 v/ Skúlagötu s. 551-1531.

**VEITINGAHÚSIÐ HORNIÐ**

Þjónar óskast, vetingahúsið Hornið óskar eftir að ráða þjóna í kvöld og helgar vinnu. Parf að geta byrjað strax Sendið inn umsókn á hornid@hornid.is

**LEIKSKÓLINN SKERJAGARÐUR**

Bauganesi 13 101 rvk er að leita af áhugasömum og jákvæðum starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum. Um framtíðarstarf er að ræða. Umsóknir sendist á skerjagardur@skerjagardur.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta S. 776-7080 Proventus.is**

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Konur athugið! Langar þér í aukatekjur ? Ég hjálpa ykkur. S. 696 7346.

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Daisy símadama vill spjalla við karla flest kvöld frá kl. 21-01 í síma 908-6000 eða 535-9999. Sjáðu prófílinn hennar á SexyIceland.com/Daisy.

Konur sem leita skyndikynna eða rómantískra ævintýra auglýsa og vitja skilaboða frítt hjá símastefnumóti Rauða Torgsins í síma 535-9923. Símastefnumót.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...

## fasteignir




**OPIÐ HÚS**
**Miðvikud. 7. ágúst 17:30 - 18:00**

**270 Mosfellsbær**



Nánari upplýsingar veitir **Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

- Sérsmíðar innréttingar
- Vönduð eldhústæki
- Rúmgóður bílskúr
- Stimpluð steypt stétt



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **79,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



## fasteignir

570 4800 GIMLI GIMLI

Sveinbjörn Halldórsson
Löggiltur fasteignasali

Árni Stefánsson
Viðskiptafræðingur - löggiltur fasteignasali.

Fasteignasala - Grensásvegur 13 - 2 hæð - 108 Reykjavík - Sími: 570 4800 - Fax: 570 4810 - gimli@gimli.is



**DALPRÝÐI - PARHÚS Á EINNI HÆÐ**
Glæsilegt og vel hannað 200 fm parhús á einni hæð með innb. 36,7 fm bílskúr. Húsið sem er í byggingu og verður afhent fullbúið að utan og lóð með náttúrugróðri og sólpalli. Bílaplan verður gróf-jafnað. Að innan verður húsið fokhelt. Gert er ráð fyrir allt að fjórum svefnherbergjum og tveimur stofum. Staðsetning er góð við opið svæði. **Verð 43 millj.**



**FOLDASMÁRI - RAÐHÚS Á EINNI HÆÐ.**
Gott 140 fm raðhús á einni hæð með innb. bílskúr á þessum eftir-sótta stað í Kópavoginum. Íbúðarrými er 116 fm og bílskúr 23 fm. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Stór og björt stofa og sólskáli. Fallegar innréttingar. Parket og dúkur á gólfum. Stutt í alla þjónustu. **Verð 39,5 millj.**



**HÖRÐUKÓR - 3JA HERBERGJA**
Falleg 3ja herb 94 fm íbúð á jarðhæð í góðu fjölbýli í Kópavogi. Tvö svefnherbergi. Góð stofa með skjólgóðri verönd. Eldhús er opið og með fallegri innréttingu. Stofa er mjög rúmgóð. Flísalagt baðherb með baðkari og sturtuklefa. Þvottahús og sérgeymsla innan íbúðar. LAUS STRAX. **Verð 23.9 millj.**



**Barónsstígur 19**
Falleg og mikið endurnýjuð 64,7 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð í miðbæ Reykjavíkur. Stórt svefnherbergi og tvær stórar og bjartar stofur (lítið mál að haf 2 herb. og stóra stofu). Góðar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. Góð sameign. Að utan hefur húsið nýlega verið lagfært og málað. **Verð 21,9 millj.**

*Traust þjónusta í 30 ár*

## atvinna

**SMIÐIR VERKAMENN MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

S. 777 2 333

**Blönduósbær**

**Grunnskólakennarar**

**Kennara vantar til starfa við Blönduskóla.**

Um er að ræða 100% afleysingastöðu til eins árs, sem skiptast þannig:

Kennsla íslensku og samfélagsgreina á unglingastigi og almenn kennsla á miðstigi. Umsækjendur þurfa að hafa réttindi til að kenna í grunnskóla. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi í grunnskóla með einstaklingsmiðaðar áherslur. Góð tölvukunnátta, góðir skipulags-, samskipta- og samvinnuhæfileikar eru skilyrði.

Frekari upplýsingar gefur Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri **(thorhalla@blonduskoli.is)** **í síma 892-4928.**

**Umsóknarfrestur er til 16. ágúst nk. og skal umsókn skilað með ferilskrá á netfang skólastjóra: thorhalla@blonduskoli.is.**

# NETTÓ GRANDA

**ÓSKAR EFTIR VÖNU VERSLUNARFÓLKI TIL STARFA SEM FYRST!**

Með nýju búðinni okkar á Granda mun Nettó starfrækja 11 lágvöruverðsverslanir á landinu, þar af 4 á höfuðborgarsvæðinu, þ.e.a.s. á Grandanum, í Mjódd, Hverafold og við Salaveg í Kópavogi.

**VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGU STARFSFÓLKI TIL LIÐS VIÐ OKKUR**
**FULLT STARF - HLUTASTARF**

- Starfsfólk í almenn afgreiðslustörf, hlutastörf og heilsdagsstörf
- Umsjón grænmetis- og ávaxtadeildar
- Umsjón kjötdeildar
- Umsjón í mjólkurdeild
- Umsjón með bakstri

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og reglusemi.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá sendist á umsokn@netto.is fyrir 14. ágúst.

**Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.**



nettó
Kræsingar & kostakjör
www.netto.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.**




Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


Hefst á föstudag kl. 20:15
BARA GRÍN
Björn Bragi rifjar upp bestu gamanþætti Stöðvar 2 í sprenghlægilegum og fjörugum nýjum þætti. Allt sem þú vissir ekki um Fóstbræður, Stelpurnar, Steindann okkar, 70 mínútur og Vaktirnar.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is
HD





## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | | | 5 | | 9 | | 2 |
| 4 | | 5 | 6 | | 9 | | 3 | |
| 8 | | 9 | | 1 | | | | |
| | 8 | | 5 | 2 | | | 1 | |
| 9 | | 4 | | 8 | | | | |
| | | | | | | | | 4 |
| | | 7 | | 4 | 3 | 5 | 6 | |
| | | | | 6 | | 8 | | |
| | | | 1 | | 7 | 2 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 9 | | 8 | 3 |
| | 4 | | | 8 | | | | 2 |
| | | 9 | 7 | | 3 | | | |
| 7 | 1 | | | | | 9 | | |
| | | 6 | | 4 | 2 | | | |
| | | | | 6 | | | | |
| | 9 | | | 1 | | | 5 | 7 |
| 1 | | 2 | | | | 8 | | |
| 5 | 8 | | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | 1 | | | |
| | | 6 | | | 9 | 2 | 4 | |
| 8 | | | | | | | | 7 |
| 2 | | 8 | | | | | | 9 |
| | | | | 6 | | 3 | | 5 |
| | 9 | | | 5 | 8 | | | 2 |
| | | | 8 | | | | 7 | 1 |
| 5 | | | 3 | | | | | 4 |
| 9 | | | 6 | | 5 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 3 | 1 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 6 | 8 | 1 | 4 | 5 | 7 | 3 | 9 | 2 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 |
| 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 | 3 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 3 | 6 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 1 | 2 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 8 | 9 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 8 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 8 | 5 | 3 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 3 | 7 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 1 | 2 | 7 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 |
| 4 | 8 | 7 | 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 |
| 5 | 1 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 5 | 7 |
| 7 | 6 | 9 | 8 | 3 | 2 | 5 | 1 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 | 2 | 8 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 6 | 5 | 7 | 3 | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Því fáorðari sem bænin er þeim mun betri er hún.**

*Marteinn Lúther*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** spjall **6.** klukka **8.** spor **9.** inngangur **11.** slá **12.** óróleg **14.** rófa **16.** mun **17.** af **18.** skurðbrún **20.** pfn. **21.** réttur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt **3.** frá **4.** trjátegund **5.** hrökk við **7.** heimilistæki **10.** ar **13.** skarð **15.** rótartauga **16.** ílát **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** úr, **8.** far, **9.** dyr, **11.** rá, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** ku, **17.** frá, **18.** egg, **20.** ég, **21.** ragú.

**LÓÐRÉTT: 1.** júdó, **3.** af, **4.** barrtré, **5.** brá, **7.** ryksuga, **10.** ryk, **13.** rof, **15.** tága, **16.** ker, **19.** gg.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Henrik Danielsen (2510) vann Danann Martin Haubro (2201) laglega í næstsíðustu umferð Politiken Cup.**

**Svartur á leik**



35...f3! 36. Bxf3 Rf1+ 37. Hxf1 Bf4+ 38. Kh1 Bxf1 39. Bg2 Dg3. Hvítur gafst upp. Henrik hlaut 7 vinninga í 10 skákum. Indverjinn Negi (2643) sigraði á mótinu – fékk 9 vinninga.

**www.skak.is** Íslendingar að tafli á 5 alþjóðlegum mótum erlendis.

# SKÓLATILBOÐ



## Fartölvur í miklu úrvali

**79.989**

Verð áður 109.989

**ASUS F501A-XX289H**
- Fartölva með Intel Core i3 2350M örgjörva
- 4GB DDR3 minni
- 320GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA LED skjár
- Intel HD Graphics 3000 skjákort
- Netkort - Gigabit 10/100/1000 netkort
- 300Mbps þráðlaust netkort og Bluetooth 4.0
- Windows 8 64-BIT stýrikerfi
- USB 2.0, USB 3.0, HDMI, VGA, kortalesari o.fl.
- Li-ion rafhlaða, ending allt að 5 tímar




**max.is**

*Opið laugardag, en lokað á sunnudag og mánudag!*

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

# Syngja saman nýgift

Fjölbreyttir ljóðatónleikar eru í Selinu á Stokkalæk í kvöld og hefjast klukkan 20.

Hinir nýgiftu söngvarar Ruth Jenkins sópran og Andri Björn Róbertsson bassabarítón flytja ljóðatónleika í Selinu á Stokkalæk í kvöld 7. ágúst. Þau Ruth og Andri Björn hafa bæði verið við nám við Royal Academy of Music í London. Með þeim leikur Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari.

Dagskráin er fjölbreytt og inniheldur bæði íslensk lög og erlend. Af íslenskum má nefna Sjá, dagar koma eftir Sigurð Þórðarson og Augun mín og augun þín, íslenskt þjóðlag í útsetningu Jóns Ásgeirssonar.

Erlendu lögin eru eftir mörg rómuð tónskáld, svo sem Handel, Brahms, Schubert, Mendelssohn, Mozart, Tsjaíkovskí og Rossini, auk írsks þjóðlags í útsetningu Benjamins Britten. -gun


**SÖNGVARARNIR** Þau Andri Björn og Ruth Jenkins koma víða við í dagskránni á Stokkalæk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Alþjóðlegt ljóðaspjall

Hin svissneska Susana Gardner, skáld og útgefandi, spjallar og les ljóð í Bankastræti 7 annað kvöld.



Susana Gardner, ljóðskáld og útgefandi í Zurich í Sviss, er í stuttu stoppi á Íslandi og ætlar að spjalla um óhefðbundna útgáfu, alþjóðlegu ljóðasenuna og útgáfufyrirtæki sitt Dusie á farfuglaheimilinu Lofti í Bankastræti 7 (4. hæð) annað kvöld klukkan 20.

Dusie er alþjóðlegt ljóðatímarit á netinu sem birtir ljóð eftir þekkt og óþekkt skáld hvaðanæva að úr heiminum.

Spjallið fer fram á ensku og einnig mun Susana lesa nokkur ljóða sinna.

Dagskráin er skipulögð af Reykjavík bókmenntaborg UNESCO.

**SUSANA GARDNER** Ljóð eftir hana hafa birst bæði í vefútgáfum og prentmiðlum.

# Á mörkum sagnfræði og skáldskapar

Bjarki Bjarnason hefur sent frá sér sögulega skáldsögu sem gerist á Austurlandi á fyrri hluta 20. aldar. Hún heitir Sérðu harm minn, sumarnótt?

Ég er að lýsa samfélagi sem er horfið, hinu gamla bændasamfélagi sem forfeður mínir lifðu í. Langafi minn og langamma bjuggu á Kirkjubóli í Norðfirði, svo tóku afi og amma við búinu 1920. Móðir mín fæddist 1921 og hljóp þar um á sauðskinnsskóm. En um leið og ég segi ættarsögu segi ég þjóðarsögu. Samfélagið breyttist svo mikið á árunum frá 1920 til 1950. Það skall á kreppa og heimsstyrjöld en einnig tæknibylting,“ segir Bjarki Bjarnason um bók sína Sérðu harm minn, sumarnótt?, sem er nýkomin út hjá bókaútgáfunni Óðinsauga. Hann er að bruna inn í Ísafjarðarbæ þegar í hann næst í síma en var að lesa upp norður á Ströndum um helgina.

„Ég byrja að segja frá forföður mínum sem var kallaður Lyga-Gvendur. Hann hafði gaman af að búa til sögur. Tilvitnun í hann verður að einkunnarorðum bókarinnar: „Skáldskapur og sagnfræði, ja, hver er munurinn?“ Allt er á sagnfræðilegum grunni og allir heita sínum réttu nöfnum. Myndirnar í bókinni eru sönnun þess að fólkið sem ég minnist á var til en hvort setningarnar sem ég legg því í munn séu kórréttar er önnur saga. Ég leik mér á mörkum sagnfræði og skáldskapar.“

Bókin fjallar um margt fólk á Austurlandi, meðal annars ráðskonu sem fóðrar rottur, bónda sem hafði barist við indíána í Ameríku og skáldkonu sem stöðvar brennivínsdrykkju með magnaðri vísu. Einnig koma margar áður þekktar persónur við sögu, til dæmis Ólafur Friðriksson verkalýðsforingi, séra Jakob Jónsson, Ingi T. Lárusson tónskáld og Vilborg Dagbjartsdóttir skáld.

Eftir Bjarka liggja bækur af ýmsum toga, sagnfræðirit, ljóðabók, skáldsaga og barnabækur. Hann var aðalhöfundur bókanna um 18. og 19. öldina í ritröðinni Ísland í aldanna rás. Nýju bókina kveðst hann kalla skáldævisögu. „Það hefur verið í tísku að gefa út skáldævisögur, sem rithöfundar skrifa um sjálfa sig. Í mínum huga eru allir skáld, hvort sem þeir skrifa eða ekki, og því er þessi bók saga margra skálda.“

gun@frettabladid.is



**RITHÖFUNDURINN** „Myndirnar í bókinni eru sönnun þess að fólkið sem ég minnist á var til,“ segir Bjarki. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON





Ford

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ford Fiesta Trend 5 dyra, 1,0i bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 99 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn.
Ford Fiesta Titanium 5 dyra, 1,6i bensín 105 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 138 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja.
Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

**INFERNO** EFTIR **DAN BROWN**

# NÝ SPENNUSAGA EFTIR VINSÆLASTA HÖFUND Í HEIMI!

EFTIR HÖFUND
DA VINCI LYKILSINS

Æsispennandi bók sem þú leggur ekki frá þér fyrr en sagan er öll!




„Lesandinn er við það að springa af spennu."
NEW YORK TIMES

Þýðing: Arnar Matthíasson og Ingunn Snædal.

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

# Í fatla á frumsýningu

**Mariah Carey mætti á frumsýningu The Butler í leðurfatla eftir slys við tökur á tónlistarmyndbandi.**

Mariah Carey mætti í fatla á frumsýningu kvikmyndarinnar The Butler á mánudaginn en hún lenti í því leiðinlega óhappi að fara úr axlarlið við tökur á eigin tónlistarmyndbandi í síðasta mánuði. Carey, sem leikur þrælastúlku að nafni Hattie í myndinni, sagði í viðtali við sjónvarpsstöðina E! að hún væri að fara út úr húsi í fyrsta skipti í tvær vikur. „Ég er búin að fara í fleiri röntgenmyndatökur en gæinn sem fann upp röntgentæknina.“



**LÉT MEIÐSLIN EKKI STOPPA SIG** Mariah Carey mætti í fatla á frumsýningu The Butler. GETTY/NORDICPHOTOS

# Líkir þrumuguðinum við Dundee

**Leikaranum Chris Hemsworth finnst goðið á margan hátt líkt Krókódíla-Dundee. Hann fer með hlutverk Þórs í annað sinn í myndinni Thor: The Dark World.**

Ástralski leikarinn Chris Hemsworth prýðir forsíðu tímaritsins Esquire. Leikarinn fer með hlutverk þrumuguðsins Þórs í samnefndum myndum og í viðtalinu líkir hann persónu sinni við ástralska krókódílaveiðarann Krókódíla-Dundee.

„Maður vinnur vinnuna sína og gerir sitt besta,“ sagði Hemsworth um undirbúningsvinnuna. „En maður verður líka að læra að sleppa sér og gera persónuna að sinni eigin. Það sem var erfitt við fyrstu myndina var hið hrekklausa viðmót Þórs við öllu því sem á Jörðinni var. Mér fannst hann ekki ólíkur Krókódíla-Dundee; hann rekur á ókunnuga strönd, þekkir ekki svæðið og kann ekki að bregðast við aðstæðum. Hann er mjög voldugur í einum heimi en valdalaus í öðrum.“

Hemsworth fer með hlutverk Þórs í kvikmyndinni Thor: The Dark World sem frumsýnd verður í nóvember. Áður lék hann goðið í kvikmyndinni Thor árið 2011.



**GERÐI ÞÓR AÐ SÍNUM** Chris Hemsworth líkir goðinu við Krókódíla-Dundee í nýju viðtali. NORDICPHOTOS/GETTY









## CONTRABAND

**24** MILLJÓNIR DALA voru tekjur Contraband við frumsýningu myndarinnar.

**25** MILLJÓNIR DALA kostaði að framleiða Contraband.




## TWO GUNS

**27** MILLJÓNIR DALA voru tekjur myndarinnar um síðustu helgi.

**61** MILLJÓN DALA var framleiðslukostnaður myndarinnar.

**5** SÆTI yfir bestu frumsýningarhelgar Denzels Washington.

**6** SÆTI yfir bestu frumsýningarhelgar Marks Wahlberg.

# Baltasar bætir um betur með 2 Guns

**Aðsókn á mynd leikstjórans Baltasars Kormáks, 2 Guns, var meiri eftir frumsýningarhelgina vestanhafs en á síðustu Hollywood-mynd hans, Contraband.**

Kvikmynd Baltasars Kormáks, 2 Guns, var sú vinsælasta í bandarískum og kanadískum kvikmyndahúsum um síðustu helgi og halaði inn rúmum 27 milljónum dala, eða um 3,2 milljörðum króna.

Myndin kostaði 61 milljón dala í framleiðslu og náði hún því inn fyrir næstum því helmingi kostnaðarins þessa fyrstu helgi.

Árangur 2 Guns í miðasölunni um frumsýningarhelgina er betri en fyrri Hollywood-mynd leikstjórans, Contraband, náði þótt henni hafi einnig vegnað vel. Hún þénaði rúmar 24 milljónir dala yfir opnunarhelgina og endaði í rúmum 66 milljónum vestanhafs. Samanlagt þénaði myndin 96 milljónir dala úti um allan heim, sem er næstum fjórföldun á framleiðslukostnaðinum, sem nam 25 milljónum dala.

2 Guns er fimmta vinsælasta mynd stjörnunnar Denzels Washington hvað opnunarhelgi varðar en í efsta sæti er American Gangster með 130 milljónir dala. Myndin hlaut jafnframt meiri aðsókn en síðustu myndir hans, Unstoppable og The Taking of Pelham 1 2 3.

Í tilfelli hinnar stjörnu 2 Guns, Marks Wahlberg, er myndin sú sjötta vinsælasta. Á toppnum trónir Planet of the Apes með 180 milljónir dala.



**BALTASAR KORMÁKUR** Ferill leikstjórans hefur farið mjög vel af stað í Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTY

# ÚTSALAN

## HEFST Í DAG FRÁ KL. 09 -19




DKNY | BY MALENE BIRGER | GERARD DAREL | BRUUNS BAZAAR | UGG | BILLI BI | KRISTENSEN DU NORD | DEMOO
FRENCH CONNECTION | VENTCOUVERT | STRATEGIA | FREE LANCE | PLEASE | SAMSOE SAMSOE | COMME DES GARCONS







eva

Laugavegi 26 | s.512 1715 | www.ntc.is | verslunin eva á facebook

# Mannréttindi og sýnileiki

BAKÞANKAR
Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur



Nú, þá hljótið þið að þekkja Steffý og Hrefnu," sagði konan áhugasöm og leit til skiptis á mig og kærustuna mína. Við litum hvor á aðra og ég fór í huganum í gegnum samræður mínar við þessa ókunnugu konu. Ég hafði sagt henni frá náminu, sumarstarfinu, fjölskyldunni og svo þegar kærastan mín kom aðvífandi sagði ég konunni að hún væri í lögfræði. Steffý og Hrefna hringdu engum bjöllum á neinum þessara vígstöðva.

**VIÐ** litum aftur á konuna. „Voru þær í MR?" spurði ég og hún hallaði undir flatt: „Nei, þær eru að vestan. Fluttu í bæinn fyrir jól, með litla strákinn sinn. Búa reyndar í Kópavogi." Í smástund stóðum við allar þrjár skilningsvana. Svo rann upp fyrir mér ljós. „Nei, við þekkjum þær ekki."

**SVONA** samtöl fóru óstjórnlega í taugarnar á mér fyrir ekki svo löngu.

**Á** tímabili passaði ég mig alltaf á því, þegar ég kynntist nýju fólki, að minnast ekki strax á að ég ætti kærustu. Mér fannst ég missa jafnréttisstöðu mína. Ég hélt því fram að svona passaði ég að val mitt að vera með stelpu yrði ekki að aðalatriði en áttaði mig ekki á kaldhæðninni, því þannig varð það um leið að aðalatriði. Hjá mér. Ég sveigði samræðurnar viljandi fram hjá heimilishögum og sambandsstöðu bara af því að ég var svo skíthrædd um að viðmælandi minn dæmdi mig. Um leið dæmdi ég hann. Ég sé núna að ég var uppfull af fordómum, fyrir sjálfri mér og samborgurum mínum.

**GENGIN** er í garð hátíð mannréttindabaráttu. Hún er háð með ást og gleði, gegn hatri og mismunun. Og Íslendingar fjölmenna á hátíðarhöldin ár hvert. Við búum í landi þar sem það þykir ekki tiltökumál að vera hinsegin.

**HVERS** vegna þá Gay pride? Jú, því sýnileikinn er mikilvægur. Hann er stærsta vopnið í kærleiksríkri baráttu hinsegin fólks. Það er sífellt sýnilegra í dægurmenningu, sem eðlilegur hluti samfélagsins.

**AF** virðingu við hinsegin baráttuvini mína í Rússlandi stend ég því upp fyrir sjálfri mér, þeirra forréttinda aðnjótandi að þurfa ekki að óttast samlanda mína.

# Mynda nýju fatalínuna á Íslandi

Fatahönnuðurinn KALDA framleiðir nýja fatalínu en hún býr og starfar í Bretlandi. Silja Magg ljósmyndari myndaði nýjustu fatalínu KALDA.

Silja Magg ljósmyndari var fengin til þess að mynda nýja fatalínu íslenska merkisins KALDA. Silja starfar allajafna í Bandaríkjunum og í Bretlandi og hefur meðal annars myndað fyrir stórfyrirtæki á borð við Victoria's Secret Pink, Moncrief, Barney's, Bloomingdales og French Connection svo eitthvað sé nefnt. Silja myndaði nýja fatalínu fatahönnuðarins Katrínar Öldu Rafnsdóttur, eða Köldu eins og hún er betur þekkt, fyrir stuttu. Fyrirsætan Kolfinna Kristófersdóttir sat fyrir að þessu sinni. Silja hefur áður myndað Kolfinnu, meðal annars fyrir forsíðu Nýs Lífs í fyrra.

KALDA selur vörur sínar meðal annars í versluninni Liberty í Lundúnum en Katrín Alda og systir hennar Rebekka reka jafnframt verslunina Einveru við Laugaveg. - ósk



**TÍSKAN MYNDUÐ** Úr myndatöku Silju Magg fyrir KALDA. Á myndinni sjást þær Kolfinna Kristófersdóttir fyrirsæta og Silja Magg. MYND/KATRÍN ALDA



**EINFALT** George R.R. Martin, höfundur Game of Thrones, segir auðvelt að skrifa flottar kvenpersónur. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hlaðinn lofi

George R.R. Martin, höfundur bókaraðarinnar Game of Thrones, hefur verið hlaðinn lofi fyrir að skapa sterkar og áhugaverðar kvenpersónur í bókum sínum. Höfundurinn hefur oft verið spurður út í hvernig hann fari að því að skapa svona áhugaverðar kvenpersónur og segir hann svarið ofureinfalt: „Nú, ég hef alltaf álitið konur vera manneskjur," sagði rithöfundurinn í einu sjónvarpsviðtali.

# Orðaður við Batman

Tökur á myndinni Man of Steel 2 hefjast á næsta ári.

Leikstjórinn Zack Snyder stendur nú í ströngu við að finna nýjan Batman þar sem staðfest hefur verið að Christian Bale muni ekki fara með hlutverk ofurmennisins í kvikmyndinni Man Of Steel 2. Orðrómur hefur verið á kreiki þess efnis að sterklega komi til greina að hinn 46 ára gamli Josh Brolin leiki Batman í myndinni sem tekin verður upp á næsta ári. Myndin er framhald Man Of Steel, þar sem Superman var í aðalhlutverki, en sú síðari er byggð á bók Franks Miller, The Dark Knight Returns. Talsmenn Warner Brothers hafa gefið til kynna að Brolin komi sterklega til greina eftir að hafa unnið með honum í myndunum Gangster Squad og Jonah Hex. Brolin þykir afar harður og algert kameljón sem gott er að vinna með. Fast á hæla Brolins koma sjarmatröllið Ryan Gosling og Joe Manganiello sem lék í myndinni Magic Mike sem kom út árið 2012.



**SJARMÖR** Josh Brolin færi vel með hlutverk Batmans. NORDICPHOTOS/GETTY

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%



LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE WAY WAY BACK | 6, 8, 10.10 | 12 |
| ONLY GOD FORGIVES | 10.10 | 16 |
| STRUMPARNIR 2 | 3.50 3D | L |
| STRUMPARNIR 2 | 3.50, 6 2D | L |
| GROWN UPS 2 | 6, 8 | L |
| R.I.P.D. | 8 3D | 10 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 3.50 2D | L |
| THE HEAT | 10 | 12 |

SAMBÍÓIN
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| HUMMINGBIRD VIP | KL. 10:30 | VIP |
| RED 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 | VIP |
| GAMBIT | KL. 6 - 8:30 | 7 |
| PACIFIC RIM 3D | KL. 10:30 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 3:20 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENS TAL 2D | KL. 3:40 - 8 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 10:20 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 2D | KL. 4 TILBOÐ 400 KR. | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 3D | KL. 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| RED 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | 12 |
| PACIFIC RIM 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL | KL. 2D: 3:20 - 5:40 3D: 3 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| SMURFS 2 ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| GAMBIT | KL. 8 | 7 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| RED 2 | KL. 10:10 | 12 |
| GROWN UPS 2 | KL. 8 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| WOLVERINE 3D | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| WOLVERINE 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| RIPD 3D | KL. 10.20 | 10 |
| THE HEAT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| WAY WAY BACK | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| WOLVERINE 3D | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 5.40 – 8 | L |
| THIS IS THE END | KL. 10.20 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D | KL. 6 | L |
| ONLY GOD FORGIVES KL. 8 - 10 (16) / WOLVERINE 3D | KL. 10 | 14 |
| GROWN UPS 2 | KL. 6 - 8 | L |

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS MEDIA-PROGRAMME OF THE EUROPEAN UNION
Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS Icelandic Film Centre
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS



380
LEIKIR Í BEINNI ÚTSENDINGU!
SKY SPORT - 116 LEIKIR

# BARA Á ÍSLANDI

## ALLIR LEIKIR Í BEINNI ÚTSENDINGU

SPORT 2 HD 11. ÁGÚST

# ENSKI BOLTINN

Nú fer leiktíðin að hefjast - og þá getur allt gerst . Eru skórnir númeri of stórir fyrir David Moyes? Mun Jose Mourinho ná sömu hæðum með Chelsea og fyrr? Hvað gerir Manuel Pellegrini nýr stjóri Man. City? Tekst Liverpool að koma sér aftur í toppbaráttu? En strákarnir okkar? Verður þetta árið hans Gylfa hjá Tottenham? Mun Aron Einar slá í gegn með Cardiff? Munu Arsenal-menn hlaða púðri í fallbyssuna og ná að krækja í titilinn? Hvað gerir Rooney? Hver mun sanna sig, hver mun koma á óvart og hverjir munu falla? Allt stendur opið - allt getur gerst.
**Fylgstu með á Stöð 2 Sport 2 í leiftrandi háskerpu.**

OZ
Horfðu á leikina hvar sem er og hvenær sem er með OZ appinu

SPORT 2 HD

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is

ICELANDAIR · 10-11 · Coca-Cola

# SPORT

## Vorkenndi Blikunum



FH-ingurinn Sam Tillen hefur sínar skoðanir á leiktímanum í dag þegar FH mætir austurrísku meisturunum í Austria Vín í einum stærsta leik íslensks liðs í Evrópukeppni í langan tíma. Leikurinn hefst klukkan 16.00.

„Fólk þarf að taka sér frí frá vinnu, sem er kjánalegt. Það ætti að hjálpa íslensku liðunum og hafa leikina í fyrsta lagi klukkan 18,“ segir Sam. Honum finnst sömuleiðis ekki rökrétt að leikið sé í Pepsi-deild karla á sama tíma og þá fengu hvorki FH-ingar né Blikar leikjum sínum í deild og bikar um helgina frestað þrátt fyrir annir í Evrópu.

„Ég vorkenndi Blikunum gegn Fram því þeim er refsað fyrir að ná góðum árangri,“ segir Sam. Blikar lentu á Íslandi seinni part föstudags eftir langt ferðalag til Kasakstan. Blikar reyndu að fá leiknum gegn Fram frestað um einn dag en árangurslaust.

## Stærsti leikur sem ég hef spilað á ævinni

**FÓTBOLTI** „Eftir úrslitin í Vín eigum við ágæta möguleika. Kvöldið sem við slógum út Ekranas var yndislegt og það væri frábært að fá að upplifa slíkt kvöld aftur,“ segir Sam Tillen, leikmaður FH. Englendingurinn verður í eldlínunni með félögum sínum í dag gegn austurrísku meisturunum í Austria Vín.

FH tapaði fyrri leiknum ytra 1-0 þar sem liðið lá til baka og skapaði sér ekki mörg færi. „Á meðan við verjumst vel og höldum okkur inni í leiknum eigum við möguleika.“ Miklir fjármunir eru í húfi fyrir leik kvöldsins. Félagið sem kemst áfram verður hundruðum milljóna ríkara, tryggir sér sæti í riðlakeppni Evrópudeildar og er einu skrefi frá riðlakeppni Meistaradeildarinnar. „Þetta snýst ekki bara um peninga. Leikmenn vilja láta drauma sína rætast,“ segir Sam um það sem í húfi er. Um einstakt tækifæri sé að ræða fyrir leikmenn FH segir bakvörðurinn, sem minnist aftur kvöldsins þegar FH sló út Ekranas í Kaplakrika. „Maður minnist sigurtilfinningarinnar sem maður upplifir á slíkum kvöldum,“ segir Sam, sem var á sínum tíma á mála hjá Chelsea og spilaði með unglingalandsliði Englands.

„Hvað mig varðar er þetta stærsti leikur sem ég hef spilað á ævinni,“ segir Sam. Leikurinn hefst klukkan 16 í dag. -ktd



**SAM TILLEN**



**HAUKUR HELGI PÁLSSON** Mikilvægur fyrir íslenska liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Núna verð ég að passa mig

**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandsliðið mætir Rúmeníu í dag í öðrum leik sínum í undankeppni EM 2015 en strákarnir eiga harma að hefna eftir illa útreið á móti Búlgaríu.

Haukur Helgi Pálsson fékk lítið að vera með í Búlgaríuleiknum vegna villuvandræða. „Það er svekkjandi fyrir mig að geta ekki hjálpað liðinu meira. Ég lendi snemma í villuvandræðum og má ekki gera það núna. Núna verð ég bara að passa mig,“ segir Haukur Helgi, sem er lykilmaður í íslenska liðinu og þá sérstaklega varnarlega. Það er ekkert annað en sigur á dagskránni í dag.

„Það er klárt mál. Við þurfum að sýna okkar rétta andlit og spila eins og við höfum verið að gera upp á síðkastið. Við viljum ekki koma heim með tvo ósigra á bakinu,“ sagði Haukur, sem býst við spennandi leik. Hann er ekki búinn að afskrifa það að komast áfram.

„Það er alltaf möguleiki og við þurfum bara einbeita okkur að því að vinna þennan leik. Við verðum síðan bara að vona að Búlgarar misstígi sig þegar Rúmenarnir koma í heimsókn til þeirra. Þá veit maður aldrei hvað getur gerst. Við þurfum bara að vinna okkar leiki og það er ekkert meira sem við getum gert.“ - óój

## Fyrsti leikurinn er klukkan 17.30

**FÓTBOLTI** Fjórir leikir fara fram í Pepsi-deild karla í kvöld en 14. umferðin hófst með 2-1 sigri FH á ÍBV í Eyjum á laugardaginn.

Fyrsti leikur dagsins hefst klukkan 17.30 þegar Fram tekur á móti Val en færa varð leikinn svo liðsmenn Aktobe frá Kasakstan gætu æft á Laugardalsvellinum þar sem liðið mætir Breiðabliki í forkeppni Evrópudeildarinnar á morgun.

Þór tekur á móti KR á Þórsvellinum klukkan 18.00 og þá hefjast tveir leikir klukkan 19.15; Stjarnan-Fylkir og Keflavík-Víkingur Ó. - óój

## Ein vika í viðbót

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson ætlar að taka sér tíma til að meta hvort hann ætli að halda áfram sem landsliðsþjálfari kvenna.

Sigurður staðfesti í samtali við Vísi að hann hefði hitt Þóri Hákonarson, framkvæmdastjóra KSÍ, í gær og að Þórir hefði gefið Sigurði Ragnari í það minnsta viku til viðbótar til að velta framtíðinni fyrir sér. - ktd

# Ísland að taka yfir í Hollandi

Alfreð Finnbogason skoraði tvö mörk og lagði upp hin tvö í 4-2 sigri Heerenveen um helgina. Framherjinn, sem var orðinn örmagna í vor eftir langa vertíð á vellinum, viðurkennir að slúður um stærri félög kitli egóið.

**FÓTBOLTI** „AZ stóð sig vel á móti Ajax í meistarar meistaranna og því kannski búist við sigri af þeim. En við keyrðum bara nokkuð vel yfir þá,“ segir Alfreð Finnbogason, leikmaður Heerenveen. Alfreð byrjaði tímabilið í Hollandi um helgina með látum; tvö mörk og tvær stoðsendingar í 4-2 sigri á AZ Alkmaar. Á hinum endanum skoraði Aron Jóhannsson eitt og lagði upp annað.

„Ísland er bara að taka yfir í Hollandi,“ segir Alfreð léttur. Fimm Íslendingar spila í úrvalsdeildinni þar í landi en Alfreð minnir á að sex til sjö ungir leikmenn séu á mála hjá unglingaliðum líka.

„Ég held því að þetta sé það sem koma skal. Íslendingar verða mikið í hollensku deildinni, sem er jákvætt. Þetta er frábær deild til að vaxa og dafna í.“

Einn ungur og efnilegur, Albert Guðmundsson úr KR, samdi við Heerenveen á dögunum og æfir með unglingaliði félagsins.

„Hann getur lært heilmikið hér. Ef hann hefur sömu hæfileika og hugsun og pabbi sinn þá á hann alla möguleika á að ná langt.“ Albert er sem kunnugt er sonur Guðmundar Benediktssonar, sem lék á sínum tíma fyrir KR og Val.

### Langþráð sumarfrí

Alfreð skrifaði undir þriggja ára samning við hollenska félagið fyrir rétt tæpu ári. Þá hafði hann raðað inn mörkum hjá Helsingborg í Svíþjóð en sænska deildin er leikin yfir sumarið. Hann var í láni hjá Helsingborg frá Lokeren í Belgíu, þar sem hann spilaði áður en sænska deildin hófst. Þegar hollenska tímabilinu lauk í maí hafði Alfreð spilað nánast sleitulaust í vel á annað ár.

„Ég var hræddur þegar ég fór til Heerenveen um að það kæmi að tímapunkti þar sem ég myndi rekast á vegg og gæti ekki meira,“ segir Alfreð. Þrátt fyrir að hafa skorað 24 mörk í 31 leik með Heerenveen á leiktíðinni viðurkennir hann að hafa verið orðinn gríðarlega þreyttur undir lok tímabilsins.

„Það var frekar andleg þreyta en líkamleg. Ég náði ekki sama krafti og í upphafi tímabils.“

Alfreð segist hafa fengið þriggja vikna frí eftir leiki með íslenska landsliðinu í byrjun júní og nýtt það vel.

„Ég tók fyrst tvær vikurnar og gerði bókstaflega ekki neitt,“ segir Alfreð. Hann telur mikilvægt að leyfa hungrinu í fótboltann að koma aftur. Síðustu vikuna æfði hann með einkaþjálfara hér heima og sparkaði aðeins í bolta. Svo hélt hann til æfinga ytra.

„Eftir sjö til tíu daga af undirbúningstímabilinu var ég kominn í toppstand,“ segir Alfreð. Þriðji markahæsti leikmaðurinn virtist heldur betur vera það gegn AZ. Enginn annar skoraði tvö mörk í 1. umferðinni og er Alfreð því markahæstur í deildinni sem stendur.

### Næstelstur í byrjunarliðinu

Heerenveen hafnaði í áttunda sæti á síðustu leiktíð og féll úr leik í fyrstu umferð í umspili um sæti í Evrópudeildinni. Alfreð telur sína menn geta gert betur í ár.

„Það er auðvitað allt í blóma núna eftir sigur í fyrsta leik en ég held að við ættum að geta náð fimmta eða sjötta sæti. Tímabilið er þó langt og hlutirnir fljótir að breytast,“ segir Alfreð. Varalið félagsins varð meistari með yfirburðum í fyrra og voru fjórir úr liðinu í byrjunarliðinu gegn AZ.

„Við erum með ungt, ferskt og spennandi lið. Liðið er betra en í fyrra,“ segir Alfreð með þeim fyrirvara að liðið missi leikmenn í félagaskiptaglugganum sem verður lokað í ágústlok.

„Ungum og frískum strákum fylgir þó óstöðugleiki en þetta er jákvætt fyrir félagið.“ Alfreð var næstelsti leikmaðurinn í byrjunarliðinu á laugardaginn.

„Ég trúði því ekki þegar mér var sagt það. Mér fannst ég vera ungur og efnilegur bara í gær,“ segir hinn 24 ára gamli leikmaður og hlær.

„Það er greinilega liðin tíð. Það voru einhverjir eldri á bekknum en í byrjunarliðinu var bara annar miðvörðurinn eldri en ég.“

### Slúðrið kitlar egóið

Alfreð hefur ítrekað verið orðaður við stærri lið í Evrópu í sumar. Hann viðurkennir að vera orðinn þreyttur á að svara sömu spurningunum viku eftir viku, leik eftir leik en sér einnig jákvæðu hliðarnar.

„Það kitlar alltaf egóið að vita að félög vilji kaupa mann. Það sýnir að maður sé að gera eitthvað rétt. Maður verður samt að passa sig að hugsa ekki of langt fram á við og missa sjónar á raunveruleikanum.“ Hann sé opinn fyrir því að halda annað ef það er jákvætt fyrir hann, hann eigi möguleika á að bæta sig og kostirnir séu spennandi.

„Það hafa komið fjögur tilboð inn á borð sem hafa ekki verið samþykkt,“ segir Alfreð. Þar til tilboð verði samþykkt hafi það engan tilgang að velta málunum fyrir sér. „Það er tímasóun.“

Þrátt fyrir 4-2 tap skoraði Aron Jóhannsson sem fyrr segir annað mark AZ Alkmaar í leiknum og lagði upp hitt. Ekki ónýt byrjun hjá Íslendingnum sem kosið hefur að spila með Bandaríkjunum í framtíðinni. Alfreð segist vera í góðu sambandi við landa sinn.

### Aron ræður sínu lífi

„Ég vissi af þessari ákvörðun hans fyrir svolitlu síðan þannig að hún kom mér ekkert á óvart. Auðvitað myndi ég vilja hafa hann í okkar hóp og spila með honum fyrir Ísland.“ Alfreð segir fólk þó þurfa að átta sig á því að ákvörðun Arons var erfið og ekki tekin á einni nóttu. „Þetta er hans ferill og hans líf. Hann ræður hvað hann gerir við það. Þar á að setja punktinn.“

kolbeinntumi@365.is



**TVÖ MÖRK OG TVÆR STOÐSENDINGAR** Alfreð Finnbogason fór frábærlega af stað í hollensku deildinni. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

## Allt á fullt á HM íslenska hestsins í Berlín



**MIKIÐ FJÖR Á PÖLLUNUM** Íslenski fáninn var áberandi á pöllunum á HM í gær en keppni hófst þá á heimsmeistaramótinu. Mótið er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og þá má finna fréttir af mótinu á Vísi. MYNDIR/RUT SIGURÐARDÓTTIR



**EFSTUR Í FJÓRGANGI** Jóhann R. Skúlason sést hér á Hnokka frá Fellskoti.

# SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

**Hot Yoga ÁSKORUNIN kemur frá upphafsmanni Hot Yoga, Bikram Chouhury. Hann ráðleggur þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í hot yoga að stunda líkamsræktarkerfið á hverjum degi fyrstu 4 vikurnar, til að hámarka árangur sem og andlega og líkamlega vellíðan.**



Við skorum á þig að æfa Hot Yoga á hverjum degi í 4 vikur og árangurinn mun ekki láta á sér leyna.

## 14.900 KR.

**Aðalumsjón og kennari er Jóhanna Karlsdóttir.**
Jóhanna kláraði hæstu gráðu í Yoga fræðum á vegum Yoga Alliance eða alþjóðlegu Yoga-samtökunum. Hún hefur einnig sótt mörg námskeið hjá reynslumiklum og þekktum Yoga-kennurum um allan heim.

**Hvort sem þú ert íþróttamaður, almennur líkamsræktariðkandi eða byrjandi í líkamsrækt, þá er Hot Yoga algjörlega málið fyrir þig.**

**Hot Yoga áskrift:**
6 mán. = 11.900 kr. á mánuði
12 mán. = 7.900 kr. á mánuði
10 tíma klippikort = 12.000 kr. / 8.500 kr. fyrir meðlimi.



**Margrét Lára Viðarsdóttir knattspyrnuhetja stundar Hot Yoga í Sporthúsinu:**

„Ég mæli hiklaust með því fyrir alla íþróttamenn sem vilja ná langt í sinni íþrótt að stunda Hot Yoga samhliða hefðbundnum æfingum sínum. Í Hot Yoga styrkir þú vöðva sem erfitt er að ná til í hefðbundnum æfingum. Þú lærir einnig að slaka á vöðvunum og teygja þá, eitthvað sem gleymist oftast í daglegu amstri.

Ég finn mikinn mun á mér líkamlega sem og andlega þegar ég stunda Hot Yoga í Sporthúsinu. Æfingarnar hjálpa mér að draga úr meiðslum og þær gefa mér einnig aukna getu á æfingum og í leikjum.

Hot Yoga ætti að vera í æfingaprógrammi hjá öllum afreksíþróttamönnum."

| **mán.** | **þri.** | **mið.** | **fim.** | **fös.** |
|---|---|---|---|---|
| 6:15 (60 mín) | | 6:15 (60 mín) | | 6:15 (60 mín) |
| 9:00 (60 mín) | | 9:00 (60 mín) | | 9:00 (90 mín) |
| | 12:00 (60 mín) | | 12:00 (60 mín) | |
| 17:30 (90 mín) | | 17:30 (90 mín) | | 17:30 (75 mín) |
| | 18:15 (90 mín) | | 18:15 (90 mín) | |
| 19:30 (60 mín) | | 19:30 (60 mín) | | |
| | 20:00 (75 mín) | | 20:00 (75 mín) | |

**Laugardaga** stakur tími (90 mín.) 1.700 kr. / 1.000 kr. fyrir meðlimi

Nánari upplýsingar og skráning á www.sporthusid.is, s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is
Sporthúsið • Dalsmára 9 - 11 • 201 Kópavogi • S. 564 4050

FÍTON/AUGLÝSINGASTOFA

þín þróun...



www.hotyoga.

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 21.35
**Mistresses**



Mistresses er glæný, bandarísk þáttaröð sem hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Þættirnir eru byggðir á samnefndum breskum þáttum sem slógu í gegn á BBC fyrir nokkrum árum og fjalla um fjórar vinkonur sem hafa kynnst framhjáhaldi með einum eða öðrum hætti. Þættirnir hafa fengið mjög góðar viðtökur í bandarísku sjónvarpi í sumar.



### New Girl
**STÖÐ 2 KL. 20.25** Önnur þáttaröðin af þessum frábæru gamanþáttum sem fjalla um Jess og þrjá skemmtilega en ólíka sambýlismenn hennar, þá Nick, Schmidt og Winston.

TV.COM 8,0 IMDb 7,8



### Private Practice
**RÚV KL. 20.05** Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Þátturinn segir frá Addison Montgomery og læknateymi hennar. Dr. Montgomery bregður einnig fyrir í hinum geysivinsælu þáttum Grey's Anatomy.

TV.COM 8,4 IMDb 5,9



### The Simpsons
**POPPTÍVÍ KL. 19.45** Í þessum lokaþætti þáttaraðarinnar förum við á bak við tjöldin og rifjum upp skin og skúrir í lífi þessarar vinsælu bandarísku fjölskyldu frá Springfield.

TV.COM 9,1 IMDb 8,7

### Bylgjan kl. 16.00-18.30
**Reykjavík síðdegis**



Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar.






## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle** (18:22)
**08.30 Ellen** (16:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (125:175)
**10.15 Spurningabomban** (5:21)
**11.05 Glee** (6:22)
**11.50 Grey's Anatomy** (23:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (8:8)
**13.25 Covert Affairs** (10:11)
**14.10 Chuck** (8:24)
**14.55 Last Man Standing** (5:24)
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Tricky TV** (23:23)
**16.05 Kalli kanína og félagar**
**16.25 Ellen** (17:170)
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** (10:22)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** (6:24)
**19.35 Modern Family**
**20.00 2 Broke Girls** (10:24)
**20.25 New Girl** (21:25)
**20.50 Dallas**
**21.35 Mistresses** (1:13) Frábærir dramaþættir sem fjalla um fjórar vinkonur sem hafa ólíkar þarfir og þrár þegar kemur að samskiptum við hitt kynið. Þættirnir eru frá handritshöfundum Gossip Girl og eru byggðir á samnefndum breskum þáttum sem slógu í gegn á sínum tíma.
**22.20 Miami Medical** (7:13)
**23.05 Revolution** (19:20)
**23.45 Person of Interest** (1:22)
**00.30 Breaking Bad** (7:8)
**01.15 Grimm** (17:22)
**02.00 Fringe** (19:22)
**02.45 Mirrors 2**
**04.10 Trailer Park Boys: The Movie**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TíVí

**19.00 Friends** (16:24)
**19.25 Two and a Half Men** (9:24)
**19.45 The Simpsons** (22:22)
**20.05 Suburgatory** (3:22)
**20.25 Suburgatory** (4:22)
**20.50 Arrow** (3:23)
**21.30 Arrow** (4:23)
**22.10 Friends** (16:24)
**22.35 Two and a Half Men** (9:24)
**22.55 The Simpsons** (22:22)
**23.20 Suburgatory** (3:22)
**23.40 Suburgatory** (4:22)
**00.05 Arrow** (3:23)
**00.45 Arrow** (4:23)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00 Árni Páll** Menn herða sig í stjórnarandstöðu.
**20.30 Tölvur, tækni og kennsla** Netkennslumeistarinn.
**21.00 Veiðin og Bender** Árnar fulla af fiski, vantar veiðimenn.
**21.30 Á ferð og flugi** Hvernig tröppum við fjölgun ferðamanna?

## SPORT *besta sætið*

**11.30 Fimmgangur (F1) Forkeppni í Formúlu 1.**
**15.20 Samantekt**
**15.50 FH - Austria Vienna**
**18.00 Fram - Breiðablik** Útsending frá leik Fram og Breiðabliks í undanúrslitum Borgunarbikars karla.
**19.40 ÍBV - FH** Útsending frá leik ÍBV og FH í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**21.30 Samantekt**
**22.00 Pepsi mörkin 2013** Mörkin og marktækifærin í leikjunum í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**23.15 FH - Austria Vienna**
**00.55 Pepsi mörkin 2013**
**02.10 Samantekt**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Manstu** Skemmtilegur spurningaleikur um enska boltann í umsjón Guðmundar Benediktssonar. Þetta er fjórugur þáttur á léttum nótum þar sem gleðin verður í fyrirrúmi og allir vinna.
**17.45 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea (1997)**
**18.20 Football League Show 2013/14** Sýndar svipmyndir úr leikjum í næstefstu deild enska boltans.
**18.55 Club Friendly Football Matches** BEINT frá leik Valerenga og Liverpool.
**21.00 Cerezo Osaka - Man. Utd.** Útsending frá leik Cerezo Osaka og Manchester United.
**22.40 PL Classic Matches: Wimbledon - Newcastle (1995)**
**23.10 Club Friendly Football Matches** Útsending frá leik Arsenal og Galatasaray á Emirates mótinu.

## krakkar

**07.00** Lalli **07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Kai Lan **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **10.20** Áfram Diego, áfram! **10.40** Histeria! **11.00** Doddi litli og Eyrnastór **11.10** Ofuröndin **11.35** Lalli **11.40** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.15** Kai Lan **12.35** Svampur Sveinsson **13.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Strumparnir **14.10** Waybuloo **14.50** Áfram Diego, áfram! **15.15** Histeria! **15.35** Doddi litli og Eyrnastór **15.45** Lalli **15.50** Lalli **15.55** Refurinn Pablo **16.00** Litlu Tommi og Jenni **16.25** Kai Lan **16.45** Svampur Sveinsson **17.10** Dóra könnuður **17.55** Strumparnir **18.20** Waybuloo **19.00** Áfram Diego, áfram! **19.50** Doddi litli og Eyrnastór

## GULL

**20.00 Einu sinni var** (16:22)
**20.30 Örlagadagurinn** (9:30)
**21.05 Grey's Anatomy**
**21.50 Lois and Clark** (6:22)
**22.35 Einu sinni var** (16:22)
**23.05 Örlagadagurinn** (9:30)
**23.40 Grey's Anatomy**
**00.25 Lois and Clark** (6:22)
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**12.25 The Prince and Me 4**
**13.55 Bob the Butler**
**15.25 Tower Heist**
**17.10 The Prince and Me 4**
**18.45 Bob the Butler**
**20.15 Tower Heist**
**22.00 Tree of Life**
**00.15 Other Side of the Tracks**
**01.45 Planet of the Apes**
**03.45 Tree of Life**

## RÚV

**16.10 Landsmót UMFÍ** *(e)*
**16.40 Læknamiðstöðin** *(18:22) (Private Practice V) (e)*
**17.25 Friðþjófur forvitni** *(1:10)*
**17.50 Geymslan** *(12:28) (e)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Frá Svíþjóð til himins** *(5:8) (e)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Hrefna Sætran grillar** *(6:6) (e)*
**20.05 Læknamiðstöðin** *(3:13) (Private Practice)*
**20.50 Mótorsystur** *(2:10) (Motorsystrar)*
**21.05 Lottóhópurinn** *(4:5) (The Syndicate)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 HM íslenska hestsins** Heimsmeistaramót íslenska hestsins fer að þessu sinni fram í Berlín. Fjallað verður um alla keppnisdaga mótsins í samantektum á RÚV. Umsjónarmaður er Samúel Örn Erlingsson.
**22.30 Kvöldstund með Jools Holland** *(Later with Jools Holland)*
**23.35 Stanislaw** Gamanmynd sem fjallar um samband ungs Pólverja við tengdaföður sinn. Myndin er skrifuð sem ádeila á viðhorf Íslendinga gagnvart fólki af erlendum uppruna. Myndin er ekki við hæfi barna.
**00.00 Lífið einn dag** *(Life in a Day) (e)*
**01.30 Fréttir**
**01.40 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos** *(17:44)*
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(22:25)*
**08.00 Cheers** *(8:25)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 The Good Wife** *(13:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Britain's Next Top Model** *(9:13)*
**19.10 America's Funniest Home Videos** *(18:44)*
**19.35 Everybody Loves Raymond** *(23:25)*
**20.00 Cheers** *(9:25)*
**20.25 Psych** *(13:16)*
**21.10 Monroe - NÝTT** *(1:6)* Bresk þáttaröð sem naut mikilla vinsælda og fjallar um taugaskurðlækninn Gabriel Monroe. Kona sem ber barn undir belti kemur til Monroe ásamt eiginmanni sínum og þarfnast hjálpar.
**22.00 Common Law** *(13:13)*
**22.50 The Borgias** *(5:10)*
**23.35 House of Lies** *(7:12)*
**00.05 Leverage** *(10:16)*
**00.50 Lost Girl** *(19:22)*
**01.35 Excused**
**02.00 Monroe** *(1:6)*
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.15** World Golf Championship 2013 *(3:4)* **12.15** Golfing World **13.05** World Golf Championship 2013 *(3:4)* **17.05** PGA Tour - Highlights *(24:45)* **18.00** Golfing World **18.50** LPGA Highlights *(11:20)* **20.10** Champions Tour - Highlights *(16:25)* **21.05** Inside the PGA Tour *(30:47)* **21.30** Inside the PGA Tour *(31:47)* **21.55** Golfing World **22.45** PGA Tour - Highlights *(24:45)* **23.40** Champions Tour - Highlights *(16:25)* **00.35** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# ÚTSÖLUMARKAÐUR HÁTÆKNI

Sjónvörp, heimabíó, hljómflutningstæki, farsímar, ísskápar, eldavélar, þvottavélar, tölvur, tölvuaukahlutir, brauðristar, kaffivélar, aukahlutir fyrir farsíma, útvarpsvekjaraklukkur, talstöðvar, fartölvutöskur, tölvuleikir, leikjatölvur og margt fleira.

HÖFUM BÆTT VIÐ NÝJUM VÖRUM

## LOKADAGAR

LG 42" plasmasjónvarp HD Ready
~~149.995~~ 109.995

X-Box 360 Slim 250GB
~~65.995~~ 39.995

Myndarammi stafrænn 7"
~~10.995~~ 4.995

Contour Roam Action Camera
~~46.995~~ 24.995

LG 42" Full HD LED Smart TV
~~189.995~~ 129.995

LG þvottavél 7 kg. 1200 snúninga
Frábært verð 79.990

TDK iPod dokka með útvarpi og klukku
~~13.995~~ 7.995

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR!




Nýbýlavegi 6 – Opnunartími mánudaga–föstudaga 12–19, laugardaga 12–17

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 132236

## GRILLMATURINN



**„Uppáhaldsgrillmaturinn minn er án efa kjúklingabringur með taílenskri chili-marineringu með piparsósu og sætum kartöflum.“**

Andrea Röfn Jónasdóttir, fyrirsæta og bloggari á Trendnet.is

# Sagði skilið við „alteregóið“ úr poppinu

Nýtt lag Magnúsar Jónssonar samdi hann á kassagítar og dreifði á Youtube. Lagið er hrátt og einfalt.

„Ég hef verið að gera danstónlist undanfarin ár og langar til þess að hvíla mig á því í bili,“ segir Magnús Jónsson, leikari og tónlistarmaður. Magnús, sem margir þekkja úr þáttunum Réttur og hljómsveitinni Gus Gus, var að gefa út nýtt lag þar sem hann segir skilið við „alteregóið“ sitt úr poppheiminum. „Nýja lagið, My Everything, er samið á kassagítar og ég flyt það síðan yfir í tölvuna. Þetta er eitthvað sem ég hef ekki gert síðan í Silfurtónum hér í gamla daga. Ég er eflaust opnari og einlægari en áður. Kassagítarinn fær mann til þess að svara tilfinningum sínum betur.“

Aðspurður segist Magnús nú vilja semja undir eigin nafni, en margir muna eflaust eftir honum úr rafdúettnum BB&Blake þar sem hann, ásamt Veru Sölvadóttur, gaf út plötu árið 2010. Til að byrja með ætlar hann að dreifa tónlistinni á Youtube og segir hann það koma sér vel þar sem hann geti hægt og rólega þróað tónlistina samhliða því að koma henni á framfæri. Hvað varðar myndbandið við lagið segir Magnús að það sé í stíl við tónlistina, hrátt og einfalt. „Ég tók myndbandið upp á gamla myndbandsupptökuvél einn og óstuddur, ég vildi hafa það í stíl við lagið.“ Magnús segist ekki vita hvenær aðdáendur megi eiga von á nýju plötunni. „Ég fer svolítið fram og til baka með það, þetta á allt eftir að skýrast betur með tímanum,“ segir Magnús Jónsson að lokum. - áo



**EINLÆGUR** Magnús Jónsson semur ný lög á kassagítar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓRBIRKISSON



**DRAGGDROTTNING ÍSLANDS** Simon Cramer Larsen er ríkjandi draggdrottning Íslands. Hann krýnir arftaka sinn í kvöld. MYND/BRJÁNN BALDURSSON

# Krýnir arftaka sinn í draggkeppni í kvöld

Simon Cramer Larsen er ríkjandi draggdrottning Íslands. Keppnin fer fram í sextánda sinn í kvöld.

„Shady Jones varð til fyrir þremur árum síðan og er blanda af nokkrum persónum. Nafnið er fengið úr laginu Shady Lady, sem var framlag Úkraínu í Eurovision árið 2008, og frá Samönthu Jones, úr þáttunum Sex and the City. Persónan hefur þróast síðustu þrjú ár frá því að vera ljúf og góð yfir í að vera frökk og þorin,“ segir Simon Cramer Larsen, draggdrottning Íslands árið 2012. Hann krýnir arftaka sinn í kvöld er Draggkeppni Íslands fer fram í sextánda sinn í Eldborgarsal Hörpu.

Simon, sem er danskur og starfar sem framhaldsskólakennari, segir undirbúning fyrir keppnina í fyrra hafa tekið marga mánuði enda þurfti að æfa atriðið vel og hanna búninginn. „Ef maður vill gera þetta vel krefst þetta mikillar vinnu. Keppnin hefur vaxið síðustu ár og er orðin mjög metnaðarfull. Það er augljóst að keppendur leggja mikið í atriðin, sem bera flest vott um mikið ímyndunarafl.“

Aðspurður segir Simon að enginn rígur sé á milli keppenda, heldur séu allir miklir vinir sem hjálpist að. „Það virðist kannski vera mikill rígur á milli drottninganna þegar við erum á sviðinu en baksviðs hjálpast allir að,“ segir hann.

Þetta er í síðasta sinn sem Simon hyggst taka þátt í keppninni þótt hann útiloki ekki endurkomu síðar meir. „Maður á aldrei að segja aldrei. En ég held að það sé tími til kominn að taka hlé. Besti vinur minn tekur þátt á næsta ári og ég hef lofað því að aðstoða hann.“

Keppnin hefst klukkan 21. - sm



**SIMON CRAMER LARSEN** er draggdrottning Íslands árið 2012.

**4** klukkustundir fara í að breyta Simoni í Shady Jones. 2 fara í förðun, 1 í hárið og loks þarf að klæða hann í búninginn.

# Feðgin vinna að gerð nýrra sjónvarpsþátta

Lára Ómarsdóttir og Ómar Ragnarsson vinna að gerð nýrra ferðaþátta fyrir sjónvarp. Lára segir samstarfið við föður sinn hafa gengið ljómandi vel.

„Þátturinn ber vinnuheitið Fjarðarstiklur, þannig þeir verða eitthvað í anda Stiklanna. Við pabbi förum á staði sem gætu verið áhugaverðir fyrir Íslendinga, og aðra, að heimsækja. Þetta eru allt staðir sem eiga það til að gleymast, ólíkt Þingvöllum og Mývatni,“ útskýrir fréttakonan Lára Ómarsdóttir. Hún vinnur nú að gerð sjónvarpsþátta ásamt föður sínum, Ómari Ragnarssyni. Þættirnir eru fræðandi ferðaþættir í anda hinna vinsælu sjónvarpsþátta Ómars, Stiklur.

Hugmyndin að þáttunum er frá Láru komin og eru þeir byggðir á svonefndum „mömmuferðum“ sem hún og börnin hennar fara í á hverju ári. „Ég fer alltaf með börnin mín í „mömmuferðir“ og reyni þá að taka fyrir svolítinn bút af landinu og sýna þeim áhugaverða staði sem þar er að finna og tvinna inn í sögu staðarins og annan fróðleik. Þetta eru fræðandi ferðir og þættirnir eiga að vera fræðandi ferðaþættir,“ segir hún glaðlega.

Lára er þáttastjórnandi Fjarðarstikla en hittir föður sinn á hinum ýmsu stöðum sem hann þekkir vel til. Þetta er í fyrsta sinn sem feðginin starfa saman og segir Lára að samstarfið hafi gengið ljómandi vel. „Þetta er búið að vera virkilega gaman. Við höfum aldrei unnið saman áður og samstarfið hefur gengið ljómandi vel. Pabbi er búinn að vera mjög þægilegur og bara einu sinni gleymt sér í smástund,“ segir hún og hlær.

Lára ekur á milli tökustaða en Ómar kýs heldur að fljúga. Hann hefur þó neyðst endrum og sinnum til þess að sitja með henni í bílnum. „Hann sat í með mér þegar við fórum upp í Hvalfjörð, þá tók því ekki að fljúga. Ég held það hafi verið í fyrsta sinn sem hann hefur verið farþegi í bíl með mér. Svo getur hann auðvitað ekki keyrt heim að bæjum í flugvél og þá fær hann far með mér.“

Þættirnir verða sýndir í Sjónvarpinu á nýju ári og er tilgangur þeirra að gefa fólki hugmynd að skemmtilegum ferðastöðum fyrir næsta sumar.



**GOTT SAMSTARF** Lára Ómarsdóttir vinnur að gerð nýrra ferðaþátta ásamt föður sínum, Ómari Ragnarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

➜ Stiklur Ómars Ragnarssonar voru framleiddar af Sjónvarpinu og nutu gríðarlegra vinsælda.

sara@frettabladid.is





AUDI Q5 QUATTRO

Árgerð 2009, 211 hestafla bensínvél, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, ekinn 84 þús. km.

Aksturstölva, Xenon aðalljós, leðuráklæði, loftkæling, álfelgur, hiti í sætum, hraðastillir, þjófavörn, dráttarbeisli o.fl.

Verð 6.290.000 kr.

Tilboðsverð 5.890.000 kr.

Afborgun 52.900 kr.*

*M.v. 3.500.000 innborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 60 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 12,2%.

ergo

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is Opið virka daga kl. 10-18

ASKJA

# STALDRAÐU VIÐ
## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



# Stök námskeið á meistarastigi
## við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum í samstarfi við deildir Háskóla Íslands hefur fallið í góðan jarðveg og höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum til meistaragráðu.

**Umsóknarfrestur er til 12. ágúst næstkomandi**

### HAGFRÆÐIDEILD

- Fjármálatölfræði
- Hagfræði og stærðfræði fjármálamarkaða
- Hagfræðileg ákvörðunartaka
- Heilsuhagfræði I
- Kostnaðar- og nytjagreining
- Rekstrarhagfræði D
- Rekstrarhagfræði H fyrir meistaranema
- Stærðfræði D
- Þjóðhagfræði í meistaranámi I

### FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

- Kenningar í afbrotafræði
- Rannsóknaraðferðir félagsvísinda

### MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐIDEILD

- Framleiðslutækni matvæla
- Matur og menning
- Matvælaöryggi

### GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

- Dulúð og kristin íhugun - valnámskeið í Diplomalínu
- Sálgæsla barna og unglinga - valnámskeið í Diplomalínu
- Sálgæsla í fjölskyldum - skyldunámskeið í Diplomalínu

### LÆKNADEILD

- Almenn aðferðafræði í rannsóknum
- Almenn tölfræði í rannsóknum

### HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

- Klínísk færni í fjölskylduhjúkrun
- Kroppurinn, kynlíf og kynheilsa

### UPPELDIS- OG MENNTUNARFRÆÐIDEILD

- Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra
- Greining á fræðsluþörfum í símenntun

### STJÓRNMÁLAFRÆÐIDEILD

- Forysta og breytingastjórnun í opinberum rekstri - hlutverk stjórnenda

### VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

- Afleiður og áhættustýring
- Alþjóðaviðskipti
- Alþjóðlegur skattaréttur
- Eignastýring og verðlagning
- Endurskoðun - I. hluti
- Endurskoðun - III. hluti
- Fjárhagsupplýsingakerfi
- Fjármála- og eiginfjárgerningar
- Fjármuna- og félagaréttur
- Fjármögnun fyrirtækja
- Forysta og leiðtoginn
- Greining ársreikninga
- Inngangur að rekstri – Undirbúningur fyrir meistaranám
- Mannauðsstjórnun
- Markaðsáherslur og markaðshneigð
- Markaðssetning á netinu
- Samkeppnishæfni
- Samskipti á vinnumarkaði
- Sáttamiðlun
- Skipulag og atferli
- Starf stjórnandans, forysta og samskipti
- Stefnumiðuð markaðsfærsla
- Stjórnunar- og eftirlitskerfi
- Viðskiptasiðfræði
- Þættir í eigindlegri aðferðafræði
- Þættir í tölfræði

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



WOW MOMENT
TAKTU ÞÁTT Á WOW.IS


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Nýtur lífsins á Ítalíu

Söngkonan **Þórunn Antonía** nýtur lífsins á ítölsku rívíerunni þessa dagana, nánar tiltekið í bænum Positano. Þar er hún stödd ásamt vinkonum sínum, þeim Ylfu Geirsdóttur, Öllu Egilsdóttur og **Sólveigu Káradóttur**. Þessi fríði vinkonuhópur virðist vera einstaklega samheldinn, en þegar Sólveig gekk að eiga bítlasoninn Dhani Harrison í Bretlandi síðasta sumar voru þær Þórunn, Ylfa og Alla einmitt brúðarmeyjar. -þþo



### Íslenskar myndir í brennidepli

Íslenskar kvikmyndir eru í brennidepli á kvikmyndahátíð sem fram fer í borginni Poznan í Póllandi um þessar mundir. Fjórar af þeim fimm kvikmyndum sem sýndar eru í flokknum New scandinavian cinema eru íslenskar.

Myndirnar sem um ræðir eru Djúpið, Svartur á leik, Eldfjall og Á annan veg. Þær voru allar valdar inn á hátíðina í samstarfi við stjórnendur Riff. Einnig eru **Hrönn Marinósdóttir**, stjórnandi Riff, og Elísabet Ronaldsdóttir, sem situr í stjórn Riff, gestir hátíðarinnar í Poznan. Aðrir gestir hátíðarinnar eru meðal annars Thurston Moore og Íslandsvinurinn Yoko Ono. - sm



## Mest lesið Vísir

1 „Það verður ekki aftur snúið“ - Hjartagarðinum lokað
2 Ósátt eiginkona
3 Rihanna í rosalegu bikiníi
4 160 milljónir í verðlaunafé
5 Ertu fíkill?
6 Gestafjöldamet sett í Selárlaug
7 Ég er háð súlum





